

INGA BJÖRK ANDRÉSDÓTTIR
Óhrædd við litríkar og öðruvísi flíkur
tíska heimili heilsa
allt í MIÐJU BLAÐSINS



LANDIÐ MITT
Tekist á við náttúruöflin
Sérblaðið Landið mitt
FYLGRIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. maí 2008 — 130. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Syngjandi stjórnar undir stýri

Strætókórinn fagnar hálfri aldar afmæli.
TÍMAMÓT 38




Fölsunarmálið gert upp

Í næsta hefti Skírnis gera Viktor Smári Sæmundsson forvörður og Sigurður Jakobsson efnafraeðingur upp aðkomu sína að stóra málverkafölsunarmálinu.
FÓLK 58

Fegurðardís í flugstjórn

Sif Aradóttir, fyrrverandi ungrú Ísland, er yngsti starfandi flugumferðarstjóri landsins.
FÓLK 66



Pálmi Rafn með þrennu

Íslandsmeistarar Vals eru komnir á sigurbrautina í Landsbankadeild karla.
ÍPRÓTTIR 62



VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM HÆGVIÐRI í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Skýjað á Vestfjörðum og suðaustan til og úrkomulítið, annars hálf- eða léttskýjað. Hiti 5-16 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.
VEÐUR 4

Frásögn af nauðgun og hótun um skotárás til rannsóknar

Lögreglan rannsakar vefsfærslur þar sem fimmtán ára stúlka lýsir nauðgun af hendi fósturföður síns og unglingspilts sem hótar að skjóta bekkjarfélagi sína. Forstjóra Barnaverndarstofu er brugðið.

LÖGREGLUMÁL „Við erum að rannsaka málið, við getum ekki setið með hendur í skauti þegar við sjáum svona,“ segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar tvær óhugnanlegar færslur unglunga á netinu. Önnur var birt á hvítasunnudag og þar segir fimmtán ára stúlka að sér hafi verið nauðgað af fósturföður sínum meðan móðir hennar lá á spítala. Segir hún að móðir sín og maðurinn hafi verið í sambúð í sjö ár og allan þann tíma hafi hann misnotað sig.

Hægt er að rekja færsluna til tölvunnar sem hún var send úr. „Ef þetta er hreinn og beinn skáldskapur þá er ekki mikið annað að gera en útskýra fyrir viðkomandi ábyrgðina sem fylgir því að birta svona fyrir alþjóð,“ segir Björgvin.

Í gær var svo birt færsla þar sem unglingspiltur segir það aðeins tímaspursmál hvenær hann fari yfir um og skjóti bekkjarfélagi og sprengi sig svo í loft upp í Alþingishúsinu. „Ég tel fulla ástæðu til að taka þetta alvarlega,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögrelupjónn

rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Við þekkjum svona skrif frá nágrannalöndunum þar sem grunnskólar hafa orðið fyrir árásum nemenda. Við munum rannsaka þetta.“

Braga Guðbrandssyni, forstjóra Barnaverndarstofu, var brugðið þegar blaðamaður las upp færslu stúlkunnar um kynferðislega misnotkun stjúpöðursins. „Það er reyndar afar óalngengt að fórnarlömb tjái sig með þessum hætti en mér finnst eins og að á bak við þessi orð búi einhver reynsla sem viðkomandi

þyrfti að fá að vinna úr.“ Bragi fagnar því að lögregla hafi málið til rannsóknar og segir Barnaverndarstofu munu verða í sambandi við lögregluna ef þörf krefur.

Björgvin og Friðrik Smári eru sammála um að ekki komi til greina að loka vefsíðunni ef í ljós kemur að um grátt gaman hafi verið að ræða, eða ef sýnt þykir að færslurnar hvetji til afbrota eða óæskilegrar hegðunar. „Það ber að fara varlega í að loka síðum, það þyrfti verulega sterk rök til þess,“ segir Friðrik Smári.

- jse



SÓLSTRANDARGÆJAR Bræðurnir Gabriel Aron og Mikael Máni Sigurðarsynir leituðu ævintýra á ylströndinni í Nauthólsvík í gær-dag. Eins og flestir landsmenn eru piltarnir afskaplega fegnir að sumarið sé komið.
FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

Baugsmálið í Hæstarétti: Mögulega aftur fyrir héraðsdóm

BAUGSMÁL Hæstiréttur gæti ákveðið að senda hluta Baugsmálsins, eða málið í heild, aftur til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur vegna skorts á rökstuðningi í ákveðnum ákæruliðum. Þetta er mat Brynjars Nielssonar, verjanda eins sakborninga. Hann segir þó ólíklegt að til þess komi.

Tveggja daga málflytningur í Baugsmálinu hófst í Hæstarétti í gær. Málið hefur verið í gangi fyrir dómstólum í að verða þrjú ár og til rannsóknar hjá lögreglu frá ágúst 2002. Verði málið ekki sent aftur í hérað mun því ljúka með dómi Hæstaréttar. Líklegt er að dómur falli fyrir miðjan júní.

- bj / sjá síðu 10

Glitnir hefur sagt upp 255 starfsmönnum heima og erlendis frá áramótum:

Mestu uppsagnir bankageirans

VINNUMARKAÐUR „Ég held að besta leiðin hafi ekki verið farin,“ segir Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafrirtækja, um uppsagnir Glitnis á 88 starfsmönnum hér á landi í gær. 255 starfsmönnum Glitnis hér og erlendis hefur verið sagt upp frá áramótum og eru þetta mestu uppsagnir íslenskrar fjármálasögu.

„Það verður að hafa í huga að

þetta eru manneskjur, fólk með tilfinningar,“ segir Friðbert um uppsagnirnar og minnir á að mikil hreyfing sé á bankafólki. Tækifæri hefði því verið til að standa að fækkun starfsmanna á annan hátt.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segir uppsagnirnar hluta af hagræðingu innan bankans. „Ég er feginn að þessum hluta þess er lokið.“ Hann segir mjög erfitt og leiðinlegt að þurfa að fara þessa

leið en vill ekki gefa upp hvað mikið sparast. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki útilokað að fleirum verði sagt upp, en skipulögðum uppsögnum mun vera lokið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var formönnum stjórnarflokkanna, þeim Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sagt frá uppsögnum fyrir nokkru.

- ikh / - ghs / sjá síðu 4



Veldu ekta Myllu
Heimilisbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja

MAX Opið til kl. 21
í Holtagörðum í kvöld

TENGI
Sundance Spas
Heilsunuddpottar
2008
línan komin
Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Svandís, eru þessi vinnubrögð í takt við tímann?

„Allt er best í hófi, það er okkar trú.“

Minnihluti borgarstjórnar hefur gagnrýnt ráðningu Jakobs Frimanns Magnússonar í starf framkvæmdastjóra miðborgar og segja hana af pólitískum toga. Svandís Svavarsdóttir er oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.

Hillary Clinton biðlar til „ofurkjörmannanna“ og ætlar að berjast til þrautar:

Segist sigurstranglegrri en McCain

BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton ætlar að berjast til þrautar í kosningaslag Demókrataflokksins, þar sem hún tekst á við Barack Obama um að verða forsetaefni flokksins í haust.

„Veljið þann sem þið teljið að verði sigurstranglegasta forsetaefnið í haust,“ sagði Clinton á fundi í Charleston, og beindi máli sínu greinilega til forystumanna flokksins sem geta enn haft áhrif á afstöðu fjölmargra ofurkjörmannanna. „Sigur í forsetakosningum vinnst í ríkjum þar sem kjósendafylgið sveiflast, og ég hef verið að sigra í slíkum ríkjum.“

Hillary sigraði í prófkjörinu í



HILLARY CLINTON Ætlar að halda áfram þar til síðasta prófkjörinu lýkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vestur-Virginíu á þriðjudag, hlaut tuttugu kjörmenn en Obama fékk aðeins átta. Þessir tólf kjörmenn duga henni þó engan veginn til að

saxa á forskot Obamas, sem í gær var kominn með meira en 1.880 kjörmenn en Clinton aðeins með 1.710.

Nærri 550 af tæplega 800 „ofurkjörmennum“ hafa þegar gefið upp afstöðu sína, og hafa 281 þeirra lýst yfir stuðningi við Obama en 165 við Clinton. Ofurkjörmennirnir eru þingmenn, ríkisstjórnar og aðrir forystumenn flokksins, sem hafa frjálshar hendir þegar til atkvæðagreiðslu kemur á landsþingi í lok ágúst. Þeir ráða því úrslitum og geta enn skipt um skoðun og flykt sár á baki Clinton, gerist eitthvað óvænt sem gefur þeim ástæðu til þess.

- gb

Hafrannsóknastofnunin:

Árlegur vorleiðangur hafinn

UMHVERFISMÁL Árlegur vorleiðangur Hafrannsóknastofnunarinnar á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni hófst í gær. Í

leiðangrinum verður unnið að verkefnum sem lúta að langtíma-vöktun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðunum við Ísland. Athaganir verða gerðar allt í kringum landið, bæði á landgrunninu sjálfu og utan þess. Rannsóknir verða gerðar á hita og seltu sjávar, næringarefnum í sjó, svifþörungum og dýrasvífi.

Leiðangurstjóri er Sólveig R. Ólafsdóttir, sérfræðingur á sjó- og vistfræðisviði, og skipstjóri er Ásmundur Sveinsson.

- shá

Sænska lögreglan:

Fjöldahandtaka fyrir barnaklám

SVIÐJÓÐ Lögreglan í Svíþjóð hefur handtekið um þrjátíu manns fyrir barnaklám. Talið er að um klámhring sé að ræða sem dreifist um alla Svíþjóð, að sögn Aftonbladet.

Hinir handteknu eru sakaðir um að hafa dreift og tekið á móti barnaklámi á netinu og rætt kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum á umræðuvefjum. Nokkrir í hópnum eru grunaðir um að hafa nauðgað börnum.

- ghs



Á SAL Starf, háttvísi, þroski og hamingja hafa frá upphafi verið einkunnarorð skólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Opið hús í Ísaksskóla:

Fróðlegt að reka inn nefið

MENNTUN „Það er fróðlegt fyrir vini og vandamenn að reka inn nefið,“ segir Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar en í dag, föstudag er opið hús í skólanum.

Er þá vinum og velunnurum skólans boðið að ganga um skólann og fylgjast með skólustarfinu. Dagskráin hefst klukkan 8.30 með söng nemenda og að honum loknum eru atriði í salnum fram eftir degi. Edda Huld segir nemendur hafa unnið með einkunnarorð skólans sem eru starf, háttvísi, þroski og hamingja. „Afrakstur þessarar vinnu er sýnilegur á veggjum skólans og í ræðu og riti í salnum.“ Hún segir einkunnarorðin þau sömu nú og í upphafi skólans árið 1926 og þau enn vera í fullu gildi.

- ovd

Gátu ekki unað við afstöðu Magnúsar

Nýr meirihluti tók við bæjarstjórn Akraness í gær þegar bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra gekk í Sjálfstæðisflokkinn. Ástæðan er afstaða Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns Frjálslynda flokksins til móttöku flóttamanna.

AKRANES Sjálfstæðismenn mynduðu í gær hreinan meirihluta í bæjarstjórn Akraness þegar Karen Emilía Jónsdóttir, F-lista, og Gísli S. Einarsson bæjarstjóri gengu til liðs við flokkinn. Unnið verður unnið á grunni málefnaáttar fyrri meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista og mun Karen áfram verða formaður bæjarráðs og Gunnar Sigurðsson áfram forseti bæjarstjórnar en á mánudag verður kosið að nýju í allar nefndir bæjarins.

Breytingarnar koma í kjölfar greinagerðar Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns Frjálslynda flokksins og fráfarandi formanns félagsmálanefndar bæjarfélagsins, en Magnús leggst gegn því að bæjarfélagið taki á móti flóttamönnum.

Magnús Þór telur ótal spurningum vegna móttöku flóttamanna ósvarað og nefnir hann atvinnumál og húsnæðismál sem dæmi. „Á sama tíma erum við að upplifa að álag á alla velferðarþjónustu á Akranesi er að aukast mjög mikið,“ segir Magnús sem telur fjölda flóttamanna mjög mikinn. „Það hefur aldrei verið á stefnuskrá neins flokks í bæjarfélaginu að taka á móti flóttafólki. Þetta er stórpólitískt grundvallarmál og stefnubreyting á velferðarsviðinu.“ Magnús átti ekki von á að afstaða hans ylli meirihlutaslitum en sér ekki eftir henni.

Gísli og Karen Emilía staðfesta að afstaða Magnúsar Þórs hafi valdið meirihlutaslitum. Segja þau alla aðra kjörna fulltrúa vera sam-mála því að taka á móti flóttamönnum. „Ég tel að Skagatann séu ekki það eigingjarnir að þeir geti



BÆJARRÁÐSFUNDUR Þrjúþúsundasti bæjarráðsfundur Akranesbæjar var haldinn hátíðlegur í gær sama dag og tilkynnt var að nýr meirihluti Sjálfstæðismanna tæki við af fráfarandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra.

MYND/SKESUSHOORN

ekki hleypt hingað tíu einstæðum mæðrum með tuttugu börn án þess að allt verði vitlaust,“ segir Karen Emilía.

„Þessi andstaða Magnúsar við gjörðir okkar er dropinn sem fyllti mælinn,“ segir Gísli. Hann segir Magnús hafa tekið málið af dagskrá félagsmálaráðs vitandi að bærinn væri kominn í tímaþröng með að svara félagsmálaráðuneytinu. „Þegar það var upplýst hvernig umfjöllun hefði verið á bæjarmála-fundi Frjálslynda flokksins þá áttum við enga kosti aðra en að þessu samstarfi yrði slitið svona,“ segir Gísli.

Magnús Þór verður áfram vara-bæjarfulltrúi Karenar, sem hefur ekki áhyggjur af því þótt varamaður hennar styðji ekki þann meirihluta sem hún stendur að. „Ég er

fullkomlega sátt við það sem ég er búin að gera.“ Um möguleikann á að Magnús Þór tæki sæti hennar á bæjarstjórnarfundi segir Karen: „Sá möguleiki er fyrir hendi og þá tókum við á því, ef og þá þegar að því kemur.“

Þrjú bæjarfulltrúar á Akranesi hafa hætt á kjörtímabilinu og þrjú varamenn tekið við. „Það eru meira og minna pólitískir viðvaningar,“ segir Magnús og bætir við að nú skapist algert umsátursástand. Hann segir erfitt að segja til um hvort hann muni fella meirihlutann ef hann tæki sæti Karenar. „Það yrði bara að ráðast.“ Frjálslyndi flokkurinn myndar hvernig meirihluta í bæjar- eða sveitarstjórn eftir meirihlutaslitin á Akranesi í gær.

olav@frettabladid.is



HELLIDEMBA Í BOGALAY Börnin skýldu sér fyrir úrhellis rigningu með því að breiða yfir sig dúk.

NORDICPHOTOS/AFP

Óttast fellibyl að nýju í Búrma:

Ný hrina hamfara á leiðinni

BÚRMA, AP Óttast var í gær að ný bylgja hamfara skylli á Búrma með enn fleiri dauðsföllum, þar sem nýr fellibylur virtist í mótun og virtist ætla að stefna yfir sömu óseyra-svæði og fellibylurinn Nargis fór yfir fyrir nýrri tveimur vikum.

Búrmastjórn segir að Nargis hafi til þessa kostað nærri 35 þúsund manns lífið, svo vitað sé, en að auki sé nærri 28 þúsund manns saknað. Talið er að 1,5 til 2 milljónir manna þurfi á neyðaraðstoð að halda, en Sameinuðu þjóðirnar og aðrar hjálparstofnanir hafa til þessa ekki náð að veita nema 270 þúsund manns aðstoð.

- gb

Grunaður um kynferðisbrot:

Þriggja mánaða gæsluvarðhald

DÓMSMÁL Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir háskólakennara sem grunaður er um ítrekuð kynferðisbrot gegn börnum var í gær framlengdur til 13. ágúst.

Maðurinn hefur þegar setið í gæsluvarðhaldi í tvo mánuði en hann er grunaður um kynferðisbrot, meðal annars gegn sínum eigin börnum. Meint brot ná yfir langt tímabil og eru gegn mörgum börnum. Er nokkur brotanna talin fyrnd. Þar til nýlega var maðurinn kennari við Háskólann í Reykjavík en áður starfaði hann við grunnskóla.

- ovd

Lögreglan kvödd á vettvang þar sem tveir kraftajötnar tókust á:

Jón bóndi kærir Magnús Ver til lögreglu fyrir líkamsárás

LÖGREGLUMÁL Jón bóndi Gunnarsson leitaði í gær til ofbeldisdeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lagði fram kærú þess efnis, að hann hefði orðið fyrir barsmíðum af hendi Magnúsar Vers Magnússonar. Þetta staðfesti lögregla við Fréttablaðið, en kvaðst ekki vilja veita neinar upplýsingar um efnisatriði málsins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttblaðsins átti atburðurinn sér stað á heimili Jóns í Reykjavík í fyrradag. Magnús Ver taldi sig eiga harma að hefna, tók hús á Jóni og réðst á hann. Samkvæmt upplýsingum Fréttblaðsins var lögregla kvödd á staðinn, þar sem hún skakkaði leikinn.

Jón fór á slysadeild til aðhlyningar, en hann mun hafa hlotið verulega áverka í árásinni, sem flokkast undir alvarlega líkamsárás er varðar við 218. grein almennra hegningalaga.

Bæði Jón og Magnús Ver neituðu því í samtali við Fréttablaðið í gær að atvik af þessu tagi hefði átt sér stað. Lögregla staðfesti það hins vegar



JÓN „BÓNDI“ GUNNARSSON Hefur lagt fram kærú vegna líkamsárásar.



MAGNÚS VER MAGNÚSSON Hefur verið kærður vegna líkamsárásar.

tvívegis í samtali við blaðið, líkamsárásin hefði átt sér stað og hún hefði verið kærð til lögreglu.

- js

Þú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensinið er ódýrt þar.**

www.orkan.is

SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!

LITIR, LÍF & ENDALAUST ÚRVAL

Sumarið er tími endurnýjunar, allt blómstar og springur út í litadýrð og gleði. Verslanir Kringlunnar eru fullar af nýjum og spennandi sumarvörum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu og finndu eitthvað sumarlegt til að gleðja þig eða aðra.

Opið til 21 í kvöld

Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18

www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200

Kringlan

| GJALDMÍÐLAR | KAUP SALA |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 79,53 79,91 |
| Sterlingspund | 154,26 155,02 |
| Evra | 122,65 123,33 |
| Dönsk króna | 16,432 16,528 |
| Norsk króna | 15,632 15,724 |
| Sænsk króna | 13,183 13,261 |
| Japanskt jen | 0,7557 0,7601 |
| SDR | 128,34 129,1 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,7133
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýr Herjólfur er talinn óhentugur til siglinga milli Eyja og Landeyjahafnar: Ný ferja Eyjamanna of stór

SAMGÖNGUMÁL Farþegaferjan sem Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin áætluðu í tilboði að láta smíða fyrir siglingar á milli Landeyjahafnar og Eyja er óhentug. Matsnefnd á vegum Siglingastofnunar telur skipið vera of hátt miðað við ristu; það taki á sig of mikinn vind og því hætt við að reka mikið undan vindi. Þeir telja vélar skipsins einnig óhagkvæmar og skipið byggt á gamaldags hönnun.



NÝR HERJÓLFUR Ferja Eyjamanna er stærri en sú sem lagt var upp með í byrjun.

Sigurður Áss Grétarsson, sviðstjóri hafnasviðs Siglingastofnunar, segir að ferjan sem er í tilboði Eyjamanna hafi uppfyllt kröfur útboðsgagna. „Það var hins vegar niðurstaða matsnefndar að skipið

fái einkunn sem næst 10,0. Sigurður Áss segir því ljóst að ferjan sem smíðuð verður verði ekki sú sem Eyjamenn lögðu upp með. „Þetta skip er einfaldlega of stórt.“ Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, telur þvert á móti skipið henta vel enda standist það allar kröfur sem útboðið krafðist. Hins vegar hafi lítill tími gefist til að vinna að hönnun ferjunnar. „Ef af samningum verður þá á ferjan eftir að taka einhverjum breytingum, en það var vitað allan tíman.“ Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin vinna nú að endurskoðuðu tilboði.

Frekari rannsóknir samþykktar: Álver Alcoa á Grænlandi

GRÆNLAND Grænlenka þingið hefur samþykkt að hefja annan áfanga rannsókna á möguleikum á byggingu álvers á Grænlandi. Tillaga heimastjórnarinnar um að mögulegt álver með 340.000 tonna framleiðslugetu verði staðsett í Maniitsoq á vesturströnd Grænlands var samþykkt en heimastjórnin leggur fjármagn til frekari rannsókna. Næsti hluti rannsóknanna felst í að kanna áhrif álvers á efnahag, samfélag og umhverfi. Á næsta ári er einnig gert ráð fyrir að þingið fjalli um mögulegan eignarhlut Grænlands í verkefninu.



SÆSTRENGUR Rafmagnssæstrengur til Færeyja er sagður kosta 44 milljarða.

Landstjórn Færeyja: Kanna raforkukaup frá Íslandi

FÆREYJAR Orkustofnun Færeyja, Jarðfeingi, bíður þess nú að landstjórnin taki afstöðu til þess hvort haldið skuli áfram að kanna möguleikana á að kaupa raforku beint frá Íslandi um sæstreng.

Samkvæmt bráðabirgðamati stofnunarinnar myndi það kosta sem svarar um 44 milljörðum íslenskra króna að leggja slíkan streng og tilheyrandi búnað. Stór hluti raforkuframleiðslu í Færeyjum fer enn fram með mengandi brennslu olíu.

Úttektin á sér aðdraganda sem rekja má til víðræðna Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi forsætisráðherra, og Jóannesar Eidesgaard, lögmanns Færeyinga, á árinu 2005.

SJÁVARÚTVEGUR

Karfakvóta úthlutað

Samkvæmt reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofnum 2008 var íslensku skipum heimilt að veiða 6.325 lestrir af úthafskarfa fram til 11. maí. Eftir þann dag skyldi það magn aukíð um 7.379 lestrir. Þessu magni hefur nú verið úthlutað til íslenskra skipa.

SVÍPJÓÐ

Matarverð hækkar

Matarverð hefur hækkað um sjö prósent á einu ári í Svíþjóð. Sumar lífsnauðsynjar hafa hækkað mun meira. Þannig hefur hveiti hækkað um þrjátíu prósent, pasta um 24 prósent og nautakjöt um sautján prósent, að sögn Aftonbladet.

255 starfsmönnum sagt upp hjá Glitni

Glitnir hefur sagt upp 88 starfsmönnum hér á landi á stuttum tíma. Fólkið verður aðstoðað við atvinnuleit. Alls hefur bankinn sagt upp 255 manns frá áramótum hér og erlendis. Erfitt og leiðinlegt að fara þessa leið, segir forstjóri.

VINNUMARKAÐUR Glitnir sagði upp 64 starfsmönnum í gær og í fyrradag og hefur því samtals 88 starfsmönnum verið sagt upp hjá bankanum í apríl og maí. Bankinn hefur sagt upp 255 starfsmönnum hér og erlendis frá áramótum.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segir mjög erfitt og leiðinlegt að fara þessa leið. „Það er eðli fjármálastofnana að stundum þarf að skera niður og því miður þurfti að grípa til þessara aðgerða. Við höfum verið í hagræðingarferli og ég er feginn að þessum hluta þess er lokið.“

Um hópuppsögn er að ræða þar sem uppsagnirnar eru fleiri en þrjátíu. Starfsmennirnir sem nú hafa fengið uppsagnarbréf munu flestir láta strax af störfum en flestir þeirra hafa þriggja til sex mánaða uppsagnarfrest. Um er að ræða starfsmenn úr flestum stöðum, deildum og sviðum bankans.

Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, segir að skipting starfsmannanna milli kynja sé jöfn. Tuttugu hafi verið á sex mánaða reynslutíma og svo hafi nokkuð stór hópur nokkurra ára starfsaldur. „Svo fljóta alltaf einhverjir með sem hafa langan starfsaldur. Það eru erfiðustu málin,“ segir hann.

Friðbert segir að bankinn hafi boðið starfsmönnum aðstoð við að finna ný störf í samvinnu við Capacent. „Það er alltaf spurning hvernig gengur og kannski ekki bjartasti tíminn á fjármálamarkaði núna.“



JÖFN SKIPTING MILLI KYNJA Vel yfir sextíu starfsmönnum hefur verið sagt upp hjá Glitni. Skipting milli kynja er jöfn og þvert á bankann. Starfsmenn eru sumir á sex mánaða reynslutíma og aðrir hafa nokkurra ára starfsreynslu. Einnig eru í hópnum starfsmenn sem hafa starfað mjög lengi hjá bankanum.

„Ég hef alltaf talað gegn hópuppsögnum og að leysa vandamál með skammtímaaðgerðum. Þær skila bara sárindum.“

FRIÐBERT TRAUASON FRAMKVÆMDASTJÓRI SSF

Lárus Welding bendir á að yfir 300 manns hafi verið ráðnir til bankans í fyrra og að eftir uppsagnirnar vinni álíka margir hjá bankanum og í upphafi síðasta árs. Hann vill ekki gefa upp hversu mikið bankinn sparar með uppsögnum. Lárus segir það eitt að þetta sé liður í því að lækka kostnaðarhlutfall bankans.

„Starfslökajörin verða í samræmi við samninga þessa fólks,“ segir Lárus. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður ekki um að ræða neina „feita“ starfslökasamninga. Frekari uppsagnir eru ekki útilokaðar en skipulögðum uppsögnum mun vera lokið.

Friðbert fullyrðir að aldrei fyrr hafi jafn mörgum verið sagt upp í einu í fjármálageiranum. Mestu uppsagnirnar hingað til hafi verið þegar um sjötíu manns var sagt upp störfum í Landsbankanum fyrir fimmtán árum. „Ég hef alltaf talað gegn hópuppsögnum og að leysa vandamál með skammtímaaðgerðum. Þær skila bara sárindum.“

ghs@frettabladid / ikh@frettabladid.is

Forstjóri Vinnuálastofnunar: Uppsagnir koma ekki á óvart

„Þetta kemur ekki á óvart. Samdrátturinn er að koma fram í þeim greinum atvinnulífsins sem þenslan hefur verið mest,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, um uppsagnir Glitnis að undanförmu. „Bankarnir tóku mikið af fólki til sín í þenslunni og eru að bregðast við samdrætti.“



GISSUR PÉTURSSON

Gissur telur hópinn sem missir vinnuna nú munu almennt eiga auðvelt með að tryggja sér ný störf, þótt það verði ekki endilega hjá fjármálafyrirtækjum. „Þetta fólk er flest með góða menntun og stendur því sterkt að vígi.“

Spurður hvort uppsagnirnar hjá Glitni séu aðeins upphafið að hópuppsögnum annarra banka og fjármálafyrirtækja segir Gissur að spád sé auknu atvinnuleysi. „Einhvers staðar mun það koma fram og kannski eðlilegt að það sé hjá bönkunum og þar sem þenslan hefur verið mest.“

GLITNIR ERENDIS

Danmörk Skrifstofu lokað í febrúar. Hluti starfsmanna fluttur til London og Reykjavíkur. Stöðugildum fækkað um fimmtán.

Noregur Starfsemin endurskipulögð með sameiningu undir nafni Glitnis í apríl ásamt öðrum aðgerðum. Stöðugildum fækkað um sextíu.

Lúxemborg Dregið úr fasteignalánastarfsemi í Evrópu og starfsemin í Lúxemborg endurskipulögð í apríl. Með því losaði bankinn 100 milljarða í lausafé. Stöðugildum fækkað um tíu.

London Starfsemi endurskipulögð og stöðugildum fækkað um tíu.

LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBODI

LR DISCOVERY 3 Diesel
Nýskr: 10/2005, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 51.000.
Verð 5.800.000

biland.is
575 1230

Opíó virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
veðurfræðingur

HELGARHORFUR
Þótt stutt sé í helgina eru spár fyrir hana enn á nokkru reiki. Það eru horfur á lægðargangi en sporbraut lægðarinnar er enn nokkuð óljós. Líklegast er að það verði vætusamt sunnan til og vestan en að annars staðar verði úrkomulítið eða úrkomulaust. Vindur verður fremur hægur.

Á MORGUN Austan 3-8 m/s
LAUGARDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 11° |
| Gautaborg | 18° |
| London | 15° |
| Paris | 20° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 25° |
| Basel | 22° |
| Eindhoven | 23° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 21° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 32° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



★ Hoppukastalar
í Vetrargarði

★ Andlitsmálarar og
blöðrugerðarfólk á
vappi í göngugötu

OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

KRAKKADAGAR

Nú höldum við Krakkadaga í Smáralind. Verslanir okkar eru troðfullar af glænýjum sumarvörum fyrir krakka á öllum aldri.

Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind – fjör fyrir alla fjölskylduna!



Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18
sími 528 8000 / smaralind.is



Styður þú framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

| | |
|-----|-------|
| Já | 27,7% |
| Nei | 72,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú komið til Flateyrar?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Átján rúma einkarekin deild fyrir heilabilaða var opnuð í gær á Landakoti:

Léttir álagi af Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Átján rúma deild fyrir heilabilaða á Landakoti, sem rekin er af hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund, tók til starfa í gær. Þegar er byrjað að flytja sjúklinga af Landspítalanum en ætlunin er að deildin verði fullsetin sjúklingum þaðan á föstudag. Eftir þá flutninga er áætlað að aðeins 21 aldraður sjúklingur, sem lokið hafði meðferð á spítalanum en komast ekki í hjúkrunarrými, verði þar eftir.

Síðustu ár hefur sá fjöldi þó verið að meðaltali um 70 til 90 og hafa viðvarandi teppur verið á spítalanum vegna þess.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir gleðilegt að sjúklingar fái vistun og þjónustu við hæfi auk þess sem breytingin sé hagkvæm þar sem sjúklingar flytjast úr dýrum rúmum háskólasjúkrahúss yfir á hjúkrunarheimili sem ekki er nándar nærri jafn dýrt í rekstri. Þá létti mjög á álagi á spítalanum.



LANDAKOT Forstjóri Landspítalans segir að í lok vikunnar verði um 20 aldraðir, sem lokið hafa meðferð en biða eftir að komast á hjúkrunarheimili, eftir á spítalanum. Það er mikill munur frá því sem verið hefur síðustu ár.

Í janúar 2004 biðu um 140 mann, sem þó höfðu lokið meðferð, á Landspítalanum eftir vistun á hjúkrunarrými og er það sú mesta teppa sem orðið hefur á spítalanum að sögn Björns.

- kdk

Ní og Háskólinn á Akureyri: Samstarf aukið í náttúruvísindum

UMHVERFISMÁL Náttúrufræðistofnun og Háskólinn á Akureyri hafa undirritað tvo samstarfssamninga: annars vegar um að verkefni Náttúrufræðistofnunar og rannsóknir og kennsla HA tengist sérstaklega. Hins vegar um að efla formlegt samstarf á sviði sameindaerfðafræði.

Sameiginlegir hagsmunir NÍ og HA eru að auka menntun í viðkomandi greinum vísinda, auka kynningu á íslenskum umhverfismálum og samnýta sem best þá aðstöðu og færni sem til er á hvorum stað og sameinast um uppbyggingu eftir því sem við á.

- shá

DANMÖRK

Slæðudeila í stjórninni

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hefur gagnrýnt innflytjendamálaráðherra Birthe Rönn Hornbech fyrir að setja sig opinberlega upp á móti banni við að danskir dómarrar beri höfuðklút að sið múslima, en ríkisstjórnin er með lagafrumvarp þar að lútandi í smíðum.

NOREGUR

Sex af tíu hafna ESB

Andstaðan við inngöngu í Evrópusambandið, ESB, hefur aukist verulega í Noregi. Sex af hverjum tíu Norðmönnum, sem hafa tekið afstöðu, hafna aðild að ESB og er andstaðan við ESB-aðild þar með óvenjumikil. Þetta kemur fram í könnun sem Gallup í Noregi gerði nýlega.



EYÐILEGGING Í MIANYANG
Eldri kona í borginni Mianyang í Sichuan-héraði gengur þarna fram hjá rústum húsa sem hrundu í jarðskjálftanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kia Sportage

Ekinn 73.000 km / Skráður 2005 / Dísel
Dráttarbeisli fylgir



Verð: 2.060.00,-



Klettháls 11
www.bilathing.is | Sími 590 5040

BÍLAPING HEKLU

Tugir þúsunda enn grafnir í rústunum

Opinberar tölur segja 15 þúsund manns látna og að 26 þúsund að auki sé saknað. Kínverskir fjölmiðlar sýna áður óþekkt tilþrif. Win Jibao forsætisráðherra fylgist náið með björgunarstarfinu. Margar stíflur urðu fyrir skemmdum.

KÍNA, AP Í gær var enn verið að bjarga fólki lifandi úr rústum húsa á jarðskjálftasvæðunum í Kína, tveimur sólarhringum eftir að skjálftinn mikli reið yfir. Með hverri stundinni sem líður minnka líkurnar á því að fólk finnst lifandi í rústunum.

Það var þó ekki fyrr en í gær sem hjálpin barst til sumra þeirra svæða sem erfiðast er að komast til. Kínversk stjórnvöld segja að 15 þúsund manns hafi látist, svo vitað sé, en 26 þúsund sé saknað að auki.

Rétt eins og í Búrma hafa kínversk stjórnvöld neitað erlendu hjálparstarfsfólki um að fara inn á neyðarsvæðin. Kínverjar telja sig fullfæra um að sinna hjálparstarfinu sjálfir.

Stjórnin brást hins vegar hratt við og hefur sent tugir þúsunda manna á neyðarsvæðin til að sinna

hjálpastörfum. Win Jibao forsætisráðherra hefur fylgst náið með hjálparstarfinu alveg frá byrjun og ríkisfjölmiðlarnir fylgjast náið með honum á vettvangi.

Hann var til dæmist viðstaddur Beichuan í gær þegar þriggja ára stúlku var bjargað úr rústum heimilis síns eftir að hafa legið þar í 40 tíma undir látnum foreldrum sínum. Sýnt var frá björguninni í beinni útsendingu í sjónvarpi.

Fjölmiðlarnir í Kína hafa reyndar sýnt áður óþekkt tilþrif í að lýsa hörmungunum og virðast hafa alveg frjálssar hendur til þess. Þetta er afar ólíkt því sem áður hefur þekkt þegar náttúruhamfarir hafa orðið í Kína.

Stjórnvöld leggja greinilega mikla áherslu á að sannfæra almenning í landinu um að viðbrögð hins opinbera séu framúr-

skarandi og eins að sýna umheiminum að Kína hafi alla burði til að halda Ólympíuleikana í Peking í ágúst.

„Miðstjórn Kommúnistaflokksins hefur ekki gleymt þessum stað,“ sagði Wen forsætisráðherra þegar hann kom til Wenchuan og tilkynnti jafnframt að 50 manns hefðu verið fluttir flugleiðis þaðan til að fá læknishjálp.

Ríkisfjölmiðlar í Kína skýrðu frá því að tvö þúsund hermenn hafi verið sendir að Zipingku-stíflunni, sem er skammt frá borginni Dujiangyan, af ötta við að stíflan láti undan. Brestir séu komnir í stífluna og ástandið sé „afar hættulegt“.

Kínastjórn sagði í gær að jarðskjálftinn hafi valdið skemmdum á 391 stíflu í landinu, þar af tveimur stórum.

gudsteinn@frettabladid.is

Boðaðar breytingar á löggæslumálum á Suðurnesjum í hnút:

Munu ekki ná fram að ganga

LÖGREGLUMÁL „Það er ekki vilji til þess að boðaðar breytingar nái fram að ganga,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, um breytingar sem boðaðar hafa verið á löggæslumálum á Suðurnesjum. Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu dómsmálaráðherra um að skipta embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum upp.

Uppskiptingin gerir ráð fyrir því að umsjón flugverndarverkefna fari undir samgönguráðuneyti, tollgæsla heyri undir fjármálaráðuneyti en lög- og tollgæsla heyri áfram undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þingflokk-



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR LÚÐVÍK BERGVINSSON

ur Samfylkingarinnar er á móti breytingartillögnum.

Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, er máls-

hefjandi utandagskrárumræðu um boðaðar breytingar á Suðurnesjum sem er á dagskrá þingsins í dag. „Ríkisstjórnin samþykkti að leggja málið fram fyrir sína þingflokka. Ráðherrar Samfylkingarinnar hafa hleypt málinu í gegn en þingflokkurinn ekki, enda hafa þingmenn Samfylkingarinnar verið sömu skoðunar og við, það er talið uppskiptinguna óþarfa. Við ætlum að spyrja dómsmálaráðherra ítarlega út í þessi mál á morgun (í dag),“ sagði Siv.

Upphaflega var stefnt að því að tillögur um breytingarnar tækju gildi 1. júní en nú er alls óvíst að svo verði.

- mh

AÐALFUNDUR Félags Símsmiða

Verður haldinn 16. maí 2008, að Stórhöfða 31. kl 16.30

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum FSS um aðalfund

Stjórn félags símsmiða

Buongiorno!

Ítalskir dagar

GRILLUÐ NAUTALUND

7-800 g nautalund
4 lúkur klettsalat (rucola)
200 g parmesanostur
1 stk. sítróna, skorin í fernt
ólífuolía
þykkt balsamikedik
maldon salt
pipar

Hitið grillið vel og brúnið kjötið á háum hita, á öllum hliðum, í um 3-4 mín. Lækkið hitann og setjið kjötið á grind fyrir ofan grillið og eldið í um 5-8 mín. eftir því hversu rautt þið viljið hafa kjötið. Setjið þykkt balsamikedik á fjóra diska á meðan og eina lúku af klettsalati á hvern disk. Látið kjötið standa í um 5 mín. á skurðarbretti eftir grillun. Sneiðið nautalundina í þunnar sneiðar og leggið á salatið. Kryddið vel með salti og pipar. Dreypið vel af góðri ólífuolíu yfir, rífið parmesanost gróft yfir og berið fram með sítrónubátum.



25%
afsláttur

Nautalund
íslensk

3.198 kr/kg
Verð áður 4.264,-

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt



Sikileyskur
kálfapottréttur



Napolí lambainnalæri
m/myntu, hvítlauk og sítrónu



Ungnautagrillsteik
tilbúin beint á grillið



Lambaspjót
í ljúfengri marineringu

30%
afsláttur

15%
afsláttur



Ítalíu balsamik gljái
- ómissandi í alla matargerð



Rana ferskt pasta
- ekta ítalskt



Fiorucci
- Crudo og Parmaskinka



Ítalía grillaður laukur
- í balsamikedik



Ítalíu extra virgin hvítlauksolía
- frábær á pizzuna og salatið



Ítalía pastasósur 100% lífrænar
- með basilíku og grænmeti

OPIÐ
til
20
alla daga

Tilboðin gilda til 18. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



1 Hvaða heitir nýja platan með Bubba Morthens sem kemur út 6. júní?

2 Hvaða dag er ár hvert haldið upp á tóbakslausa daginn?

3 Hvað heitir skipið sem olía lak úr við Vogabakka á mánu-dag?

SVÖRIN ERU Á Síðu 66

Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur um hugmyndir Flugstoða:

Ekki í samræmi við viðræður

SAMGÖNGUR Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir hugmyndir um tíu þúsund fermetra samgöngumiðstöð í Vatnsmýri ekki í samræmi við fyrri viðræður Reykjavíkurborgar, samgöngu-gráðuneytis og Flugstoða. Í samráðsferlinu hafi verið rætt um sex þúsund fermetra miðstöð að hámarki.

Hanna Birna segir að hugmyndir um stærri miðstöð þurfi að skoða betur. „Samkvæmt samkomulagi á fyrsti áfanga sex þúsund fermetra samgöngumiðstöðvar að rísa í lok árs 2009. Þær áætlanir munu standast, en menn verða að ræða það sérstaklega hvort vilji er til þess að hafa annars konar þjónustu þarna inni; verslanir og veitingaástöðu. Þá erum við farin að ræða um annað og meira en bara samgöngumiðstöð,“ segir Hanna Birna.

Hún segir að fyrsti áfangi samgöngumiðstöðvar geti ekki rúmað mikið annað en þjónustu við flug og aðrar samgöngur.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir um ummæli Hönnu Birnu að málefni samgöngumiðstöðvar séu í skoðun. „Það er full samstaða um það innan borgarstjórnar að hún eigi að rísa og innan meirihlutans verður full samstaða um endanlega útfærslu hennar. Aðalatriðið er að hún þjóni hlutverki sínu vel,“ segir Ólafur.

- kóp

Sér stígur fyrir hjóleiðamenn:

Nýr hjólastígur við Ægisíðu

SAMGÖNGUR Hjólastígur frá Faxaskjóli að Reykjanesbraut, alls átta kílómetra langur, var kynntur í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur fyrr í vikunni.

Að sögn Gísla Marteins Baldurssonar, formanns ráðsins, mun hjólandi umferð fá sér akgrein sem bætir öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Lagt er til að stígurinn verði breikkaður úr þremur metrum í fimm og hálfan metra. Hjólastígur verður aðgreindur frá göngustíg með gróðri eða málaðri línu og einnig verður stígurinn lýstur. Kostnaður við fyrsta áfanga er áætlaður 36 milljónir króna.

- ovd

Framkvæmdastjóri UMFÍ:

Hætta við hótél ef krafist er

FÉLAGSMÁL „Ef menn telja þetta óeðlilegt með einhverjum hætti þá erum við alveg tilbúin að endurskoða áætlanir,“ segir Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

Eins og greint hefur verið frá hafa forsvarsmenn UMFÍ unnið að því að koma á samstarfi við Edduhótelin um uppbyggingu á lóð félagsins við Tryggvagötu 13. Þegar UMFÍ fékk lóðina var áformað að koma upp menningar- og þjónustumiðstöð, þar sem jafnframt yrði gístaðstaða. Edduhótelin eru í eigu Icelandair Group og er ekki víst að áætlanir UMFÍ samrýmist forsendum sem borgarfulltrúar höfðu til hliðsjónar þegar lóðaúthlutunin var samþykkt.

- mh

REYKJAVÍKURBORG

Sölu á Frikirkjuvegi ólokið

Enn hefur ekki verið gengið frá kaupum Björgólfs Thors Björgólfssonar á Frikirkjuvegi 11 af Reykjavíkurborg. Verið er að ganga frá ýmsum lausum endum varðandi viðskiptin.

ALÞINGI

Aðstoðar Grétar Mar

Guðrún María Óskarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður Grétars Mars Jónssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.

Handteknir með fjölda stolinna kortaupplýsinga

Þrír Rúmenar voru úrskurðaðir í vikulengt gæsluvarðhald í gær, eftir að þeir höfðu verið handteknir með á þriðja hundrað greiðslukort með stolnum upplýsingum. Þeir voru með þrjár milljónir króna í farteskinu.

LÖGREGLUMÁL Þrír Rúmenar, tveir karlmenn og kona, sem starfsmenn fjármunabrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu handtóku í fyrradag reyndust hafa í fórum sínum á annað þúsund stolnar kortaupplýsinga, sem þeir gátu nýtt sér til úttektar í hraðbönkum. Lögregla gerði kortaupplýsingarnar, sem eru ígildi greiðslukorta, upptækar. Fólkið var í gær úrskurðað í gæsluvarðhald í viku, að sögn Ómars Smára Ármannssonar yfirlögregluþjóns.

Fólkið er grunað um að hafa komið hingað til lands gagnert til að ná fjármunum úr hraðbönkum með stolnum greiðslukortaupplýsingum. Við handtöku og húsléitir fundust á þriðja hundrað kort með slíkum upplýsingum, sem talið er að aflað hafi verið með ólögum hætti af kortum grunlausra kortanotenda erlendis. Samkvæmt upplýsingum hafði fólkið ekki mjög stórar upphæðir upp úr krafsinu.

Við þjófnað af þessu tagi er einkum notaður búnaður sem komið er fyrir á eða í grennd við

hraðbanka eða annars staðar þar sem tekið er við greiðslukortum. Sambærilegur njósnaðunni fannst hér á landi síðla árs 2006 í tengslum við handtöku tveggja Rúmena. Áður hafði fundist búnaður í fórum manns sem var að koma hingað til lands með Norrænu.

Rannsókn málsins beinist meðal annars að því hvort hugsanleg tengsl geti verið við sambærilegt mál sem kom upp um síðastliðna páska, að sögn Ómars Smára. Þá voru tveir Rúmenar handteknir en talið er að þeir hafi tilheyrt hópi sem kom gagnert hingað til lands í sömu erindagjörðum. Mennirnir fóru vítt og breitt um höfuðborgina og stálu úr hraðbönkum. Þeir voru á leið úr landi með fenginn þegar lögreglan og tollgæslan á Suðurnesjum stöðvuðu þá. Þeir reyndust vera með um þrjár milljónir króna í farteskinu.

jss@frettabladid.is

TEKIÐ ÚT ÚR HRAÐBANKA Hraðbankaþjófarnir voru á leið úr landi með fenginn þegar þeir voru handteknir.



AVEDA

the art and science of using flower and plant resources



ÓKEYPIS SLÉTTUNARBURSTI

4 skref að sléttu hári

Ný vara bætist við Smooth Infusion vörulínuna.

Style-Prep Smoother

Hvernig virkar varan?

Hún býr til slétt yfirborð með sérstakri plöntublöndu sem er meðal annars unnin úr lífrænt ræktuðu aloe, maís og guarbaunum. Tapioca sterkja ver hárið fyrir utanaðkomandi raka. Hveitiprótein ver hárið við hitamótun.

15% afsláttur af öllum vörum og sléttunarbusti að verðmæti 2.500 kr. fylgir FRÍTT með.

Fullt verð: 12.810 kr. Tilboð: 8.750 kr.

Tilboð: 15% afsláttur, ókeypis sléttunarbusti fylgir með á meðan birgðir endast. Fæst meðal annars í Aveda verslun Kringlunni, Unique hár & spa Borgartúni 29 og hjá Hófi Ólafsfirði.

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK HEFST Í DAG!

Miðasala á listahatid.is & midi.is



Í kvöld
&
annað
kvöld

Amiina í frábærum félagsskap

AMIINA, KIPPI OG VINIR Í UNDRALANDI

Amiina í góðum félagsskap Kippa Kanínusar, Orra Páls Dýrasonar, Kjartans Sveinssonar, Samúels J. Samúelssonar og margra annarra framúrskarandi tónlistarmanna.

HAFNARHÚSSPORTIÐ 15. & 16. MAÍ KL. 22.00 | MIÐAVERÐ: 3.000



Ein glæsilegasta söngdívá heims!

EINSÖNGSTÓNLEIKAR
DENYCE GRAVES
MESSÓSÓPRAN - MÖGNUM
EFNISSKRÁ

„HÚN ER NÆSTUM OF GÓÐ TIL AÐ
ÞAÐ GETI VERIÐ SATT; EINSTAKUR
LISTAMAÐUR, FÖGUR KONA,
KONUNGLEG FRAMKOMA.“

- WASHINGTON POST
HÁSKÓLABÍÓ 1. JÚNÍ
MIÐAVERÐ: 6.800 / 6.200

Eyjastökk / Inselhopping

Samvinnuverkefni Egils Sæbjörnssonar og slagverkskvartettsins Percusemble Berlin
Ný verk eftir Úlfar Haraldsson, Atla Heimi Sveinsson og fleiri.

PORT LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSINU 19. MAÍ
MIÐAVERÐ: 2.500

Smaragðsdýpið – barnasýning

Ferðast um undirdjúpin með tónlist, brúðuleik og sjónlist.

Í samstarfi við Skólatónleika á Íslandi. ÍSLENSKA ÓPERAN 20. MAÍ



Dagbók Önnu Frank

- í flutningi Þóru Einarsdóttur

Einsöngsopera eftir Grigori Frid í flutningi Þóru Einarsdóttur sem hlotið
hefur frábæra dóma.

ÍSLENSKA ÓPERAN 25. MAÍ | MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS

Litið um öxl á ferli eins virtasta tónskálds Íslands

Afmælistónleikar tileinkaðir Þorkeli Sigurbjörnssyni. Auk hans koma fram á tónleikunum
þau Sigurbjörn Bernharðsson, fiðla og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó.

ÍSLENSKA ÓPERAN 4. JÚNÍ | MIÐAVERÐ: 3.000

LAUGARBORG, HRAFNAGILI 5. JÚNÍ | MIÐASALA Í LAUGARBORG.

Bang Gang, Keren Ann, Lady & Bird og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þarf nokkuð að segja meira!

HÁSKÓLABÍÓ 5. JÚNÍ | MIÐASALA Á WWW.SINFONIA.IS



TILRAUNAMARAPÓN

Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSI

Dagskrá, sjá nánar á
www.listasafnreykjavikur.is

Umfangsmesta myndlistarhátíð sem haldin hefur
verið! Sýningar opnaðar á yfir 20 sýningarstöðum
dagana 15.–18. maí:

FIMMTUDAGUR 15. MAÍ

18.00 Setning Listahátíðar í Reykjavík í
Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi

19.00 List undir beru lofti: Module í
Tryggvagötu

FÖSTUDAGUR 16. MAÍ

10.00 - 17.00 Tilraunamarapón í Listasafni
Reykjavíkur, Hafnarhúsi

17.00 Sýningaropnir á ýmsum stöðum í
Reykjavík: Gallerí i8, Gallerí Ágúst, Kling &
Bang, Nýlistasafnið, Start Art, Listasafn ASÍ,
Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafninu &
Borgarleikhúsið. Sýningar utanhúss: Dialogue
Project á horni Lækjargötu og Austurstrætis,
Atlantis í Reykjavíkurtjörn.

18.00 Opnun í Gallerí 100°
20.00 Opnun í Listasafni Íslands

LAUGARDAGUR 17. MAÍ

11.00 - 14.00 Málþing í Ljósmyndasafni
Íslands í Þjóðminjasafninu

13.00 Opnun í Listasafninu á Akureyri

14.00 Opnun í Safnasafninu, Svalbarðsströnd

16.00 Opnir í Slátrhúsinu á Egilsstöðum,
Eiðum - listasetri og Skaftelli á Seyðisfirði.

SUNNUDAGUR 18. MAÍ

10.00 - 15.00 Tilraunamarapón í Listasafni
Reykjavíkur

16.00 Opnun í Listasafni Reykjavíkur,
Kjarvalsstöðum

18.00 Opnun í Listasafni Árneseinga,
Hveragerði

20.00 Opnun í Listasafni Reykjanesbæjar
21.00 Tónlistaruppákoma í Bláa lóninu



Dillandi afrískt gumbé

SUPER MAMA DJOMBO FRÁ
GÍNEU-BISSÁ

Vinsælasta hljómsveit V-Afríku
flytur nýja tónlist sína á fyrsta sinn
utan heimalands síns á Listahátíð.
Afríkudansveisla af bestu gerð.

NASA VIÐ AUSTURVÖLL 29. & 30. MAÍ
MIÐAVERÐ: 3.000



Ferð án fyrirheits

TÓNLEIKAR TILEINKAÐIR
STEINI STEINARR

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæð-
ingu Steins Steinarrs flytja Jón Ólafsson
og fleiri framúrskarandi tónlistarmenn
gömul og ný lög við ljóð skáldsins.

ÍSLENSKA ÓPERAN 29. & 30. MAÍ
MIÐAVERÐ: 3.900



Nífaldu Grammy verðlaunahafi

WAYNE SHORTER KVARTETTINN

Wayne Shorter var kosinn besti sópransaxófónleikari
heims 17 ár í röð af hinu virta tónlistartímariti Down Beat.

HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ | MIÐAVERÐ: 6.200 / 5.700

Örfá
sæti
laus



Heimsfrumsýning á Listahátíð!

AMBRA – ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN OG
CARTE BLANCHE BERGEN

Tveir af helstu dansflokkum Norðurlanda sameinast
í stórverkefni Ambra eftir einn mest spennandi
danshöfund Evrópu; Inu Chisel Johannessen. Tónlist
eftir Kiru Kiru, Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur og Dirk
Desselhaus. Miðasala á www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ 23., 24. & 25. MAÍ

Miðasala á listahatid.is & midi.is

Miðasalan fer fram á www.listahatid.is og í síma
552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14. Miðasala á
viðburði Listahátíðar fer einnig fram á www.midi.is

www.listahatid.is

Á www.listahatid.is færðu nánari upplýsingar um alla viðburði Listahátíðar
2008, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem opna á hátíðinni
15.-18. maí. Þar er einnig hægt að skoða myndbrot og fjölda ljósmynda.

Bakgrunnmynd: Roger Hiorns / Object, manipulated growth. © 2007, Serpentine Gallery. Ljósmynd: Alastair Fyfe.



KAUPPING

ICELANDAIR

SAMSKIP

Radisson

3.990 KR. Á MÁNUÐI FYRIR ALLAN PAKKANN

Hjá Tali færðu allan pakkann: Net, heimasíma og GSM frá **3.990 kr.** á mánuði. Ef þú kaupir allan pakkann á www.tal.is og greiðir með kreditkortinu færðu fyrsta mánuðinn frían. 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*

Tal



HEIMASÍMI



NET



GSM

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

Baugsmálið mögulega sent aftur í héraðsdóm

Hæstiréttur gæti ákveðið að senda Baugsmálið að hluta eða í heild aftur í héraðsdóm vegna skorts á rökstuðningi að mati verjanda. Annar verjandi telur það ólíklegt. Aðalmeðferð fyrir Hæstarétti hófst í gær.

BAUGSMÁL Ekki er útilokað að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að fjalla verði aftur um ákveðna ákæruliði í Baugsmálinu, eða málið í heild, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Verjendur telja það ólíklegt, en viðurkenna að möguleikinn sé fyrir hendi.

„Það er réttarinn að ákveða það,“ sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, í samtali við Fréttablaðið.

Aðalmeðferð í málinu hófst í Hæstarétti í gær, og átti Sigurður Tómas sviðið. Málflutningi lýkur í dag og munu verjendur flytja mál sitt fram eftir degi.

Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geraldís Sullenberger, segir að sumu leyti skorta á rökstuðningi í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Möguleg afleiðing þess gæti orðið að Hæstiréttur ákveði að senda ákveðna ákæruliði, eða mögulega málið í heild, aftur í hérað. Líklega muni þó Hæstiréttur forðast slíkt í lengstu lög.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir afar ólíklegt að Hæstiréttur fari þá leið að láta héraðsdóm fjalla aftur um hluta málsins eða málið í heild.

„Það eru heimildir í lögum til þess, en ég tel þær takmarkast af reglum um réttláta málsmeðferð. Sá tími sem þetta málfelur tekni nú þegar er langt fram úr hófi og ég er næstum viss um að Hæstiréttur leitast við að ljúka þessu máli hér og nú,“ segir Gestur.

Verði málið ekki sent aftur í héraðsdóm mun því ljúka með dómi Hæstaréttar. Talið er líklegt að hann komi fyrir miðjan júní.

Fátt kom á óvart í málflutningi sækjanda í gær. Meðal þess sem tekist er á um er hvort hægt sé að refsastjórnendum fyrir brot á 104. grein hlutafélagalaga.

Í lagagreininni segir að hlutafélögum sé óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórn félagsins lán. Brot varða sektum eða allt að



MÆTTI DÓMURUNUM Jón Gerald Sullenberger (fyrir miðju) var einn sakborninga mættur í Hæstarétti í gær til að fylgjast með málflutningi. Dómarar í málinu eru (frá vinstri): Hjördís Hákonardóttir, Markús Sigurbjörnsson, Garðar Gíslason dómsformaður, Gunnlaugur Claessen og Páll Hreinsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÁTT Í ÞRJÚ ÁR Í DÓMSKERFINU

Baugsmálið hefur nú verið til umfjöllunar fyrir dómstólum síðan fyrsta ákæran var gefin út 1. júlí 2005. Málið hefur tekið ýmsar stefnur síðan og eflaust fáið sem þekkja feril þess vel.

Í málinu sem nú er fyrir dómi er fjallað um þann hluta Baugsmálsins sem varð til þegar settur saksóknari gaf út endurákæru í níttján liðum. Endurákæran var gefin út í kjölfar þess að Hæstiréttur vísaði 32 af 40 ákæruliðum frá dómi í október 2005. Sýknað var í þeim átta ákæruliðum sem ekki var vísað frá.

Meðal þess sem ákært er fyrir í þessum hluta málsins er fjárráttur, bókhaldsbrot og brot gegn hlutafélagalögum. Málið var flutt í héraðsdómi fyrir rúmu

ári og í Hæstarétti í gær og í dag. Reiknað er með dómi Hæstaréttar fyrir miðjan júní.

Þrjú eru ákærðir í málinu:

- Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir bókhaldsbrot í héraðsdómi.
- Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, fékk tólf mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir fjárrátt og bókhaldsbrot í héraði.
- Jón Gerald Sullenberger, eigandi Nordica Inc á Flórída, fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir bókhaldsbrot í héraðsdómi.

með lánunum frá Baugi til tengdra fyrirtækja. Lánveitingarnar áttu sér stað á árunum 1999 til 2001 og voru að upphæð samtals 269 milljónir króna.

Héraðsdómur áleit refsheim-

ildina óskýra og að ekki væri hægt að refsastjórnendum þar sem reglan banni félögum að veita lán, ekki stjórnendum.

Sigurður Tómas krafðist þess í gær að Hæstiréttur dæmi Jón Ásgeir fyrir brotin, sem hann kallaði sjálfsafgreiðsluviðskipti. Hann benti á að refsiaðkvæðin séu augljóslega sett til höfuðs stjórnendum sem brjóti lögin.

Sigurður Tómas lagði í gær ríka áherslu á að Hæstiréttur fjalli um sönnunargildi tölvupósta sem lagðir hafa verið fram sem sönnunargögn í málinu. Hann benti á að héraðsdómur hafi litið framhjá póstunum og hafi því ekki tekið afstöðu til þeirra.

Sakborningar hafa aldrei haldið því fram að tölvupóstarnir séu falsaðir og ekkert bendir til þess að svo sé, að sögn Sigurðar. Hann sagði vitanlega hægt að falska tölvupósta, en það eigi einnig við um önnur gögn. Í þessu máli sé sönnunargildi tölvupóstanna verulegt og útilokað sé að líta fram hjá þeim. brjann@frettabladid.is



ORÐRÉTT

„Eigum við að gera meiri kröfu til smábátasjómannanna [...] en forstjóra stórfyrirtækis sem skráð er í kauphöll Íslands?“

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, tók dæmi um dóm þar sem fram kom að smábátasjómaður hefði átt að þekkja efni laga um sína starfsgrein. Sama eigi við um stjórnendur fyrirtækis.

„Baugur var ekki banki.“

Sigurður Tómas sagði meintar lánveitingar Baugs til Gaums, Fjárfars og einstaklinga tengdra Baugi einsdæmi, aðrir hafi ekki átt möguleika á því að fá slík lán hjá Baugi.

„Þeir eru sem sagt ófeimnir að leggja fram tölvupósta þegar þeir telja það henta.“

Sigurður Tómas vitnaði í tölvupóst sem Tryggvi Jónsson, einn ákærðu, lagði fram hjá lögreglu. Verjendur sakborninga hafa dregið sönnunargildi annarra tölvupósta í málinu mjög í efa.

„Á þessum árum tefldi Jón Ásgeir á tæpastu vað í fjárfestingum.“


Gríðarlega mikilvægt var að staða Baugs væri sem best í uppgjörum þegar unnið var að kaupum á Breska fyrirtækinu Arcadia, sagði Sigurður Tómas.

„Þetta fólk reyndi án afláts að slá skjaldborg um sakborninga.“

Sigurður Tómas sagði suma núverandi og fyrrverandi starfsmenn Baugs hafa breytt framburði sínum við skýrslutöku í héraðsdómi frá því sem fram kom við skýrslugjöf hjá lögreglu.

FINANCIAL TIMES Í RÉTTARSALNUM

Breskur blaðamaður dagblaðsins Financial Times sat í réttarsal í Hæstarétti í gær og fylgdist með málflutningi saksóknara. Tom Braithwaite sagðist átta sig ágætlega á því hvaða ákæruliði verið væri að fjalla um hverju sinni, þótt hann skilji ekki íslensku. Braithwaite hefur skrifað um Baugsmálið fyrir Financial Times í um tvö ár og ætlar að taka viðtöl við málsmála hér á landi.



Láttu ekki vín breyta þér í svín
Drektu eins og manneskja

 VÍNBUÐIN

vinbudin.is



Formaður stjórnar Faxaflóahafna segir það skyldu að ná heildarsýn um skipulag: Hætta bútasauri við höfnina

SKIPULAGSMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, kveðst vona að opin samkeppni um Reykjavíkurböfn skili spennandi hugmyndum.

„Gamla höfnin er hluti af borgarmyndinni og stendur okkur mörgum nærri en margar breytingar sem hafa verið gerðar þar hafa verið bútasauri í stað þess að litið hafi verið heildrænt á svæðið,“ segir Júlíus.

Sem dæmi um tillögur sem þegar hafi komið fram nefnir Júlíus viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip fyrir framan gamla hús Ríkisútvarpsins og landfyllingar út frá Örfirisey, sem hann segir ávísun á



REYKJAVÍKURHÖFN Allt hafnarvæðið frá Ingólfsgarði vestur í Örfirisey er undir í væntanlegri hugmyndasamkeppni um skipulag svæðisins.

MYND/FAXAFLÓAHAFNIR gríðarmikla stækkunarmöguleika fyrir Reykjavík. Einnig séu margar hugmyndir um nýtingu Miðbakkans.

„Á undanförunum mánuðum höfum við í hafnarstjórn fengið

fjölda hugmynda um uppbyggingu á okkar borð frá fólki. Okkur hefur þótt það allt saman áhugavert en teljum ekki ábyrgt að taka afstöðu til hvers verkefnis fyrir sig heldur sé það skylda okkar að horfa til framtíðarþróunar Reykjavíkurborgar,“ segir Júlíus, sem leggur áherslu á samvinnu Reykjavíkurborgar sem atvinnusvæðis við íbúðarbyggðina.

„Reykjavíkurböfn er fyrir atvinnustarfsemi en er ekki skúthöfn fyrir milljarðamæringa og það þarf að flétta höfnina saman við þá íbúðarbyggð sem færast æ nær og við þá listastarfsemi sem er komin í návígi við hana.“ - gar

Útflutningi á sjávarfangi stefnt í hættu

Taki Ísland ekki upp matvælaggjöf Evrópusambandsins er fiskútflutningi stefnt í hættu, að mati formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Geir Haarde forsætisráðherra telur upptökuna óhjákvæmilega.

STJÓRN MÁL Geir H. Haarde, forsætisráðherra og Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, telja bæði óhjákvæmilegt að Ísland taki upp matvælaggjöf Evrópusambandsins.

„Ég held að það sé alveg ljóst að við komumst ekki hjá því að taka upp þessar reglur, spurningin er bara hvenær það gerist og hvort að við erum þá búin að búa okkur nægilega vel undir það,“ sagði Geir á opnum fundi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri í fyrrakvöld.

Arnbjörg tók í sama streng. Hún sagði flókið að taka löggjöfina upp enda kallaði hún á breytingar á fjölda laga. Undan því yrði hins vegar ekki vikist vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. „Færi svo að það yrði ákveðið að taka ekki upp þessar reglur hér þá værum við að setja fiskútflutning okkar í hættu,“ sagði Arnbjörg og vísaði þar til þess að matvælaggjöf ESB nær bæði til fisks og kjöts. Löggjöfin snýr meðal annars að hollustuháttum matvæla og fari svo að Íslendingar kjósi að taka hana ekki upp gæti það þýtt kostnaðarsama og tafsama skoðun á útfluttum fiski á landamærastöðvum í Evrópu.

Frá upptöku EES sammingsins hefur Ísland haft undanþágu frá innflutningi á fersku kjöti.

Á fundinum á Akureyri komu fram efasemdir um ágæti matvælaggjafarinnar enda væri stöðu landbúnaðar og matvælavinnslu ógnað með auknum inn-



LANDAÐ Öbreyttur fiskútflutningur er undir því kominn að matvælaggjöf Evrópusambandsins verði tekin upp, að sögn formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR flutningi kjötvara. Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði tækifæri felast í löggjöfinni; ekki mætti horfa á hana sem tóma ógn.

Málið er til meðferðar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og hét Arnbjörg fundarmönnum að það yrði skoðað rækilega með hagsmuni landbúnaðarins og sláturleyfishafa að leiðarljósi.

Framsóknarflokkurinn og VG hafa varað við upptöku löggjafarinnar og segja hana ógn við íslenskan landbúnað. Þá telja Bændasamtökin brynt að afgreiðslu málsins verði frestað til haustsins svo rýmri tími gefist til að fara yfir málið.

Áhyggjur af löggjöfinni stafa

bæði af ótta við að innflutt kjöt kippi stöðunum undan rekstri íslenskra bænda og eins því að innfluttu kjöti fylgi sjúkdómar. Í grein í Bændablaðinu á þriðjudag sagði Halldór Runólfsson yfirdýralæknir að meiri líkur væru á að hingað bærust framandi dýrasjúkdómar með fólki heldur en með löglega innfluttu hráu kjöti.

Í sama blaði var vitnað til Stefáns Geirs Þórssonar, hæstaréttarlögmans og sérfræðings Bændasamtakanna í Evrópurétti, sem segir engin haldbær gögn hafa komið fram sem sýni fram á að nauðsynlegt hafi verið að gefa eftir unandþáguna í EES sammningnum um innflutning á fersku kjöti.

bjorn@frettabladid.is

Lögreglan á Húsavík með viðbúnað vegna flóðs:

Vegkantur skreið undan vörubílnum

SLYS Þjóðvegurinn á Mývatnsöræfum, skammt frá Grímsstöðum, fór í sundur á um 200 metra kafla um klukkan ellefu í fyrrinótt. Var því ófært um hann uns gerð var einbreið hjáleid um hádegisdag í gær. Skömmu síðar sat rúta með þýskum ferðamönnum þar föst og var veginum lokað aftur tímabundið.

Ökumaður á flutningabíl með tengivagni var á veginum þegar byrjaði að flæða. Gat hann ekki bakkað bílnum úr ógöngunum svo hann fór út úr honum, að sögn lögreglunnar á Húsavík. Aðeins nokkrum mínútum síðar skreið vegurinn upp undan bílnum sem fór á hliðina. Í honum var 22 tonn af fiski.

Umferð var hæg um hjáleidina síðdegis í gær að sögn lögreglu sem stjórnaði umferðinni á um 400 metra kafla. Aðeins er opið fyrir



VÖRUFLOTNINGABÍLL Á HVOLFI Aðeins liðu nokkrar mínútur uns bílstjórnin yfirgaf flutningabílinn og þar til flóðið sópaði veginum undan bílnum og setti hann á hliðina.

MYND/STÖÐ 2

umferð úr einni átt í einu og verða ökumenn að fara hægt hjá. Lögreglan telur að nokkra daga taki að koma vegarkafnanum í samt lag aftur.

- jse

BÆJARHREPPUR

Skipuleggja án landeiganda

Sveitarstjórn Bæjarhrepps hefur ekki kynnt breytingar á deiliskipulagi á Borðeyri fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem fer með forræði á ríkislandi sem verið er að skipuleggja. Í skipulaginu er gert ráð fyrir sumarhúsi sem tengdafólk oddvítans hefur þegar flutt á staðinn.

LÖGREGLUFRETTIR

Bilvelta fyrir austan

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í Oddskarði um klukkan níu í gærmorgun með þeim afleiðingum að billinn valt. Að sögn lögreglunnar á Eskifirði meiddist maðurinn ekki en billinn er mikið skemmdur.

Eiturlyf og peningar

Marijúana fannst við húsléit í miðborginni í fyrrakvöld. Á sama stað lagði lögreglan hald á tæplega 400 þúsund krónur í peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Tveir voru handteknir.

MP
FJÁRFESTINGARBANKI

Hvaða verðbréf eru í þínu eignasafni?

sérþekkt
árangur
persónuleg

EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér

www.mp.is Sími 540 3200

3M **Glerfínar gluggafilmur**
- aukin vellíðan á vinnustað

3M gluggafilmur
fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði
Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV
BYRINDUE 03904

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Lögreglan á Akureyri: Innbrotspjófar teknir á flötta

LÖGREGLA Tvö innbrot voru framin á Akureyri milli klukkan fjögur og fimm aðfaranótt miðvikudags. Svo virðist sem þrír menn á þrítugsaldri hafi verið að verki í bæði skiptin og eru þeir nú í haldi lögreglu.

Fyrra innbrotið var í Endurvinnslustöðinni en hið síðara í Dýraspítalanum Lögmanshlíð. Að sögn lögreglunnar á Akureyri er óljóst eftir hverju mennirnir voru að slagjast en enga fjármuni var að hafa á stöðunum tveimur. Lögreglan kom auga á mennina akandi skammt hjá dýraspítalanum og voru þeir handteknir eftir nokkurn eltingaleik. - jse

Hafnarfjörður býður upp á mikla dagskrá í tilefni 100 ára afmælis bæjarins:

Búist við allt að 50.000 manns á tónleika

AFMÆLI „Það er mikill afmælishugur í Hafnirfirðingum þessa dagana enda erum við búnir að bíða í hundrað ár eftir að geta haldið þessa hátíð,“ segir Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Viðamikil dagskrá afmælishelgar bæjarins var kynnt formlega í fyrradag og ber þar einna hæst stórtónleika á Víðistaðatúni, hátíðarbæjarstjórnarfund í gamla góðtemplarahúsinu og Bryggjuball með fiskiveislu á sjálfan afmælisdaginn.

Afmælishelgin verður haldin hátíðleg 29. maí til 1. júní. Ber hátíðin heitið Heimboð í Hafnarfjörð, en hugmyndin að baki þeirri nafngift er sú að Hafnirfirðingar bjóði landsmönnum öllum í heljarinnar afmælisveislu. Hápunkturinn verður að teljast stórtónleikarnir Hafnarfjörður rokkað sem fara fram á Víðistaðatúni laugardaginn 31.

maí, en meðal þeirra sem þar stíga á svið eru Megas og Senupjófarinn, Sprengjuhöllin, Sálín og Björgvin Halldórsson. Lúdvík býst við fjölmenni á túnið.

„Við reiknum með þrjátíu til fimmtíu þúsund gestum á tónleikana. Víðistaðatúnið er stórt og mikið og í raun algjör kjörausta til að halda svona tónleika.“ Spurður hvort öðrum en Hafnirfirðingum sé boðið í afmælið segir Lúdvík svo vissulega vera. „Þetta er ekki einkaveisla fyrir okkur Hafnirfirðinga því saga bæjarins er hluti af sögu þjóðarinnar. Því viljum við hvetja alla vini Hafnarfjarðar nær og fjær til að koma í heimsókn.“ - kg

AFMÆLI Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og fulltrúar afmælisnefndar kynntu dagskrá afmælishelgar bæjarins á Fjörúkránni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Náttúrufræðingar:

Neitað um fund með Árna

KJARAMÁL Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur farið fram á fund með Árna Mathiesen fjármálaráðherra en verið neitað um fundinn.



Forystumenn innan BHM ræða nú sín á milli að fara sameiginlega fram á fund með fjármálaráðherra, og jafnvel fleiri ráðherrum, til að áréttu

kröfuna um stuttan samningstíma og samningsumboð samninganevndar ríkisins.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, hefur sent formönnum aðildarfélaganna BHM bréf þar sem hún greinir frá því að lítið sé að gerast á samningafundum og að samningsumboð samninganevndar ríkisins virðist takmarkað. Halldóra kannar hvort vilji sé fyrir því að BHM fari í nafni aðildarfélaganna fram á fund með ráðherra. Ákvörðun verði tekin á næstu dögum. - ghs

PATREKSFJÖRÐUR

Verðtryggðar skólamáltíðir

Kaffi- og veitingastofan Þorpið fær greiddar verðbólgebætur aftur í tímann vegna skólamáltíða fyrir Patreksskóla á Patrekfirði. Bæjarráð Vesturbyggðar hefur einnig samþykkt að greiðslur til Þorpsins verði endurskoðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á neysluverðsvisitölu.

UTANRÍKISMÁL

Trúnaðarbréf afhent

Gunnar Pálsson hefur afhent stjórnvöldum á Maldíveijum trúnaðarbréf sitt, fyrstur íslenskra sendiherra. Hann verður með aðsetur í Nýju Delí.

SVÍÐJÓÐ

Fasteignaverð lækkar

Fasteignaverð fer lækkandi í Svíþjóð. Í sautján af 21 léni í Svíþjóð hefur fasteignaverðið lækkað eða staðið í stað síðustu mánuði, og ekki útlit fyrir breytingu þar á.



fríða
SKARTGRIPAHOÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

Gengur stjórnin í leiðslu?

Ráðstefna á Grand Hótel, föstudaginn 16. maí frá kl. 14 – 17.

GRAND
HÓTEL
REYKJAVÍK
16. MAÍ

WWW.PWC.IS

WWW.BIFRÖST.IS

DAGSKRÁ

Setning og inngangsorð, Bryndís Hlökkvörðsdóttir, aðstoðarrekstur Háskólans á Bifröst.

Ávarp viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar.

David Austin, PwC UK - governance & public sector:
"Recent UK Public Sector Governance Developments - Checks and Balances".

Ástráður Haraldsson, hrl. og dósent í Lagadeild Háskólans á Bifröst:
"Rekstrarform ríkisrekstrar og réttarvernd opinberra starfsmanna".

Ragnar Þ. Jónasson, Fyrirtækjaráðgjafi PwC:
"Stjórnarhættir fyrirtækja - hvar erum við stódd? - Eiga sömu sjónarmið við um opinber og skráð félög?"

Panelumræður.

Samantekt og slit - Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.

Ráðstefnan fer fram á Grand Hótel þann 16. maí nk. milli kl. 14 og 17.
Ráðstefnustjóri er Ólöf Nordal alþingismaður.

RÁÐSTEFNA HÁSKÓLANS Á BIFRÖST OG PRICEWATERHOUSECOOPERS:

Stjórnarhættir hins opinbera og einkageirinn – gagnkvæmur lærdómur?

Háskólinn á Bifröst og PricewaterhouseCoopers leiða saman hesta sína og leita svara við spurningunni um hvernig stjórnarhættir séu ákjósanlegastir og hvort hið opinbera og einkageirinn geti lært hvort af öðru. Rætt verður um hvort æskilegt sé að stjórna opinberum fyrirtækjum með sambærilegum hætti og einkareknum. Þá verður velt vöngum yfir starfs- umhverfi stjórnenda opinberra fyrirtækja, með hvaða hætti stjórnir séu skipaðar og hvort góðir

stjórnarhættir ráði ríkjum alla jafna. Hugað verður að nálægðinni við opinbert vald, svo sem stjórnáráðgjöf, og spurt hvernig það endurspeglar í stjórnarskipulagi og stjórnarháttum sem og hvaða áhrif stjórnsýslulög, sveitastjórnarlög og lög um opinbera starfsmenn hafi á stjórnarhætti.

Skráning fer fram á bifrost@bifrost.is, aðgangseyrir er 2000 kr., greiðist við innganginn. Allar nánari upplýsingar fást á www.bifrost.is og www.pwc.is.

PRICEWATERHOUSECOOPERS

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



ORKU- OG TÆKNISKÓLI

- Orku- og tækniskóli Keilis mun sinna kennslu og rannsóknum á sviði tækni og vísinda. Sérstök áhersla er lögð á greinar sem nýtast við vinnslu og nýtingu innlendrar orku.
- Miðlun tækni og þekkingar til uppbyggingar á íslensku atvinnulífi og samfélagi er mikilvæg til framtíðar.
- Einstök staðsetning skólans á háhitasvæði Reykjaness, og samstarf við íslensku orkufyrirtækin og innlenda sem erlenda háskóla, mun nýtast við að koma upp hagnýtu tækninámi.

VIRKJUM HUGVITIB

Innan við 10% nema við íslenska háskóla stunda verk- og tækninám, sem er helmingi lægra hlutfall en víðast hvar í nágrannalöndum okkar.* Iðn- og verknám stendur höllum fæti í skólakerfinu.

Tæknivætt samfélag nútímans þarf á vel menntuðu fólki að halda til að standast alþjóðlega samkeppni. Á tímum hnattrænnar hlýnunar og aukinnar vitundar í umhverfismálum eru endur nýtanlegar orkulindir Íslendinga ómetanlegar. Til nýtingar á þeim þarf hæft og vel menntað fólk. Aðrir gearar atvinnulífsins þurfa einnig á fjölhæfu og skapandi fólki með trausta tæknimenntun að halda.

Helstu auðlindir Íslands eru hugvit og sköpunarkraftur íbúa landsins ásamt grænum orkulindum þess. Orku- og tækniskóli Keilis vill samtvinna þessar auðlindir í námi sem veitir tæknilega og vísindalega undirstöðu til að leysa úr læðingi orku og hugvit.

*Hagstofa Íslands 2006

Virkjum hugvitið

Orku- og tækniskóli Keilis



Keilir
Atlantic Center
of Excellence



PERÚSKUR SKÆRADANS Þessi bóndi frá Ayacucho í Perú sýndi mikla fími þegar hann á þriðjudag dansaði hefðbundinn skæradans í Lima, höfuðborg Perú.
ERNESTO BEAVIDES/AFP PHOTOS

Mótmælandi við Kárahnjúka sem ákærður var fyrir að berja utan í lögreglubíl: Sýknaður af ákærum lögreglunnar

DÓMSMÁL Ólafur Páll Sigurðsson var í Héraðsdómi Austurlands sýknaður af því að hafa slegið í lögreglubíl. Framburður lögreglunnar þess efnis dugði ekki til sakfellingar þar sem ekki lágu aðrar sannanir fyrir.

Fjórir lögregluþjónar voru á eftirlitsferð við Snæfells-skála. Þeir báru allir að drifið hefði að þeim fólk sem látið hefði illilega. Ólafur Páll hefði verið sýnu æstastur og þegar bílurinn var ekið hægt að hópnum hefði hann lamið nokkrum sinnum á vélarhlífina, sparkað í hlið bifreiðarinnar og lamið í hliðarrúðu við aftursæti. Þá hefði hann tekið upp stein, en



SÝKNAÐUR Ólafur Páll er stofnandi Saving Iceland. Hann segir lögreglu hafa keyrt vísitandi á sig.

lögreglumennirnir yfirgefið vettvanginn við svo búid.

Ólafur Páll sagði allt aðra sögu

af atvikinu. Hann hefði staðið á móts við bifreiðina, sem allt í einu hefði farið á fleygiferð og hann kútvælst upp á vélarhlífina. Þar hafi hann náð að bera hendurnar fyrir sig.

Lögreglumennirnir báru að skemmdir hefðu verið á vélarhlífinni og af þeim hefðu verið teknar myndir. Þær voru ekki lagðar fram fyrir dómi, né heldur var rætt við önnur vitni á staðnum. Þá var ekki lagður fram sundurliðaður verkstæðiskostnaður fyrir viðgerðum á meintum skemmdum.

Héraðsdómur sýknaði því Ólaf Pál af ákærunum. Málsvarnarlaun hans greiðast úr ríkissjóði. - kóp

Talsmaður neytenda:

Boðar símafyrirtæki á fund

NEYTENDUR Talsmaður neytenda hefur boðað fulltrúa Símans og Vodafone á fund sinn. Farið verður yfir nýleg tilmæli um tilkynningar til neytenda um verðhækkanir og hvernig þau hafa verið, eða verða, uppfyllt.

Fyrirtækjunum ber að tilkynna viðskiptavinum sínum um verðhækkanir með mánaðar fyrirvara, samkvæmt tilmælunum. Fulltrúar þeirra beggja féllust á að fylgja tilmælunum. Viðræður hafa staðið yfir um hvernig form tilkynninganna skuli vera.

Verði farið eftir tilmælunum hyggst talsmaður neytenda ekkert aðhafast frekar. - kóp

Réttarhöld í Milánó:

Meðferð meints CIA-fanga lýst

ÍTALÍA, AP Eiginkona egypssks múslimakerks, sem var rænt af götu í Milánó í febrúar 2003, lýsti fyrir rétti þar í borg í gær pyntingunum sem hún segir mann sinn hafa mátt þola í fangelsi í Egyptalandi sem fangi bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Réttarhöldin eru hluti af málaferlum gegn 26 liðsmönnum CIA og ítölskum samverkamönnum sem ítalskir saksóknarar hafa efnt til í því skyni að upplýsa mál Osama Mustafa Hassan Nasr, sem hinir ákærðu eru sakaðir um að hafa rænt og látið pynta í leynilegu varðhaldi í fjórtán mánuði, í nafni „stríðsins gegn hryðjuverkum“.

Dómari hefur ákveðið að Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, skuli stefnt sem vitni fyrir réttinn. - aa

Bush Bandaríkjaforseti tjáir sig um friðarhorfur á ferð um Mið-Austurlönd:

Segir Ísrael fordæmi lýðræðisþróunar

ÍSRAEL, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í Jerúsalem í gær að sextíu ár lýðræðis í Ísrael gæfu tilefni til bjartsýni á lýðræðisþróun um öll Mið-Austurlönd. „Það sem gerðist hér er mögulegt alls staðar“, sagði hann við upphaf ferðar um Mið-Austurlönd í tilraun til að blása lífi í friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna.

„Markmið Bandaríkjanna verður að vera að styðja okkar helsta bandamann og vinaþjóð í Mið-Austurlöndum... og tala jafnframt um framtíð sem lofar góðu,“ sagði hann eftir viðræður við Shimon Peres, forseta Ísraels.

Bush hefur sagst vongóður um að mögulegt sé að ná samkomulagi um frið milli Ísraela og Palestínumanna og stofnun palestínsks ríkis áður en forsetatíð

hans lýkur í janúar næstkomandi. Bandaríski utanríkisráðherrann Condoleezza Rice lýsti því yfir fyrr í vikunni að það væri „ósennilegt, en ekki ómögulegt“ að ná slíku samkomulagi á næstu átta mánuðum.

Tveir óbreyttir palestínskir borgarar og þrír skæruliðar voru í gær dreppnir af ísraelskum hermönnum á Gaza-ströndinni. Sprengiflaug sem varpað var frá Gaza sprakk í verslunarmiðstöð í ísraelska bænum Ashkelon. Fjórtán manns særðust. - aa

BANDAMENN Olmert, Bush og Peres snúa bókum saman í Jerúsalem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Allir velkomnir í Bása!

PROGOLF

KAUPPING

Kaupþing og Pro Golf bjóða landsmönnum öllum **frítt í Bása** laugardaginn **17. maí** frá klukkan 10.00-18.00.

Mætið snemma því fyrstir koma, fyrstir fá.

Dagurinn er fyrir alla fjölskylduna og verður Grafarkotsvöllur fullur af skemmtilegum þrautum fyrir hressa krakka.

Á staðnum verða golfkennarar frá **Pro Golf** ásamt kynningu og spennandi tilboðum frá:

eccō **+cross** **NEVADA BOB**

Opið frá 9 til 22

Sprennidagur

25%
afsláttur af öllu

nema 15% af snyrtivörum og Hugo Boss

Við opnum kl. 9 og bjóðum:
15% aukaafslátt fyrir morgunhana
milli kl. 9 og 12 af eftirfarandi vörumerkjum:

Allar vörur frá Esprit
Mexx fyrir herrana
Ticket to heaven fyrir börnin

Turnover fyrir dömuna
Stones fyrir herrana

Solid fyrir herrana
Jackpot fyrir dömuna

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

„ORÐRÉTT“

Stór samvinnusjóður

„Við látum ekkert uppi um þetta en Samvinnusjóðurinn verður mjög stór.“

KRISTINN HALLGRÍMSSON FORMADUR SKILANEFNDAR EIGNARHALDSFÉLAGS SAMVINNUTRYGGINGA
Markaðurinn 14. maí 2008

Lögfræðidrama

„Við erum ekki eins leiðinlegir og menn kynnu að halda.“

BRYNJAR NÍELSSON LÖGMAÐUR
Fréttablaðið 14. maí 2008

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? FRÍÐRIK KARLSSON TÓNLISTARMADUR

Spilar fyrir Simon Cowell hinn hrjúfa

„Það er nóg að gera enda er ég hálfgerður alltmúligmann, mér leiðist að hjakka í sama farinu,“ segir Friðrik Karlsson tónlistamaður sem hefur verið búsettur í Lundúnum í 12 ár. „Þessa dagana er ég að vinna í upptökum á nýjustu plötu Garðars Thors Cortes. Ég er sem sagt upptökustjóri. Það var afskaplega ánægjulegt að hann skildi vera tilnefndur til verðlauna hér í Bretlandi fyrir síðustu plötu og ég vona að þessi verði ekkert síðri, en Íslendingar munu geta dæmt um það þegar hún kemur út í haust.“

Svo hef ég lengi verið að vinna fyrir Simon Cowell, sem flestir þekkja sem hinn harða dómara í Idol þáttunum í Bandaríkjunum. Það má reyndar segja

að þar komi hann til dyranna eins og hann er klæddur, hann er ósköp líkur sjálfum sér þegar hann er að hella sér yfir fólk í Idolinu. Þannig að hann lætur menn heyra það ef honum mislíkar eitthvað, en ég hef verið að vinna með honum í mörg ár svo eitthvað hlýtt ég að vera að gera sem stenst kröfur hans. Nú er ég að spila í nýju þáttunum hans, Britain's Got Talent. Þar spila ég undir hjá þeim sem komast í úrslit.“

Það getur verið stressandi að vinna með þessum miður geðþekka dómara. Það kemur sér afar illa fyrir Friðrik sem hefur undanfarin ár samið og gefið út slökunartónlist. „Ég á hús í Almeríu á Spáni og ég fer þangað annað slagið til að semja slökunartónlist, þar er ró og friður.“



UMTALAD ÁRTAL

1968

■ Eitt mest tilvitnaða ártal 20. aldar er árið 1968 en fyrir réttum 40 árum, í maí 1968, náði stúdentauppreisn í Frakklandi hámarki. Við aðgerðir námsmanna bættust verkföll sem nánast lömuðu samfélagið og það ástand sem við það skapaðist komst nærri því að fella frönsku ríkisstjórnina og forsetann, Charles de Gaulle. Sú hugmyndafræðilega hreyfing sem kennd er við 1968 og þykir einkenna kynslóðina sem var fædd á fimmta áratugnum var alþjóðleg og átti sér ýmsar birtingarmyndir eftir löndum. Sameiginlegir drættir voru meðal annars andstaða við valdboð og höfnun svart-hvítrar tvískiptingar heimsins.



Þriggja daga Hamfarahlaup

SJÓNARHÓLL

MAGNÚS ÞÓR HAFNAR KOMU FLÓTTAMANNA TIL AKRANESS

Eru velkomin í Hafnarfjörð

Magnús Þór Hafsteinsson, varabæjarfulltrúi Frjálslyndra á Akranesi og formaður félagsmálaráðs, telur að Akranesbær sé ekki í stakk búinn að taka við 30 palestínskum flóttamönnum eins og lagt hafði verið til. Af þeim sökum hefur hann lagst gegn hugmyndinni og það hefur vakið sterk viðbrögð í þjóðfélaginu. Hvað segir Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar?



LÚDVÍK GEIRSSON
BÆJARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI

„Mér þykir það nokkuð undarlegt að við í allsnægtþjóðfélaginu getum ekki tekið við fólki sem býr við bágar aðstæður,“ segir hann. En er þetta ekki rökrétt hjá Magnúsi ef hann telur bæinn ekki í stakk búinn að taka við fólkinu? „Ég held ekki að hann sé að hugsa um hann sólsins. Því miður held ég að hann sé hreinlega þeirrar skoðunar að hann vilji ekki fá það.“

Fengi fólkið aðrar viðtökur í Hafnarfirði? „Við erum alltaf til í að taka við fólki sem vil búa hjá okkur. Nú þegar búa hér á annað þúsund manns sem er af erlendu bergi brotið og það er mikill fengur í því.“

Haldið verður Hamfarahlaup á næsta ári þar sem hlaupnir verða 206 kílómetrar frá Herðubreið meðfram Jökulsánni í Ásbyrgi á þremur dögum og gist í tjöldum. Talið er að erlendir hlauparar verði mjög spenntir fyrir hugmyndinni.

Stefnt er að því að halda Hamfarahlaup, lengsta hlaup sem haldið hefur verið á Íslandi, á næsta ári. Hlaupið yrði frá rótum Vatnajökuls norður að brúnni við Grímsstaði á Fjöllum og þaðan vestanmegin meðfram Jökulsá á Fjöllum niður í Ásbyrgi, alls 206 kílómetra leið, á þremur dögum, eða tæpa 70 kílómetra á dag. Gist verður í tvær nætur á hálendinu, líklega í tjöldum.

„Þetta yrði kallað Hamfarahlaup því að það yrði hamfarahlaup í Jökulsánni ef Vatnajökull myndi gjósa og hraunið rynni í norður en ekki suður. Þess vegna notum við sama orð,“ segir Soffía Gísladóttir, hlaupari á Akureyri, sem vinnur að því að skipuleggja hlaupið ásamt öðru góðu fólki.

Hlaupið yrði haldið samhliða Jökulsárhlaupinu sem haldið er síðustu helgina í júlí ár hvert. Þátttakendur í Hamfarahlaupinu yrðu



TÍU TIL FIMMTÁN FYRST „Við erum góð ef við fáum tíu til fimmtán hlaupara í fyrsta hlaupið,“ segir Soffía Gísladóttir, hlaupari á Akureyri, um þátttökuna til að byrja með.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

ræstir tveimur dögum fyrr þannig að þriðja daginn í Hamfarahlaupinu væru allir að koma í mark á sama tíma, hvort sem þeir hefðu hlaupið 206 kílómetra í Hamfarahlaupinu eða í Jökulsárhlaupinu; 32 kílómetra frá Dettifossi, 21 kílómetra frá Hólmsártungum eða 13 kílómetra frá Hljóðaklettum í Ásbyrgi.


Soffía telur ekki óraunhæft að halda fyrsta Hamfarahlaupið á næsta ári. „Þetta krefst gríðarlegs undirbúnings og við þurfum fjármögnun og mikinn starfsmannafjölda í kringum öryggismál. Svo

þurfum við að auglýsa erlendis því að það er ekki svo stór hópur innanlands sem hleypur svona vegalengd,“ segir hún.

Hlaupaleiðin liggur um hálendið þar sem veður getur breyst skyndilega og umhverfið er mjög gróft með stórgrýti og klettum. Fylgjast þarf með hlaupurunum alla leiðina, hvort sem það yrði gert á hjólum, bílum eða með þyrllu. „Við eigum eftir að finna út úr því,“ segir hún.

Soffía bendir á að hlaupið yrði mjög sérstakt, ekki bara innanlands heldur líka erlendis, ekki

HLAUPALEIÐIN



HLAUPALEIÐIN Kortið sýnir hlaupaleiðina frá rótum Jökulsár á Fjöllum yfir Jökulsána við Grímsstaði og norður í Ásbyrgi.

síst vegna þess að hlaupið er í einstökum þjóðgarði langt inni á öræfum og hlaupaleiðin lægi meðfram hinni stórkostlegu Jökulsá og Jökulsárgljúfrum. Fara þyrfti um háan klettavegg og klifra í klettum þannig að hlaupararnir þyrftu að vera í góðu líkamlegu formi.

„Við erum góð ef við fáum tíu til fimmtán hlaupara í fyrsta hlaupið en svo fer þessi hópur hratt stækkandi sem hleypur 100 kílómetra og lengra svo þátttakendum fer örugglega ört fjölgandi.“

ghs@frettabladid.is



FLUGÖRYGGISFUNDUR

Fimmtudaginn. 15. maí 2008

Hótel Loftleiðum kl. 20:00

DAGSKRÁ

Fundarstjóri: Matthías Sveinbjörnsson

20:05 - 20:10 Opnun
20:10 - 21:00 Alvarleg flugatvik árið 2007 - Rannsóknarnefnd flugslysa

[Porkell Ágústsson / Bragi Baldursson]

21:00 - 21:15 Kaffihlé
21:15 - 21:40 Viðhald einkaflugvéla - breytingar

[Sigurjón Sigurjónsson]

21:40 - 22:05 Mannlegi þátturinn og einkaflug

[Hlín Hólm]

22:05 Stutt kvikmynd

Fyrirspurnir í lok hvers dagskrárlíðar.
Kaffiveitingar í boði Flugmálastjórnar Íslands

Allt áhugafólk um flugmál velkomið.
Flugvélaeigendur og einkaflugmenn eru hvattir til að mæta.

Flugmálafélag Íslands
Flugmálastjórn Íslands
Flugstoðir
Rannsóknarnefnd flugslysa
www.flugmal.is



Nýsköpun í ferðapjónustu í Bolungarvík:

Ný gistihús, bátar og bryggja

Mikil uppbygging er fyrirhuguð hjá fyrirtækinu Kjarabúð í Bolungarvík og var í síðustu viku skrifað undir 700 milljón króna samning við þýsku ferðaskrifstofuna Kingfisher Reise.

Fyrirhugað er að reisa tuttugu hús til gistingar, smíða tuttugu báta til sjóstangveiða, bryggju fyrir bátana, torgi, verslun og fleiru.

Framkvæmdir munu kosta 300 milljónir og að auki tekur ferðaskrifstofan frá fjórtán vikur á ári fyrir viðskiptavinum sína. Fyrstu tíu hús og bátar eiga að vera tilbúin næsta sumar, en afgangurinn árið 2010.

Soffía Vagnsdóttir er einn forsvarsmanna Kjarabúðar. „Þetta er stór dagur í Bolungarvík. Það er stórkostlegt að geta stuðlað að nýsköpun með erlendu fjármagni,“ segir Soffía, en ítrekar að eftir eigi að afgreiða löðnaumsókn fyrirtækisins.

Kingfisher Reise er virt ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í sjóstangveiðiferðum. Soffía segir að fulltrúar hennar séu mjög spenntir yfir uppbyggingunni í Bolungarvík. Soffía segir að vonast sé til að heimamenn fái vinnu við uppbygginguna. „Við erum að vinna í að bæði bátar og hús verði smíðuð hér. Það ætti að geta skapað þó nokkur störf. Þar að auki verða til störf í þjónustu þegar uppbyggingu er lokið.“

ÞJÓÐLEGT Húsin munu verða í þjóðlegum stíl.



700 MILLJÓNIR Skrifað var undir 700 milljóna króna samningi í Bolungarvík í gær.

- kóp

KAWASAKI SJÁLFSTÆÐI OG KRAFTUR



■  Kawasaki

NINJA ZX 6R

Eitt flottasta sporthjólíð á götunni. Mögnuð hönnun og ótrúlegur kraftur. Vatnskælt, bein innspýting, 167 kg, 125 hestöfl, 6 gírar.

VERÐ: 1.410.000

JONSSON & LEWIS • JÚLÍ • SÍA



■  Kawasaki

VULCAN VN 900 CUSTOM

Glæsilegt götuhjól í sígildum stíl. Vatnskælt, bein innspýting, 249 kg, 54 hestöfl, 5 gírar.

VERÐ: 1.190.000

■  Kawasaki

VERSYS


Frábært ferðahjól sem hefur komið einstaklega vel út úr prófunum. Vatnskælt, bein innspýting, 181 kg, 64 hestöfl, 6 gírar.

VERÐ: 990.000



Kjarni málsins

> Fjöldi grunnskólanema með pólsku að móðurmáli.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS.

menntun

nám, fróðleikur og vísindi

NEMANDINN: ELÍSBET JÖKULSDÓTTIR NEMANDI Í FRÆÐUM OG FRAMKVÆMD

Þverfræðilegar leikhúslistir

Elisabet Jökulsdóttir er í fyrsta útskriftarangi fræða og framkvæmdar, sem byrjað var að kenna við leiklistardeild Listaháskóla Íslands fyrir þremur árum. Um þessar mundir standa yfir sýningar á leikriti sem hún samdi og setti upp sem lokaverkefni í náminu.

Elisabet segir að námið sé illskilgreinlegt en best sé að lýsa því sem blöndu fræðilegrar og listrænnar fræðslu um sviðslistir. „Við förum í gegnum það hvað ótal fræðimenn hafa um leikhúsið að segja en svo er líka miklu þúðri eytt í að vera á sviði – læra og leika okkur þar.

Strákarnir í bekknum hafa notað orðið leikhúslistamaður til að lýsa náminu í víðri merkingu; við erum ekki lokuð af í einum bás heldur látin atast í þessu öllu. Við vorum að grínast með hvaða titil við ættum

að útskrifast með. Ég stakk upp á því að ég gæti einfaldlega kallað mig leikhús.“

Elisabet segist hafa ákveðið að fara í þetta nám með það að markmiði að reka smíðshögg á leikrit sem hún hafði verið að skrifa í átta ár og telur námið hafa gagnast sér mikið. „Verkið er sprottið af ákveðnu „trauma“ í sjálfri mér sem var orðið að „trauma“ í leikritinu – og þannig séð tvílæst og ég var alltaf að fara í hringi með það, en skólinn opnaði ákveðnar dyr sem gerðu mér kleift að vinna úr því.“

Elisabet segir námið líka hafa verið gæfuspor því hún hafi fundið dansarann í sér og einn af hápunktunum hafi verið dansverk sem hún samdi, en dýrmætasta reynslan hafi verið að kynna þvi hvernig er að vera á sviðinu. Það skiptir öllu – líka fyrir leikritaskáld.“



Viðskiptadeild HR fær viðurkenningu:

Á meðal þeirra bestu í heimi

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík (HR) var á dögum valin á lista yfir eitt þúsund bestu viðskiptaháskóla og viðskiptadeildir háskóla í heimi. Skólinn hafnaði í 117. sæti.

Það eru samtökin Eduniversal sem standa fyrir valinu, en þau meta háskóla víða um heim. Tólf manna nefnd valdi eitt þúsund skóla frá 150 löndum. Forsetar deildanna/skólanna nefndu síðan þá skóla sem þeir gætu mælt með. Fjórdi hver deildarforseti merkti við HR sem skóla sem þeir gætu mælt með. Það er því ljóst að viðskiptadeild HR er vel kynnt víða um heim.

Á listanum eru 256 skólar í Vestur-Evrópu og hafnaði HR í 46. sæti af þeim.

Porlákur Karlsson, forseti við-

skiptadeildarinnar, segir að viðurkenningin sé hvatning til aukinnar sóknar. „Það er óskaplega mikil samkeppni í þessu og allt svona brýnir okkur áfram. Við lítum á þetta sem viðurkenningu á okkar starfi, ekki síst því alþjóðlega tengslaneti sem við höfum eflt.“

Porlákur segir nú unnið að því að fá alþjóðlega vottun fyrir MBAnám í skólanum og í kjölfarið fylgi fleiri námsleiðir.

Ekki komust aðrir íslenskir skólar á blað í könnuninni. - kóp

GÓÐUR ÁRANGUR Porlákur Karlsson og hans fólk í viðskiptadeild HR hefur unnið gott starf sem vakið hefur athygli víða.



Þúsundir við nám í sumar

Reikna má með að vel á þriðja þúsund nemenda stundi nám sem hægt er að meta til stúdentsprófs í sumar. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður upp á sumarskóla og hægt er að stunda fjarnám í sumar við Verzlunarskóla Íslands og Fjölbraut í Ármúla.

Námsframboð hefur breyst mikið undanfarin ár. Sú tíð er liðin þegar skólinn var sniðinn að þörfum atvinnulífsins og unglingar fengu sumarfrí þegar sauðburður hófst og komu í skóla að loknum réttum. Nú geta nemendur púslað námi sínu saman sjálfir og sumarnámið eykur valmöguleikana.

Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti (FB) er starfræktur sumarskóli. Torfi Magnússon, einn af umsjónarmönnum hans, segir aðsóknina mjög góða. „Í fyrrasumar voru hér 1.060 nemendur og ætli þeir verði ekki eitthvað fleiri í ár,“ segir Torfi.

Skólinn er ekki bundinn við nemendur FB og meirihluti nemenda kemur úr öðrum skólum. Torfi segir marga sem vilja flýta útskrift sækja í sumarskólann. „Hér geta menn tekið 21 einingu yfir sumartímann og kannski stýtt nám sitt um eina önn. Þá er mjög algengt að nemendur sem hafa fallið í einhverjum fögum taki þau upp hér.

Þá hefur það færst í aukana að nemendur úr grunnskóla taki svokallaða 0-áfanga hér, en þá áfanga verða þeir að taka falli þeir á samræmdu prófunum. Þannig geta

þeir hafið nám að hausti á sama stað og þeir sem náðu. Í fyrra voru þetta um 260 nemendur,“ segir Torfi.

Sumarskóli FB er rekinn af Fjölvali, sem er sjálfseignastofnun í eigu FB. Rukkað er fyrir hverja einingu og kostar hún 6.200 krónur. Kennsla fer fram á kvöldin alla virka daga.

Versló og FÁ bjóða upp á fjarnám yfir sumartímann. Engin mætingaskylda er en prófað er að lokinni námsönn. Nemendur koma viðsvegar að, úr öðrum skólum eða utan hefðbundins náms.

Steinunn H. Hafstað, fjarnámsstjóri FÁ, segir nemendur hafa verið um 800 í fyrra. „Við erum með nú eininga hámark, en endurskoðum það ef óskað er eftir.“ Fastur kostnaður í FÁ er 6.250 krónur og hver eining kostar 1.500 krónur.

Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri Versló, segist reikna með ríflega 600 nemendum í sumar. Skráningargjald þar er 5.000 krónur og hver eining kostar 2.000.

Nemendur í fjarnámi eru, eðli málsins samkvæmt, ekki bundnir við ákveðinn stað. Prófin fara því fram viðsvegar um heim, jafnt í Kína sem Kanada. Þá hafa nemendur tekið próf á hafi úti og gegnir skipstjórinn þá hlutverki prófdómara.

Aðsókn í fjarnám hefur aukist mikið. Nú er svo komið að einhverjir nemendur sem hafa stundað allt sitt nám í fjarnámi nálgast útskrift. Mun algengara er þó að nemendur hefji hefðbundið nám en ljúki því í fjarnámi. Fleiri skólar bjóða upp á fjarnám, en ekki að sumarlagi. kolbeinn@frettabladid.is

BRÚÐARGJAFALISTI HABITAT FALLEG GJÖF VIÐ SKRÁNINGU

Opið á fimmtudögum til kl. 21.00



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnarlegu verði

Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. Te & Kaffi opið alla daga.

habitat

HOLTAGÖRÐUM




SUMARSKÓLI FB Magnús Ingvason og Torfi Magnússon, umsjónarmenn sumarskólans. Nemendur geta einnig sótt fjarnám hjá Versló og FÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ

Um 80 einingar eru í boði í Sumarskóla FB og mega nemendur taka eins marga áfanga og þeir kjósa. Engin mætingaskylda er og prófað er að önn lokinni. Meðal þess sem boðið er upp á er:

- Fjöldi áfanga í íslensku og sögu.
- Sálfræðiáfangi
- Fjöldi stærðfræðiáfanga.
- Heilbrigðisfræði og sýklafraeði.
- Bókhalld og þjóðhagfræði.
- Fjöldi málaáfanga.

BONUS**BONUS****BONUS****BONUS****998****DANSKAR
KJÚKLINGALUNDIR**

700g 998 kr. pokinn.

**1198****LAMBALÆRI
FROSIÐ Í SNEIÐUM**


1198 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF

**879****KS lambalæri frosið**
879 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF.**2498****KS ferskt lambafillet m/fiturönd**
2498 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF.**498****Ali ferskur svínabógur**
aðeins 498 kr./kg..**40%
AFSLÁTTUR****Ali ferskar svínakótilettur**
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.**30%
AFSLÁTTUR****Ali ferskar svínahnakkasneiðar**
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.**NÝTT KORTATÍMABIL****NÝTT KORTATÍMABIL****NÝTT KORTATÍMABIL****40%
AFSLÁTTUR****Holta ferskir kjúklingabitar (blandaðir)**
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR****Holta ferskir kjúklingavængir**
239 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR****Holta fersk kjúklinglæri m/legg**
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.**98****Bónus smyrill 300g 98 kr.****1798****Bónus hangiálegg í bunka**
aðeins 1798 kr./kg**79****Bónus flatökur**
5 stk. 79 kr.**998****NF íslenskir laxabitar m/roði**
998 kr./kg.**BEINHREINSAÐUR LAX**Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

Útgjöldin

> Meðalverð á vinarþylsum á landinu öllu í maí 1997-2007.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR LJÓSMYNDARI

Lífsreynsla með ryksugusala skelfir

„Ég held að verstu kaup sem ég hef gert hafi verið þegar ég keypti Rainbow ryksugu. Kaupin vildu þannig til að það kom sölumaður heim til mín og seldi mér þetta tryllitæki á raðgreiðslum. Þetta var óþjálsta og ömurlegasta ryksuga sem ég hef á ævi minni eignast en ég varð að kaupa hana því ef ég hefði ekki gert það væri hann ábyggilega enn heima hjá mér,” segir Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari þegar hún er spurð um bestu og verstu kaup ævi sinnar.

„Þetta var sölumaður dauðans og lífsreynslan að sitja uppi með hann skelfileg, enda hélt ég að hann ætlaði að flytja inn til mín þegar hann kom, hann var með

svo mikið af töskum. Ryksugan er sem betur fer löngu komin á haugana.”

Minningarnar um bestu kaupin kalla þó fram öllu ljúfari mynd í huga Önnu Fjólu. „Ég hugsa að ljúfustu og fallegust kaup sem ég hef gert hafi verið þegar ég tók myndir í bók fyrir Sæmund Valdimarsson myndhöggvara. Í staðinn fyrir greiðslu fékk ég stytta að launum. Það er hlutur sem er mér mjög kær.



Vitanlega gæti ég rifjað upp og röflað um einhver kaup á borð við gamlan bíl sem entist vel og svona, en þegar ég hugsa til þeirra hluta sem ég myndi síst vilja vera án þá kemur þessi stytta upp í hugann. Hún fylgir mér svoltíð.”

GÓÐ HÚSRÁÐ

MATARSÓDI Í VASKINN

■ Lára Björg Björnsdóttir gerir silfrið tándurhreit á hálf tíma

Lára Björg Björnsdóttir, sérfræðingur hjá Landsbankanum, lumar á dásæmdar húsráði sem sparar ómælda vinnu fyrir jól og páska. „Í stað þess að fægja silfrið legg ég álpappír í vaskinn og strá matarsóða í botninn. Legg síðan silfrið í vaskinn – tappinn er auðvitað í – og helli soðnu vatni yfir (alls ekki nota heita vatnið!). Þá set ég plötu yfir vaskinn og læt silfrið liggja í hálf tíma. Við það myndast efnajafna sem gerir silfrið líkt og nýtt og skínandi eins og eftir tveggja klukkustunda puð við að fægja.”



Visa fellir niður gjalddaga

Nú er einhliða gjalddagi korthafa hjá Visa 2. hvers mánaðar en lengi vel gátu korthafar valið hvort þeir vildu borga mánaðarlegan Visa-reikninginn 2. hvers mánaðar eða 15. hvers mánaðar. Hjá Valitor hf., sem áður hét Visa Ísland, fengust þær upplýsingar að lengi hefði legið í loftinu að fella niður annan mánaðarlega gjalddagann. Hér áður fyrr hafi ákveðin hópar fengið launin sín greidd um miðjan mánuðinn og því hafi valreglunni verið komið á. Þeim aðilum sem nýttu sér þessa þjónustu hafi svo



fækkað og töldu þeir undir lokin tæplega þriju prósent af kunnahópi fyrirtækisins.

Fræða þarf unglinga betur um neytendamál

Ný skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands leggur til að bætt neytendafræðsla Íslendinga verði sett í forgang. Einkum sé mikilvægt að fræða ungmenni á táningsaldri um neytendamál, þar sem sá aldurshópur sé sá líklegasti til að nota neysluvarning til að styrkja sjálfsímynd sína.

„Bætt neytendafræðsla myndi sannarlega hjálpa til við að draga úr skuldum sem eru tilkomnar vegna vankunnáttu og efnishyggins gildismats, eða lífshyggislaupaskuldum,” segir dr. Ragna B. Garðarsdóttir, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Ragna er einn höfundu skýrslunnar, sem unnin var fyrir viðskiptaráðuneytið og fjallar um stöðu neytendamála á Íslandi.

Í skýrslunni segir að brýnt sé að auka skilning kennara á mikilvægi viðtækra neytendafræðslu og bæta úr skorti á kennsluefni um neytendamál. Enn fremur kemur fram að á hafi skort að sérhver skóli í landinu taki neytendafræðslu föstum tókum og innleiði í stundaskrá sína.

Neytendafræðsla fellur undir lífsleiknikennslu í íslenskum skólum. Aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni frá 2007 kveður á um ýmsa neytendafræðslu sem nemendur eiga rétt á, og í aðalnámskrá framhaldsskóla kemur fram



NEYTENDAFRÆÐSLA Í skýrslu Félagsvísindastofnunar segir að brýnt sé að auka skilning kennara á mikilvægi viðtækra neytendafræðslu.

það lokamarkmið að nemandinn „...verði meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi.“ Þetta þykir höfundum skýrslunnar afar opið orðalag sem leggi ekki skýrar línur um í hverju fræðslan skuli fólgin. Einnig kemur fram í skýrslunni að þrátt fyrir ágæt markmið séu líkur á því að neytendafræðslu í íslenskum skólum sé ábótavant.

Þá er verulega fundið að framboði á kennsluefni um neytenda-

mál í íslenskum skólum. Ragna segir nauðsynlegt að sá hluti verði ekki út undan í kennslunni. „Það er ekki nóg að kenna bara bókhalð, það þarf líka að kenna fólki að greina á milli þess sem það langar í og þess sem það þarf. Það er hluti af fræðslunni, að innræta ákveðin lífsgildi hvað varðar þessa neyslu, rétt eins og við viljum innræta börnunum okkar ákveðin lífsgildi hvað varðar neyslu á fíkniefnum eða hollum mat.“

kjartan@frettabladid.is

Stökktu til Costa del Sol

22. maí
frá kr. 39.990



Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 22. maí. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og njóttu vorsins á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi/stúdíó/íbúð í 7 nætur, m.v. stökktu tilboð. Aukavika kr. 14.000



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið

Dr. Gunnar fékk íslensku neytendaverðlaunin afhent á Grand Hótel í gær: Vekja þarf hina sofandi neytendur til lífsins

NEYTENDAMÁL „Þetta er ágætis viðurkenning og ég er ánægður með hana, en mesta viðurkenningin er samt sú að fólk lesi Okursíðuna og sendi inn dæmi,” segir Dr. Gunnar, fyrsti handhafi íslensku neytendaverðlaunanna.

Dr. Gunnar hefur síðustu átta mánuði haldið úti netsíðu sem er tileinkuð okri af öllu tagi. Alls hafa birst 600 dæmi á síðunni, sem gerir tvö og hálf okurdæmi á dag frá því síðan var stofnuð. Hann segir fólk á fornum vegi tengja sig mikið við þessa síðu. „Í búðum er ég oft spurður hvort mér þyki verðlagið á hinu og þessu vera okur. Um daginn lækkaði afgreiðslumaður í fiskbúð verðið um hundraðkall því hann vildi ekki lenda á okursíðunni, þannig að ég hef stórgreitt á þessu nú þegar,” segir hann og glottir.

Dr. Gunnar fór hörðum orðum um þá aðila sem hann telur bera ábyrgð á okri í þakkarræðu sinni í gær. Kallaði hann þá meðal annars okurhyski og bölvæð helvítis pakk. „Það þarf að vekja hina sofandi neytendur til lífsins,” segir hann. „Fólk verður að vera vakandi og



HANDABAND Björgvín G. Sigurðsson viðskiptaráðherra óskar Dr. Gunnar til hamingju með verðlaunin. Ráðherra sagði Dr. Gunnar hafa vakið marga til vitundar um mikilvægi neytendamála síðustu misserin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

láta ekki fara illa með sig. Ef þú vilt ekki láta okra á þér þá verður ekki okrað á þér.“

Björgvín G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir Dr. Gunnar vel að verðlaununum kominn.

„Gunnar hefur vakið marga til vitundar um mikilvægi neytendamála síðustu misserin. Þessi verðlaun endurspeglar það, auk þess að vera hvatning til áframhaldandi góðra verka,” segir Björgvín. - kg

VOR ÚTSALA

ASUS

**FERÐATÖLVUR
MARGAR GERÐIR**

VERÐ FRÁ 59.990
AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80.000

**SJÓNVARP Í ÖLLUM STÆRÐUM OG
GERÐUM Á FRÁBÆRU ÚTSÖLUVERÐI**

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

TUGPÚSUNDA AFSLÁTTUR

15" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 34.990

TILBOÐ 24.990

32" TOPP LCD TÆKI

FULLT VERÐ 169.990

TILBOÐ 114.990

SÍÐUSTU DAGAR

42" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 199.990

TILBOÐ 139.990

JVC AFSL. 60.000 / 30%

TÖKUVÉL MEÐ HÖRÐUM DISK

FULLT VERÐ 79.990

TILBOÐ 49.990

JVC AFSL. 30.000 / 37%

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 35% AFSLÆTTI

JBL HÁTALARAR OG HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

BÍLTÆKI OG HÁTALARAR Á FRÁBÆRU VERÐI

JVC KENWOOD JBL Panasonic

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990 - FRÁBÆR KAUP

OLYMPUS CASIO Panasonic



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR



ÓDÝRT

12" REIÐHJÓL

Vnr. 49620001-6

Reiðhjól 7.990

Reiðhjól, 12", með hjálpardekkjum, fótbremsu, keðjuhlíf og glitauga. Blátt eða rautt.



16" REIÐHJÓL

Vnr. 49620008/10

Reiðhjól 9.900

Reiðhjól, 16", með hjálpar-dekkjum, fótbremsu, keðjuhlíf og glitauga. Blátt eða rautt.



24" REIÐHJÓL

Vnr. 49602609-10

Reiðhjól 25.900

24" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano girabúnaði, álfelgum og V-bremsum. Silfur/rautt eða blátt/svart.



26" REIÐHJÓL

Vnr. 49620026

Reiðhjól 27.900

Reiðhjól, 26", með tveimur dempurum, 21 gíra, Shimano girabúnaði, álfelgum, brettum og diskabremsum. Svart og appelsínugult.



Mikið úrval af LIMAR reiðhjólahljálum



Vnr. 49630105

Hraðamælir

Digital hraðamælir, 8 prógröm.

2.890



ÓDÝRT

26" REIÐHJÓL

Vnr. 49620200-1

Reiðhjól

26" fjallahjól MOUNTAIN, blátt eða rautt, fyrir karla eða konur. 21 gíra Shimano girabúnaður, gripshipt giraskipting, álfelgur, demparar, glitauga, keðjuhlíf og V-bremsur.

19.900

HJÓLAÐU INNÍ SUMARIÐ



26" REIÐHJÓL

Vnr. 49620222

Reiðhjól

26" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano girabúnaði, álfelgum, brettum og V-bremsum. Appelsínugult/svart.

29.900



Verð frá: **23.900**

Vnr. 88040059-68

Trampolín og öryggisnet

Trampolín 3,6m kr. 23.900,-
Trampolín 4,2m kr. 32.900,-
Öryggisnet 3,6 kr. 16.900,-
Öryggisnet 4,2 kr. 18.900,-



6.900

Vnr. 62611452

Fótboltamark

Fótboltamark 215x150x75 cm.

ÓDÝRT



17.900

20" REIÐHJÓL

Vnr. 49620030

Reiðhjól

Reiðhjól, 20", með tveimur dempurum, 6 gíra, Shimano girabúnaði, álfelgum, brettum og diskabremsum, hvítt og blátt.



SUMAR LEIKUR

GLÆSILEGIR VINNINGAR

1. vinningur - Gasgrill að verðmæti 468.000,-
- 2.-4. vinningur - Grillveisla fyrir 10 manns frá Nóatuni.
- 5.-7. vinningur - Hjól að verðmæti 19.900,-
- 8.-10. vinningur - Borðgashitari að verðmæti 9.990,-

TAKTU ÞÁTT

Allir viðskiptavinir BYKO geta tekið þátt í sumarleiknum með því að setja nafnið sitt í pott. Dregið verður úr þátttökuseðlum 15. júlí.



Vnr. 86332040-9040
Viðarvörn
KJÖRVARI 14
gagnsæ viðarvörn, margir litir, 4 l.



Pinotex
Vnr. 89410150-2650
Viðarvörn
PINOTEX CLASSIC
viðarvörn, svört, tekk og pine, 6 l.



Vnr. 86363040-550
Pallaolía
KJÖRVARI pallaolía,
glær, græn, hnota,
fura, rauðfura eða
rauðviður.



Palla- og garðaráðgjöf sumarið 2008

Í ár eins og undanfarin ár mun BYKO veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í garðinum.

Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður mun sjá um ráðgjöf fyrir viðskiptavini BYKO í sumar. Hún hefur áratuga reynslu í hönnun og vinnslu á gördum, bæði nýjum sem gömlum.

Ráðgjöfin felst aðallega í því að koma fólki af stað í framkvæmdum á pöllum og girðingum. Skráning fer fram hjá Halldóru í BYKO í síma 515 4134 á milli kl. 10 og 16 virka daga.

Hver viðskiptavinur fær hálf tíma ráðgjöf sem kostar kr. 9.900, en þær fást endurgreiddar við kaup á palla- og girðingaefni hjá BYKO.

Til þess að ráðgjöfin nýtist viðskiptavinum okkar sem best eru þeir beðnir um að koma með eftirfarandi gögn þegar þeir mæta í ráðgjöfina:

- Grunnmynd af húsi og lóð í kvarðanum 1:100 (ekki smækkað afrit)
- Útlitsteikningu af húsinu
- Afstöðumynd lóðar í kvarðanum 1:500 (er oft á sömu teikningu og grunnmyndin)
- Ljósmyndir ef til eru sem sýna lóð og hús. Afrit af teikningum er hægt að fá hjá byggingafultrúa hvers sveitafélags.

EXPO



Sadolin

Vnr. 89600183-483

Múrmálning 6.990

SADOLIN múrmálning, allir litir 10 l. Góð alhiða akrýl/ólíumálning til notkunar utanhúss.



Vnr. 85551083/183

Útimálning 4.990

BYKO úti- og innimálning, gljástig 6, ljósir litir, 10 l.



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.830 -0,63%Fjöldi viðskipta: 336
Velta: 4.421 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ ATLANTIC PETROLE. 1,73%
FL GROUP 1,42%
GLITNIR 1,19%

MESTA LÆKKUN

↓ LANDSBANKINN 1,85%
STRAUMUR-BURÐA. 1,46%
EXISTA 1,17%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,10 -0,28% ... Bakkavör 31,65 +0,64% ... Eimskipafélagið 20,60 -0,48% ... Exista 10,12 -1,17% ... FL Group 6,43 +1,42% ... Glitnir 17,05 +1,19% ... Icelandair Group 21,90 +0,92% ... Kaupþing 792,00 -0,88% ... Landsbankinn 26,60 -1,85% ... Marel 92,50 -0,22% ... SPRON 4,39 +0,69% ... Straumur-Burðarás 11,47 -1,46% ... Teymi 3,52 -0,85% ... Össur 96,20 +0,52%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Ekki loka markaðsdeildinni

„Rannsóknir hafa sýnt að á samdráttartímum er brýnt að draga ekki úr auglýsingum og markaðsstarfi,“ segir Valdimar Sigurðsson, lektor í markaðsfræði og neytendasálfræði við Háskólann í Reykjavík.

Valdimar var einn þriggja frummælenda á morgunverðarfundum Félags viðskipta- og hagfræðinga í gær, þar sem rætt var um tækifæri og ógnanir á fallandi markaði.

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, segir að mörg tækifæri séu fyrir hendi við núverandi aðstæður og fólk ætti að leita þau uppi. „Grunnurinn er oft lagður að þeim fyrirtækjum sem munu standa sig hvað best í næstu uppsveiflu. Eins tel ég að það sé ýmsa áhugaverða fjárfestingakosti að finna í dag. Öll verð eru



VALDIMAR SIGURÐSSON

miklu lægri en þau hafa verið. Í dag er hægt að kaupa ódýrt,“ sagði Kristín. Hún bætir því við að til að nýta slík tækifæri megi nota eigið fé, auk þess sem hún vænti þess að það rýmkist til á lánsfjármarkaði á næstu mánuðum.

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallar, fjallaði um byggingamarkaðinn. Hann sagði að sveiflur væru alls ekki nýjar af nálinni og þeir sem væru reyndir í bransanum hefðu til að

mynda hætt að byggja íbúðir og leitað annarra tækifæra fyrir meira en ári. Hann sagði jafnframt að aðstæður til útflutnings væru betri nú en um langt skeið auk þess sem gott útlit væri í orkumálum auk þess sem umhverfi sprotafyrirtækja væri betra en það hefur verið lengi.

Böndum komið á verðbólgu

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2 prósentustig í Bandaríkjunum á milli mánaða í apríl. Þetta er 0,1 prósentustiga lækkun á milli mánaða og talsvert undir svartsýnisþám í skugga snarprar hækkunar á matvöruverði.

Matvöruverð hækkaði um 0,9 prósentustig á milli mánaða í apríl og hefur ekki hækkað jafn mikið í átján ár.

Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir fjármálasérfræðingum að niðurstaðan sé ánægjuleg. Ljóst sé að böndum hafi verið komið á verðbólgu þrátt fyrir verðbólguþrýsting eftir snarpa lækkun stýrivaxta þar í landi frá haustdögum í fyrra.

Gjaldeyrisforðinn er til að sýna styrk

„Kjörin hafa verið að batna. Ríkið gæti fengið ágætis kjör núna, kannski 50 til 70 punkta ofan á Libor, en óvíst er að þau muni batna mikið á næstunni,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, um lántökur ríkisins vegna gjaldeyrisforðans. Álagið sé nú í kringum 150 punkta.

Í hádegisviðtölu í Markaðnum á Stöð tvö í gær sagði Sigurjón að forðinn þyrfti að vera á bilinu 400-600 milljarðar evra. „Meira yrði jákvætt, en hætta er á að minna yrði túlkað sem veikleiki. Forðinn er nú ríflega 200 milljarðar króna.

Sigurjón lagði áherslu á að bankana vantaði ekki fé. „Þetta snýst um að sýna styrk. Þetta er ekki spurning um að Seðlabankinn verði þrautarvaralánveitandi, heldur að hann sýni að hann geti það.“ Mark-



SIGURJÓN ÁRNASON Bankastjóri Landsbankans segir að tvöfalda þurfi gjaldeyrisforðann.

aðurinn biði eftir því. Hins vegar tækju svona hlutir tíma. „Ég held að þetta sé eðlilegur tími,“ sagði Sigurjón, en rúmur tveir mánuðir eru liðnir síðan forsætisráðherra sagði að gjaldeyrisforðinn yrði aukinn. „Ég yrði ekki hissa þótt þetta tæki nokkra mánuði í viðbót.“ - ikh

Invik stefnir að hluta-fjárútboði á næsta ári

Á næstu vikum kynnis sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik nýtt nafn. Breytingin er hluti af skipulagsbreytingum hjá félaginu, sem skrá á markaði í Svíþjóð á fyrri hluta næsta árs í kjölfar hlutafjárútboðs. Invik er í eigu íslenska félagsins Milestone, en um síðustu áramót færðust bæði Sjóvá og Askar Capital undir Invik.



ANDERS FÄLLMAN FORSTJÓRI INVIK Til stendur að breyta nafni sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Invik á næstu vikum, en breytingin er hluti af straumlinulögum starfseminnar áður en kemur til skráningar félagsins í sænsku kauphöllina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefnt er á að skrá sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik í Nasdaq OMX-kauphöllina sænsku á fyrri hluta næsta árs, að sögn Anders Fällman, forstjóra fyrirtækisins. Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, upplýsti í byrjun síðasta mánaðar að stefnt væri á skráningu þar innan tveggja ára. Milestone lauk yfirtöku á Invik síðasta haust.

Þá hugleiðir stjórn Invik að breyta nafni félagsins. „Etlí breytingin gangi ekki í gegn innan mánaðar eða svo,“ segir Anders Fällman og bætir við að þótt breytingarnar séu ekki fastnegldar sé líklegt að Invik taki yfir nafn Moderna, en undir því heiti rekur félagið tryggingastarfsemi víða á Norðurlöndum. „Nafnabreytingin er hluti af þeirri vinnu sem í gangi er við að skilgreina félagið sem hreint fjármálaþjónustufélag áður en það verður skráð á markaði.

Á fyrri helmingi 2009 segir forstjóri Invik svo stefnt að skráningu í sænsku kauphöllina eftir hluta-

fjárútboð. „Við hugleiðum raunar að vera líka með lokað útboð til fagfjórfa, en það hefur ekki verið ákveðið,“ segir forstjórinn. Megintilgang skráningarinnar segir Anders að fjölga í hluthafahópnum og sækja fé bæði til innri vaxtar og mögulegra fyrirtækja-kaupa.

Anders Fällman leggur áherslu á að innan félagsins fái dótturfélag þess að starfa áfram undir eigin merkjum, þótt þau eigi bakland í móðurfélaginu. Þannig sé ekki breytinga að vænta fyrir starfsfólk þeirra íslensku fyrirtækja sem nú heyrja undir fjármálaþjónustufyrirtækið sænska. Hann segir Sjóvá vel státt í tryggingastarfsemi sinni hér á landi og komi svo til með að leika hlutverk í frekari vexti fyrir-

tækisins. Askar Capital segir hann svo að vinni nú að ákveðinni endurskipulagningu þar sem markaðsaðstæður hafi breyst á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. „Þar er stöðugt verið að skerpa áherslur á ákveðnum sviðum til að mæta breyttum markaðsaðstæðum og við erum þeim innan handar við það.“

Invik er eitt öflugasta fjármálaþjónustufyrirtæki Norðurlanda, en í uppgjöri sem kynnt var fyrir rúmri viku kom fram að hagnaður á fyrsta ársfjórðungi hefði numið 1.134 milljónum sænskra króna, eða 14,7 milljónum íslenskra króna. Heildareignir félagsins námu í lok fjórðungsins 33,5 milljónum sænskra króna, eða sem svarar 435 milljónum íslenskra króna. olikh@markadurinn.is

Tilboð til hluthafa FL Group hf.

Í tengslum við fyrirhugaða afskráningu FL Group hf. af skipulegum verðbréfamarkaði hefur stjórn félagsins, með samþykki hluthafafundar 9. maí 2008, ákveðið að gera hluthöfum félagsins tilboð um að selja hluti sína í félaginu. Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem fram koma í bréfi sem sent hefur verið til hluthafa. Tilboðið er gert þeim hluthöfum sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins samkvæmt uppgerðum viðskiptum í lok dags 8. maí 2008. Með bréfinu fylgir lykilorð fyrir hluthafa til þess að taka þátt í tilboðinu ásamt leiðbeiningum.

Hluthöfum býðst að selja hlutabréf sín miðað við gengið 6,68 fyrir hvern hlut í FL Group hf. Fyrir hlutabréfin verður greitt með hlutabréfum í Glitni banka hf., miðað við gengið 17,05 fyrir hvern hlut í Glitni banka hf., eða um 0,39 hlutir í Glitni banka hf. afhentir fyrir hvern hlut í FL Group hf. Tilboðið tók gildi hinn 9. maí 2008 kl. 10:00 og gildir til 21. maí 2008 kl. 16:00.

Hluthafar, sem hyggjast taka tilboðinu, skulu fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í bréfi til hluthafa. Ef bréfið, með upplýsingum um tilboðið og lykilorð, hefur ekki borist hluthafa í seinasta lagi miðvikudaginn 14. maí 2008 skal hann hafa samband við þjónustuver Glitnis í síma 440 3725. Þjónustuverið veitir hluthöfum jafnframt frekari upplýsingar ef þörf er á í tengslum við tilboðið.

Reykjavík, 9. maí 2008
Stjórn FL Group hf.FL Group | Síðumúla 24 | 108 Reykjavík | Sími 591 4400 | www.flgroup.is

Luku fjármögnun ársins í Noregi í gær

„Þetta eru mjög góðar fréttir enda fyrsta stóra útgáfan okkar frá síðasta hausti og fyrsta útgáfa sérvarinna skuldabréfa hjá okkur í Noregi,“ segir Ingvar H. Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar hjá Glitni.

Glitnir í Noregi lauk í gær útgáfu sérvarinna skuldabréfa fyrir sjö milljarða evra, jafnvirði 109 milljarða íslenskra króna. Með útgáfunni tryggir bankinn sér fjármögnun í Noregi út árið og tryggir hluta af endurfjármögnunarbörf næsta árs.

Boligkredditt AS, dótturfélag Glitnis í Noregi, er útgefandi skuldabréfanna en norskir fagfjórfa-festar kaupendur. Líftími skuldabréfanna er frá einu til sjö ára og nemur ávöxtunarkrafa þeirra 25 til 55 punktum yfir NIBOR-vöxtum. Haft er eftir Lárusi Welding, for-



INGVAR H. RAGNARSSON Glitnismenn eru ánægðir með útgáfu sérvarinna skuldabréfa í gær sem tryggir fjármögnun bankans í Noregi fram á næsta ár.

MARKAÐURINN/RÓSA

stjóra Glitnis, í tilkynningu frá bankanum, að viðtökur fjórfa-festa á útgáfunni sýni skilning þeirra á undirliggjandi styrk bankans og traust til starfseminnar í Noregi. Þá sé sérvarin skuldabréfaútgáfa hagkvæm leið til að ná í fjármagn við núverandi aðstæður.

Spá 30 prósent hækkun Marel

Gengi hlutabréfa Marel Food Systems hækkar um 31 prósent á næstu tólf mánuðum gangi eftir væntingar í nýju verðmati Landsbankans á félaginu. Er nú mælt með kaupum á bréfum félagsins. Áður var ráðgjöfin sú að fjárfestar ættu að halda í bréf sín.

Tölf mánaða markgengi bréfa Marel er sagt 121,2 krónur á hlut, en við lok markaða í gær stóð gengið í 92,5 krónum á hlut.

„Með stórfelldum kaupum og hröðum innri vexti hefur Marel nú náð 15 til 16 prósentu markaðshlutdeild. Sterk áhersla á vörubrún kemur til með að styrkja stöðu félagsins í farabroddi í sínum iðnaði,“ segir í greiningunni, en þarna er meðal annars vísað til kaupanna á Stork Food Systems, sem genu í gegn í mánuðinum. „Í kjölfar samþættingar sem í hönd fer búumst við við umtalsverðum rekrutabata félagsins á þessu ári og næsta.“ - ók



HÚSGAGNAHELGI!

20%

ALMENNUR AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM

AÐEINS HELGINA
16 - 18 MAÍ

20%
afsláttur
egg



Glerborð, úr hertu öryggisglæri, glær, svört, hvít, 110x110x43.5 sm 4200622/626

75.900
94.900

20%
afsláttur
egg



Glerborð, úr hertu öryggisglæri, glær, svört, hvít, 120x65x43.5 4200623-25

59.900
74.900

30%
afsláttur
egg



Hornsófi 8019, með tauáklæði, heildarbreidd 290 sm, lengd tungu 190 sm, litir: grátt, svart og ljós drapplítt 4200465-470

139.900
199.900

35%
afsláttur
egg



Anja borðstofuborð, svart eða hvítt, 138x80x72 4200372/385

12.900
18.900

35%
afsláttur
egg



Eldhús- og borðstofustóll, hvítur, svartur, krómfætur 4200495/516

6.900
10.900

35%
afsláttur
egg



Leðursófasett PE-2448, hvítt/kremað

3ja sæta 4200206 109.900
169.900

2ja sæta 4200207 79.900
129.900

40%
afsláttur
egg



Borðstofustóll, hvítur, svartur burstað nikkel í grind 4200155/156

9.900
16.900



50%
afsláttur
egg




ALLIR SKEMLAR MEÐ 30% AFSLÆTTI

FJÖLBREYTT ÚRVAL

MARGIR LITIR

Skemill, 70x70x30, brúnt leðurlíki 4200478

10.900
22.900



40%
afsláttur
egg

Tasmaníu glerskápur, eik, 195x114x45 sm 4200505 59.900
99.900



45%
afsláttur
egg


Tasmaníu borðstofuborð, eik, 180x90 sm 4200500 24.900
45.900

MINNST
30%
AF TASMANÍU
LÍNUNNI



40%
afsláttur
egg

Sjónvarpsskenkur, eik, 120x50x50 sm 4200525 38.900
59.900



35%
afsláttur
egg

Sjónvarpsskenkur, hnota, 120x50x50 sm 4200526 39.900
69.900

Innréttingar

Húsgögn

Hreinlætistöki

Parket

Fílsar

Ljós

Raftæki

Gjafavara

Heimilistöki

Búsáhöld

Hurðir

Hönnunarsegur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

EGG

Smáratorgi

Sími 525 3400

www.egg.is

egg@egg.is

Opíð virka daga 10 - 18

Laugardaga 11 - 18

Sunnudaga 12 - 17

Frjálslyndi flokkurinn og flóttafólk:

Skýr skilaboð Karenar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Karen Jónsdóttir, bæjarfulltrúi á Akranesi, sló tvær flugur í einu höggi þegar hún kvaddi F-lista Frjálslynda flokksins og óháðra í gær og gekk í raðir Sjálfstæðisflokksins. Í fyrsta lagi leysti hún vandræðamál sem komið var upp innan meirihlutans í bæjarstjórninni vegna andstöðu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varabæjarfulltrúa og formanns félagsmálaráðs Akranesbæjar, við komu flóttafólks til bæjarins. Og í öðru lagi gerði hún stjórnmalalífi landsins þann ágæta greiða að senda út skýr skilaboð um að annaðhvort styður fólk þau sjónarmið, sem Magnús hefur haldið fram í nafni Frjálslynda flokksins, eða kemur sér með hraði á brott úr flokknum eða samstarfi við hann.

Þetta var snaggaralega gert hjá Karen. Eftir vistaskipti hennar er kominn samhugur innan meirihlutans um að Akranes hafi nógu breiðan faðm til að taka á móti þessu landlausa fólki, tíu palestínskum konum og tuttugu börnum þeirra, sem hafa dvalið við skelfilegar aðstæður í flóttamannabúðum í Írak um árabil. Þetta staðfesti nýi meirihlutinn með formlegri yfirlýsingu á bæjarráðsfundi síðdegis í gær.

Þar með var þeirri hneisu afstýrt að Akraneskaupstaður sæti uppi með þann stimpil á sér að vilja ekki leggja sitt af mörkum við að hjálpa þeim sem eru minni máttar vegna þess að þeir eru ekki með íslenska kennitölu.

Nú vill svo til að Magnús Þór Hafsteinsson gegnir meiri trúnaðarstörfum fyrir flokk sinn en að vera varabæjarfulltrúi á Akranesi. Magnús er varaformaður Frjálslynda flokksins, sem á fjóra þingmenn á Alþingi Íslendinga, þá Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Magnússon og Kristín H. Gunnarsón. Auk þess er hann nýráðinn aðstoðarmaður flokksformannsins, Guðjóns Arnars. Magnús er sem sagt innsti koppur í búi Frjálslynda flokksins. Enda talar hann á þann veg. Það fer ekki á milli mála að hann telur sig tala fyrir flokkinn í heild þegar hann tekur til máls.

„Það er einnig dapurlegt að Karen skuli með þessum hætti bregðast trausti kjósenda okkar auk þess sem hún gengur gegn vilja flokksins sem hún var kosin til að vinna fyrir,“ sagði Magnús í samtali við netmiðilinn Vísi. Rétt er að hafa í huga að Karen sagði að eina ástæðan fyrir því að hún, sem fulltrúi óháðra á F-lista Frjálslynda flokksins og óháðra, kaus að slíta samstarfinu væri afstaða Magnúsar í garð flóttafólksins.

Nú er spurt, og þingmenn flokksins beiðnir að svara, er afstaða Magnúsar til flóttafólks lýsandi fyrir stefnu Frjálslynda flokksins? Varabæjarfulltrúinn Magnús hefur skilmerkilega gert grein fyrir þeirri skoðun sinni að Akraneskaupstaður sé ekki tilbúinn til að taka við flóttafólki. Er hægt að yfirfæra það álit á landið í heild að mati þingmannanna? Telja þeir að Ísland geti og eigi að taka á móti útlendu flóttafólki eða ekki?

Eins og kom fram með vistaskiptum Karenar Jónsdóttur, getur það greinilega skipt miklu máli um afstöðu fólks til Frjálslynda flokksins, að stefna hans í þessum efnun sé uppi á borðinu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Svartur dagur

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi sakaði Magnús Þór Hafsteinsson, varaformann Frjálslynda flokksins, um kynþáttahatur vegna þess að hann legðist gegn því að Akranesbær tæki á móti flóttamönnum frá Palestínu. Í samtali við Vísi vísaði Magnús Þór ávirðingum Bjarkar á bug og sagðist ætla að hringja í lögfræðing. Hann bætti svo við að þetta væri svartur dagur í sögu Akraness, sem er kannski óheppilega að orði komist þegar maður situr undir brigsli um kynþáttahatur.

Aðrir flóttamenn
Andstaða Magnúsar

Þórs við móttöku flóttamanna varð til þess að Karen Jónsdóttir, bæjarfulltrúi F-lista, gekk í Sjálfstæðisflokkinn sem náði þar með hreinum meirihluta í bæjarfélaginu. Eyjubloggariinn Ágúst Borgþór Sverrisson býður upp á ágæta greiningu á stöðunni en hann segir að með andstöðu sinni hafi Magnús Þór búið til nýtt flóttamannavandamál – það er að segja í sínum eigin flokki.

Ekki handa þér

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra efndi til blaðamannafundar á Hótel Nordica í gær til að kynna þann árangur sem

náðst hefur í lyfjamálum á Íslandi. Oft er boðið upp á veitingar á slíkum fundum og var það raunin í gær. Heilbrigðisráðherra virtist hafa sleppt hádegismat því hann skundaði að nálægu borði sem hlaðið var girnilegum og hollum ávöxtum, reif af þeim plastfilmu og tók til matar síns.

Þá dreif að starfsmann hótelsins sem útskýrði fyrir ráðherra að hollmetið væri ætlað öðrum; hann yrði að gera sér að góðu transfitusýrummettuðu hjónabandsælluna sem heilbrigðisráðuneytið pantaði fyrir fundinn og skola henni niður með kaffi. bergsteinn@frettabladid.is



Endurtekið efni

Sagan hefur svartan húmor. Hún endurtekur sig, oft með illum afleiðingum, svo lengi sem menn fást ekki til að læra af henni. Hér eru fáeinir orðréttar tilvitnanir í eigin skrif um bankamál frá árunum 1988-1998.

Hvað heitir ríkisprentsmiðjustjórnin?

„Milton Friedman hefur lengi verið í hópi þeirra, sem vilja draga sem mest úr sjálfstæði bandaríska seðlabankans. Friedman hefur haldið því fram, að seðlabankinn eigi að vera peningaprentsmiðja og annað ekki. Seðlabankinn eigi að tryggja stöðugt verðlag með því að sjá til þess, að peningaframboð aukist í takt við þjóðarframleiðslu, þ.e. um 3% til 5% á ári, undir eftirliti Bandaríkjaþings. Hann eigi að vera valdalaus eins og aðrar prentsmiðjur. Friedman segist hafa predikað þessa skoðun fyrir daufum eyrum bankayfirvalda alla tíð, vegna þess að það sé borin von, að hægt sé að fá bandaríska seðlabankastjóra ... til að taka sér sæti við hlið prentsmiðjustjóra í valda- og virðingargista samfélagsins. „Hver í þessum sal getur sagt mér, hvað ríkisprentsmiðjustjórnin heitir?“ spyr Friedman á fundum.“ (Vísbinding, 6. janúar 1988).

Valddreifingarrök fyrir sjálfstæðum seðlabanka

„Valddreifingarsjónarmið hniga að því, að seðlabankar eigi að vera óháðir stjórnmálhagsmunum ekki síður en viðskiptabankar, einkum á verðbólguáttum, því að verðbólga er næstum alltaf til marks um agaleysi og mistök stjórnmálamanna í efnahagsmálum. Ef stjórnmálamenn klúðra ríkisfjármálum, eins og þeir hafa til dæmis gert hér á landi og víðar undanfarin ár, er þá ekki eins gott, að þeim sé haldið í hæfilegri fjarlægð frá seðlabankanum?“ (Vísbinding, 11. janúar 1989.)

„Lög um Seðlabanka Íslands gera



PORVALDUR GYLFASON Í DAG | Upprifjun um bankamál

raunar ráð fyrir því, að stjórn bankans geti opinberað ágreining við stjórnvöld um efnahagsstefnuna. Á þetta hefur þó aldrei reynt í rösklega 30 ára sögu bankans, þótt efnahagsstefna stjórnvalda hafi augljóslega verið röng í veigamiklum atriðum, sem varða verksvið bankans. ... Ágreiningurinn snýst oftast um það, að stjórnmálamennirnir reyna að fá seðlabankann til að prenta meiri peninga en bankinn telur ráðlegt. ... Einmitt þess vegna er það talið nauðsynlegt, að seðlabönkum sé stjórnað af kunnáttumönnum, sem njóta trausts og virðingar meðal almennings, eru óháðir stjórnmálaflokkum og hafa þrek til þess að bjóða stjórnvöldum byrginn, þegar nauðsyn krefur. Markmiðið er að gera seðlabönkunum kleift að tryggja hagsmuni almennings gagnvart stjórnvöldum.“ (Morgunblaðið, 2. apríl 1992).

„Rökin fyrir auknu sjálfstæði seðlabanka eru öðrum þræði valddreifingarrök. Þau eru sömu ættar og rökin fyrir aðgreiningu framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómvalds. Reynsla liðinna ára bendir til þess, að verðlag sé yfirleitt stöðugast í þeim löndum, þar sem seðlabankinn er tiltölulega óháður drottningu stjórnmálamanna í örvæntingarfyllri atkvæðaleit, þótt seðlabankar hljóti auðvitað að starfa á ábyrgð rétt kjörinna stjórnvalda og undir eftirliti þeirra ... Seðlabanki á ekki að vera ríki í ríkinu, en hann á ekki

heldur að vera handbendi ístöðulausra stjórnmálamanna. ... Af þessu má ráða, hversu mikilvægt það er, að bankaráðið sjálft sé vel skipað og frumstæðir flokkserindrar komi þar hvergi nærri.“ (Morgunblaðið, 4. maí 1993.)

„Og alls staðar í Evrópu er ... löög áherzla á að auka sjálfstæði seðlabanka gagnvart stjórnvöldum til að styrkja stjórn peningamála. Þar hafa flestir stjórnmálamenn skilning á því, að seðlabankar þurfa að vera óháðir stjórnmálhagsmunum ekki síður en t.a.m. dómstólar og háskólar. Hér heima sýna of margir stjórnmálamenn á hinn bóginn engin merki um það, að þeir hafi skilning á nauðsyn þess að fylgja með þessari þróun.“ (Morgunblaðið, 22. maí 1994.)

Einkavæðing ríkisbankanna

Um líkt leyti færði ég „rök að því, að einkavæðing ríkisbankanna þurfi að fylgja hliðarráðstafanir til að tryggja dreift eignarhald á bönkunum, þegar upp er staðið, ekki aðeins í valddreifingarskyni, heldur líka til að tryggja heilbrigða samkeppni og um leið hagkvæmni í bankarekstri. Þessu til viðbætur þarf að búa svo um hnútana í lögum og reglum, að eðlilegt jafnvægi ríki á milli raunverulegrar ríkisábyrgðar á skuldbindingum bankanna annars vegar og eftirlits með útlánastefnu þeirra og starfsemi hins vegar. Síðast en ekki síst er það auðvitað afar brýnt, að þannig verði staðið að einkavæðingunni, þegar þar að kemur, að hún verði á engan hátt til þess að rýra traust bankanna innan lands eða út á við.“ (Fjármálatíðindi, 1993).

Gjaldeyriforðinn

„Gjaldeyriforði Seðlabankans er of lítill. Það þarf að byggja hann upp í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að halda genginu stöðugu, svo að fullt innbyrðis samræmi sé í efnahagsstefnunni.“ (Vísbinding, 14. maí 1999).

Áherslur sem auðga samfélagið

UMRÆÐAN

Ingibjörg Jóhannsdóttir skrifar um myndlistarnám

Síðastliðið haust buðu Myndlistaskólinn í Reykjavík og Íðnskólinn í Reykjavík í sameiningu upp á nýtt nám – Mótun, leir og tengd efni. Náminu er nú hægt að ljúka með BA-honors gráðu frá keramikdeild hins virta skoska listaskóla Glasgow School of Art, en skólarnir stefna á að tengjast fleiri erlendum listaskólum á næstunni. Meginmarkmið námsins er að veita nemendum kost á að þróa hugmyndir sínar í gegnum efni og aðferðir.

Á vorönn fóru nemendur í tveggja vikna rannskónarleiðangur til Þýskalands þar sem framleiðslufyrirtæki voru heimsótt og nemendur fengu tækifæri til að vinna með einum fremsta skóla í Evrópu í framleiðslutengdu postulíni. Einnig fengu nemendur tækifæri til að vinna með Sigrúnu Ólöfu Einardóttur á vel búnu glerverkstæði hennar í Bergvík á Kjalarnesi. Með þessu móti fá nemendur ólíka innsýn inn í heim þar sem efnið er útgangspunktur í framleiðslu og listsköpun.

Á síðustu 20 árum hafa orðið miklar breytingar í



INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR

listnámi og áherslan færst yfir á persónulegan hugmyndaheim nemenda auk þeirrar kröfu að þeir kunni skil á alþjóðlegum stefnum og straumum. Stofnun deildar með áherslu á vörühönnun í LHÍ árið 2000 var hluti af þessari þróun. Framleiðsla þeirra vörühönnuða sem hafa lokið námi frá LHÍ er nú þegar farin að auðga samfélagið og má til dæmis nefna hönnunarhópinu Vík Þrjónsdóttur sem tengir á áhugaverðan hátt saman íslenskan efnivið, sagnaarf og hugvit. Það er hins vegar mikilvægt fyrir framþróun í list- og hönnunarnámi að nemendur eigi þess einnig kost að dýpka efnisþekkingu sína og verkfærni. Hin nýja deild Mótun, leir og tengd efni kemur til móts við þessar þarfir og eykur þar með möguleikana á áhugaverðum útfærslum hugmynda sem eru í takti við íslenskt umhverfi. Aðrar deildir sem skólinn hyggst stofna á næstunni eru textíldéild og teiknidéild.

Fyrsti nemendahópurinn hóf nám síðastliðið haust og má nú sjá afaksturinn á sýningu á Laugavegi 33 – en sýningin stendur til 19. maí.

Höfundur er skólustjóri Myndlistaskólans í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldósson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. www.frettabladid.is 1670-3871

Rauði þráðurinn - Samfylkingin í beinni



Samfylkingin kynnir vikulegan útvarpsþátt á Útvarpi Sögu fm 99,4 alla fimmtudaga kl. 17-18.

Aðalgestur þáttarins í dag:

Björgvin G. Sigurðsson

viðskiptaráðherra



Hlustendur geta hringt inn fyrirspurnir um neytendamál o.fl. í síma 588 1994

Umsjónarmenn:
Skúli Helgason og Oddný Sturludóttir

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is



Suðurnes

Akureyri

Reykjavík

Húsavík

Nú geta fleiri notið góðs...

...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum



NOVA Batterisborvél 18V + 91 stk. verkfæri

1.695 kr.



Veggflísar 15x15 cm, ljósgráar

595 kr. pr. m²



Verkfærasett 55 hlutir

495 kr.



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

3.990 kr.



Hjólborur 90L

1.700 kr.



DEKACRYL 7, 10 lítrar

3.290 kr.



DRIVE Slípirokkur 1150w

1.900 kr.



Plastparket, eik, planka

790 kr. pr. m²



Bilskúrs- og þvottahúsflísar 30x30 cm

990 kr. pr. m²



Verkfærasett 5 hlutir

195 kr.



3 tangir og skiptilykill

95 kr.



Háprýstidæla Max140 bör

3.990 kr.



NOVA 4,8V Skrófvél og skrófbitar

495 kr.

Grillum samkeppnina



GAS GRILL

4 ryðfriir brennarar og hliðarplata. 60,000-BTU. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulínshúðuð. 44x56cm Extra sterk hjól v. gaskút Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

34.900 kr.



GAS GRILL

4 ryðfriir brennarar og hliðarplata. 52,000-BTU. Elektrónísk kveikja. Grillgrind er postulínshúðuð. 43x38cm Hitaplata er postulínshúðuð. 43x19cm Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

36.900 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Klettháls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16
Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14
Akureyri: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Það er flugvöllur í miðborginni!

UMRÆÐAN

Halldóra Thoroddsen skrifar um skipulagsmál

Það er flugvöllur í miðbænum! Við höfum byggt okkur miðju-laust skrímsl, ljóta borg, fulla af einmana fólki. Bílaflotinn í engu samræmi við íbúafjölda og vegalengdir fjarstæðukenndar.

Borgarbúar, ungir, gamlir, hraustir og veikburða þurfa að djöflast út á hraðbrautir eftir mjólkurpotti, svo ekki sé talað um nál og tvinna.

Mann rekur í rogastans, sjái maður gangandi vegfaranda á götum stór-Reykjavíkur, að undan-

skildum gamla miðbænum. Enda er borgin ekki miðuð við mannlegan skala heldur bíl. Í hinu nýja hverfi Kópavogs, sem kennd er við lindir og smára, er ekki reiknað með mannverum á gangi. Þar er kortersgangur á milli búðarglugga. Sjái maður hræðu flygsast þar um götur (því þar eru engar gangstéttir), hugsar maður ósjálfrátt að hún eigi eitthvað bág – hafi villst af leið.

Þessi sorglega borgarþróun átti sér stað víða um heim, meðan á alveldi tækniratanna stóð. Óham-



HALLDÓRA THORODDSEN

ingja Reykjavíkur var sú að borgin bjó ekki að gamalli byggð nema í örlitlum mæli. Meðan aðrar borgir þrjónuðu við sig, byggðum við heila borg í álögum tíma-bilsins. Við byggðum út frá hugsjón um kjarna-fjölskyldu, í einbýli með skíðgarði í kringum jarð-arpart og tvo einkabíla á hlaðinu. Og við erum enn að.

Mig langar til að búa í hverfi með búðum og þjónustu, fólki á götum sem maður nikkar til og spyr kannski fréttu. Segið mér ekki að hér sé of kalt. Skoðið götu-myndir af Reykjavík upp úr aldamótum. Vetrarmyndir sýna götur fullar af dúðuðu fólki, sumir jafn-vel í hópi að tala saman. Það er vel hægt að vera úti á veturnum, vel klæddur í umhverfi sem gerir ráð fyrir manni.

En Reykjavík á sér örlitla von. Það er ljós í myrkrinu. Í allri upp-

byggingunni hafa stríðsminjar verið látnar í friði. Heill flugvöllur með aðflugssvæði gæti ef vilji er fyrir hendi orðið miðborginni til bjargar.

Þó tækniratararnir séu farnir að tyna tölunni, þá luar hver stjórn-málaflökkur á leifum af tegund-inni. Miðaldra tímaskekkjum sem sjá ekkert rangt við aðstæður þær sem okkur hafa verið búnar. Þær virðast vilja varðveita þá ein-kennilegu sérstöðu Íslendinga í heiminum að taka frá pláss fyrir flugvöll í miðbænum! Tíma-skekkjurnar eru studdar flugvéla-eigendum og öðrum hagsmunaað-ílum sem vilja ekki sleppa þessum dekurskilyrðum. Undarleg afar-kostarök eru í umræðunni: „Viljiði að veikt fólk deyi“, „Viljiði að dreifbýlið komist ekki í bæinn“. Hvernig ætli aðrar höfuðborgir í heiminum fari að?

Það hefur komið í ljós að greini-legur kynslóðamunur einkennir afstöðu til málsins, ekki flokkslín-ur. Væri ekki ráð að láta nýrri

kynslóð eftir að skapa sér eigið borgarkjörlendi? Eldri kynslóðin hefur þegar skemmt nóg fyrir henni.

Borgarbúar hafa kosið flugvöll-inn burt í löglegri kosningu. Ástæðan fyrir þessum skrifum hér er grunsemdir sem farnar eru að læðast að mér. Grunsemdir um að hinir forpokuðu ætli að forsmá löglegar kosningar Reykjavíkinga um eigin skipulagsmál. Slíkt og þvilk á sér oft stað í vanþróuðum lýðveldum.

Við stöndum frammi fyrir sögu-legu tækifæri til að hjúkra þess-ari borg. Búa til nútímaborgar-hluta sem reiknar manninn inn. Þörf hans fyrir nærsamfélag, gangstéttir, kaffihús, búðir og aðra þjónustu, styttri vegalengdir og almenningsamgöngur. Þar fengju verktakarnir okkar veg-legalan vettvang undir traustri stjórn alvöru borgarskipulags.

Höfundur er áhugamaður um skipulagsmál.

Háprýsti-þvottatæki

Úrvals háprýstitæki á góðu verði.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Aðalfundur

Aðalfundur Nýrrar dögunar verður haldinn í Safnaðarheimili Háteigskirkju 15. maí kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomir.



NÝ DÖGUN

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

UMRÆÐAN

Stefán Jón Hafstein skrifar um félagsleg fyrirtæki



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Ef hægt væri að Ebræða saman allt það besta í kapitalism- anum og það besta í sós- íalism- anum, hver væri útkoman? Nei, ekki nor- ræna velferðarkerfið, heldur fyrirtækin sem Muhammad Yunus Nóbelsverð- launahafi vill stuðla að í þróunar- löndunum.

Í nýrri bók rekur hann yfir tuttugu ára reynslu sína af „félagslegum fyrirtækjum“ (social business). Frægast þessara fyrirtækja er Grameen-örlána- bankinn sem löngu er fyrirmynd þúsunda slíkra smálánabanka um allan heim. Þeir lána veðlausum fátæklingum lítillfjörlegar upp- hæðir, sem þó nægja til að stofna rekstur sem sér þeim farborða. Grameen-fyrirtækin eru miklu fleiri. Þau stunda fjarskipti, framleiða matvæli, veita náms- lán – þau skipta tugum. Þau eru öll lágmarksgróða fyrirtæki sem hafa það markmið eitt að þjóna fátækum og standa undir sér.

Í nýrri bók, Heimur án fátækt- ar, félagsrekstur og framtíð kap- ítalisma (Creating a World Wit- hout Poverty, Social Businesses and the Future of Capitalism) fjallar Yunus um þá grundvallar hugsanavillu sem hann telur kap- ítalisma byggjast á: Að allir menn sækist eftir hámarksgróða sjálf- um sér til handa, og því eigi hag- kerfið að byggja á sókninni í hámarksarðsemi. Það þarf engan speking til að sjá að stór hluti mannkyns kys um annað að hugsa en hvernig hann fær sem mest af peningum.

Lífsgæðasókn hefur margar víddir og gerir Yunus sér tíðrætt um að kapitalismi svari þeim fæstum. Hitt er svo mikilvægara fyrir þennan hagfræðing að kerfi sem knýr gangvirki sitt aðeins í átt til hámarksávöxtunar, skilur eftir stór ósnortin verkefni í sam-

félaginu sem þar með verða útundan. Svo sem að þjóna fátækum. Grameen-smálánabank- inn fór inn á eitt þessara sviða.

Yunus kynntist smár- ekendum sem voru á ofurvaldi okurlánara. Með aðeins 27 dollara framlagi á hóflegum vöxtum varð til efna- hagslegt stórveldi: Sex milljarðar dollara hafa verið veittir að láni frá upphafi, endurgreiðsluhlutfall er 99% og Grameen-bankinn hefur fjármagnað sig sjálfur frá 1994. Enginn alvöru kapitalisti leit við þessu tækifæri. Og býðst ekki að kaupa, bankinn er í eigu viðskiptavina.

Hann er sannfærður um að margt af því besta í kapitalísk- um rekstri megi nýta í rekstri fyrir fátæka og ná því fram sem sannir sósíalistar hafa alltaf viljað: Að fátækir hefjist til betra lífs með eigin krafti.

Markaður, samkeppni og hugsjón
Yunus telur að félagsfyrirtæki eigi að vera markaðsdrifin, meta tækifæri, gera áreiðanleikakann- anir og stunda vörubrúun alveg eins og gróðafyrirtæki. Þau eiga líka að stunda harða samkeppni við einkarekstur og ríkisrekstur. Munurinn er bara sá að fjárfest- ar fá ekki arð. Arður, ef einhver er, fer aftur í rekstur.

Fjöldi fólks mun leggja fé sitt í svona fyrirtæki af hugsjón, alveg eins og það gefur fé til góðgerð- armála. Og þróunarstofnanir eiga að hugsa eins, því þetta er sjálf- bær rekstur til framtíðar. Að lesa Yunus er í sumu eins og að hverfa aftur til 19. aldar, umræðunnar um samvinnuhreyfinguna, eða „eignarhald öreiganna á fram- leiðslutækjunum“ svo vitnað sé í Marx. Að öðru leyti er Yunus eins og hver annar viðskiptafræðing- ur með allt á tæru. Hann er sann- færður um að margt af því besta

í kapitalískum rekstri megi nýta í rekstri fyrir fátæka og ná því fram sem sannir sósíalistar hafa alltaf viljað: Að fátækir hefjist til betra lífs með eigin krafti.

Fátækir sem gerendur

Þróunarhjálp liðinna áratuga skilgreinir verkefni út frá skorti. Yunus skilgreinir verkefni út frá getu fátækra til að taka frum- kvæði. Hann sér markaðstæk- i-færi, frumkvæði og dugnað þar sem aðrir sjá örbirgð og skort. En hann gerir meira. Þeir sem fá lán í bankanum undirgangast félagslegan samning. Í fyrsta lagi ábyrgjast lántakendur hver annan. Í raun tekur Grameen- bankinn veð í félagslegri stöðu lántaka. Enginn vill láta spyrjast að standa ekki við sitt. Þetta er svo árangursrík aðferð að afskriftir lána eru nánast engar. Þetta er áhættulaus rekstur!

Í öðru lagi skilgreinir Yunus fátækt á annan hátt en fjölbjóð- legar stofnanir sem skoða „þjóð- artekjur á mann“ og álíka gróf- gerða kvarða. Býr fólk í sæmilegu húsi? Fær það þrjár máltíðir á dag, notar það kamar, hefur það aðgang að vatni, fara börnin í skóla? Árangri telst náð þegar öll skilyrði eru uppfyllt. Ábyrgð á því axlar fólkið sjálft. Það skrif- ar undir samning um að breyta lífsháttum til batnaðar. Á móti fær það tækifæri til að brjótast úr viðjum fátæktar. Með þessu móti telur Yunus sig hafa fundið hina hóflegu blöndu sem hrærir saman því besta úr markaðsker- finu og sósíalískri hugun. Reynsl- an af mörgum Grameen-fyrir- tækjum styður mál hans. Áhættan er mun minni en „alvöru“ kaítalistar taka eins og sjá má af hrúni á alþjóðlegum mörkuðum þessa dagana. Og ávinningurinn er stórbrotinn, fyrir þá sem meta ekki líf sitt í milljörðum milljarða heldur munar um hverja krónu.

Nánari umfjöllun um þetta efni er á vef mínum: www.stef- anjon.is.

Höfundur starfar fyrir Þróunar- samvinnustofnun í Namíbíu.



Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin
Samgönguráðuneytið

Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efir til sjöunda og síðasta fundar í fundaröð sinni um stefnu- mótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

Nútíma upplýsingatækni í samgöngum Áætlun um leiðsögu- og upplýsingakerfi

Arnór B. Kristinsson Flugstoðum ohf. fjallar um flugleiðsögu

Guðjón Scheving Tryggvason Siglingastofnun fjallar um leiðsögu til sjós

Björn Ólafsson Vegagerðinni fjallar um landleiðsögu

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Erindin byggjast á væntanlegri leiðsöguáætlun, nýrri stefnumótun frá samgönguráðuneytinu. Gera má ráð fyrir að leiðsögutækni muni auka öryggi, hagkvæmni og afköst í öllum samgöngu- greinum í náinni framtíð.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 15. maí 2008 kl. 15:00 – 17:00 á Hótel Sögu Reykjavík í salnum Harvard II. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 15. maí 2008.

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

LEGACY

SYMMETRICAL AWD



REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA

39.900

KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY
MEÐ ÖLLU!*

- ENGIN ÚTBORGUN
- ÖLL ÞJÓNUSTA INNIFALIN
- ÞÚ SKILAR BÍLNUM EFTIR 3 ÁR

**GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVÍ
AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN
FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!**

Ríkulegur búnaður: Fjór hjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :

3.150.000 kr.



* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti þjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON

Hver kom Stormsker á framfæri?

UMRÆÐAN

Sverrir Stormsker svarar Jóni Ólafssyni

Vegna fréttar sem birtist í Fréttablaðinu 8. maí um blogggrein mína um Bítlaeftirhermutónleikana í Háskólabíói og Jón Ólafsson bítla „vin“ vil ég koma á framfæri leiðréttingu. Í fréttinni segir: „Jón Ólafsson átti meðal annars þátt í því upphaflega að koma Sverri á framfæri.“

Þetta er rangt. Rugl. Jón átti engan þátt í því að koma mér á framfæri. Ég kom mér á framfæri sjálfur. Enginn útgefandi á landinu vildi gefa út mínar fyrstu plötur þannig að ég gaf þær út sjálfur. Einfalt mál. Sú þrautaganga stóð í 7 ár, frá 12 ára aldri til tvítugs á milli allra útgefenda landsins. 90% af þeim lögum mínum sem hafa komið út á plötum og sem fólk þekkir samdi ég á þessu aldursbili. Jón fjarri góðu gamni.

Vegna slæmrar reyngu af hinum harðlæsta plötubransa þá lagði ég mig hins vegar í líma við að koma fjölmörgum söngvörum á framfæri, til að mynda Stebba Hilmars sem ég fann bláeygðan og gjörsamlega óþekktan og rennblautan á bak við tóneyrun í Kvennaskólanum á sínum tíma og ruslaði honum upp á svið. Í dag finnst þeim ágæta manni heilladrýgst að þakka fyrir sig með því að minnst ekki einu orði á það á heimasíðu sinni hver hafi dröslað honum á lappir og samið ofan í hann fyrstu vinsælu lögin sem hann söng inn á plötur og gerðu hann að því sem hann vildi verða – frægan. Hann leggur sig hins vegar í framkróka við að sniðganga mig þegar kemur að styrkveitingum úr Tónskáldasjóði FTT en þar situr Stebbi einn þriggja í úthlutunarnefnd. Munurinn á hundum og mönnum er sá að hundarnir bíta mann ekki eftir að



SVERRIR STORMSKER

maður gefur þeim að éta. Þar skilur á milli dýrs og ódýrs. Það er annað að vera sheep en cheap.

Hvað um það. Þótt Jón Ólafsson hafi semsagt ekki átt neinn þátt í því að koma mér á framfæri get ég hins vegar þakkað honum það að þegar hann vann sem útvarpsmaður á Rás 2 árið 1985 þá gerði hann mikið af því að hæla mér í hástert sem lagasmiði og spila fyrstu lögin mín. Fyrir það er ég honum þakklátur. Í þá tíð þurfti maður reyndar ekki að heita Bubbi til að fá spilun á

Rás 2.

Síðan ég gagnrýndi opinberlega endurvinnslurúplötuna „12 íslensk bítalög“ með Jóni og Bítlavinafélaginu fyrir tæplega 20 árum (sem Jón viðurkennir nú í dag að sé handónýtt) þá hefur hann verið í fýlu, enda fékk hann alla aðra tónlistarmenn en mig í viðtalsþátt sinn „Af fingrum fram“ sem hann var með í Ríkissjónvarpinu fyrir skemmstu. Samt segir hann í svari sínu á stormsker.blog.is að hann sé „ekki langrækin“. Einmitt. Það er nefnilega það.

Í Fréttablaðinu var sagt að ég bæri „óvild“ í garð Jóns. Það er einnig alrangt. Þarna er hlutunum snúið á haus. Ég hef aldrei reynt að loka dýrum á Jón heldur er því öfugt farið. Jón er þrýðisdrengur en hann mætti gjarnan gera meira af því að taka réttmætri krítik eins og maður og gjarnan gera minna af því að kópiera annarra manna tónlist eins og api. Innlendir bítlar, og ég tala nú ekki um Bítla sjálfa, hljóma mun betur í eigin flutningi en Jóns og annarra eftirþapa. Því segi ég við Jón um leið og ég óska honum alls góðs: Let It Be!

Höfundur er tónlistarmaður og rithöfundur.

Glæpavæðing slysa?

UMRÆÐAN

Freyr Ófeiggsson skrifar um dómsmál



FREYR ÓFEIGGSSON

Gömundur Andri Thorsson ritar grein í Fréttablaðið hinn 5. maí 2008 þar sem hann gagnrýnir bæði ákærvald og dómssvald við meðferð tveggja mála. Langar mig að gera örfáar athugasemdir við greinina frá sjónarmiði dómara ef það kynni að verða lesendum til einhvers fróðleiks.

Í okkar stjórnskipan er gert ráð fyrir svonefndri þrískiptingu ríkisvaldsins; í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómssvald. Hver þessara þátta ríkisvaldsins á að njóta sjálfstæðis gagnvart hinum. Mörgum þykir sem nokkuð skorti á að svo sé í raun, einkum er varðar samskipti framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að dómstólarnir njóti verulegs sjálfstæðis, einkum eftir að dómssvaldið var skilið frá framkvæmdavaldinu og núverandi dómstólaskipan tekin upp árið 1992.

Ef ég skil greinarhöfund rétt gerir hann ekki greinarmun á ákærvaldinu og dómstólunum. Hann er ekki einn um þennan skilning. Algengt er í skrifum manna um dómssvald að þessu tvennu sé ruglað saman og oft á tíðum er lögreglan einnig sett undir sama hatt. Gjarnan er talað um „dómsskerfi“ án nánari skilgreiningar. Í okkar stjórnskipan tilheyrir lögregla og ákærvald framkvæmdavaldinu og eru í raun dómstólum óviðkomandi að öðru leyti en því að ákærvaldið höfðar sakamálið og flytur þau fyrir dómi eins og lögmenn flytja mál einstaklinga. Útgáfa ákæru í fyrria málinu er því dómssvaldinu óviðkomandi. Síðara málið, er höfundur nefnir, var svokallað einkamál, sem maður höfðaði til heimtu

skaðabóta. Í slíkum málum sjá aðilar sjálfir eða lögmenn þeirra um gagnaðflun og leggja fyrir dómara. Dómara ber að dæma eftir þeim gögnum sem fyrir dóminn eru lögð, þar á meðal skýrslum aðila og vitna.

Það er misskilningur hjá höfundi að dómari ráðfæri sig við eða eigi að ráðfæra sig við sérfróða menn í störfum sínum. Það er hlutverk aðila eða lögmanna þeirra að afla matsgerða og álitsgerða sérfróðra manna og leggja fram í dómi ef þeir telja það henta málstað sínum. Höfundur virðist telja að um sakamál hafi verið að ræða, sbr. eftirfarandi í greininni: „Ekki er hægt að una því að stelpa nýforðin ellefu ára, með Asperger-heilkenni, hrædd og reið, sé gerð að glæpamanni.“ Eins og að framan greinir var ekki höfðað refsímál á hendur stúlkunni og hún var ekki sökuð um að hafa framið refsiverðan verknad. Hljóta því skrif þessi að byggjast á misskilningi.

Í lok greinar sinnar segir höfundur: „Kominn er tími til að dómssvaldið hætti þessari glæpavæðingu slysa.“ Vegna þessara orða vil ég benda greinarhöfundi á að ef háttsemi manns, sem leiðir til slyss, er refsiverð, er það vegna þess að Alþingi (löggjafarvaldið) hefur ákveðið svo með lögum en dómstólarnir koma þar hvergi nærri, þeirra hlutverk er að dæma eftir lögum.

Ég get tekið undir með greinarhöfundi að refsigleði er ekki góð gleði (ef ég má gera honum upp þá skoðun), en hennar gæti vissulega meðal almennings, a.m.k. þeirra sem tjá sig um dóma. Hennar verður miklu síður vart hjá dómurum, ef marka má framangreind skrif.

Höfundur er fyrrverandi dómstjóri.

Um stuðning bókmenntasjóðs

UMRÆÐAN

Njörður Sigurjónsson skrifar um erlendar þýðingar íslenskra bókmennta



NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON

Íttækt í Fréttablaðinu föstudaginn 9. maí á úthlutunum Bókmenntasjóðs segir höfundur að dreifing íslenskra bókmennta á fjarlæg mál eigi mjög undir högg að sækja á meðan sjóðurinn leggi ekki nóga áherslu á þann þátt í starfsemi sinni. Þá segir blaðamaður að spurningar vakni um hvers vegna ekki sé lögð meiri áhersla á að þýða á Eyrópumál í ljósi stöðu Íslands sem heiðursgestur á Bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Í þessum vangaveltum gæti nokkurs miskilnings varðandi starfsemi Bókmenntasjóðs sem ég vil gjarna leiðrétta.

Fyrst ber þó að þakka almennt jákvæða umfjöllun um úthlutanir sjóðsins, sem nú um mánaðamótin voru alls yfir 24 milljónir til útgáfu og þýðinga. Þó er vert að benda á að í fréttinni segir að styrkuppheðir til íslenskra þýðenda séu á bilinu 7 til 75 þúsund þegar rétt er að þær eru á bilinu 75 til 700 þúsund. Eins er sagt í upphafi fréttarinnar að þetta sé fyrsta úthlutun sjóðsins, en rétt er að úthlutað var til erlendra þýðinga í janúar á þessu ári og norænum styrkjum til þýðinga var úthlutað í nóvember á síðasta ári. Alls fara fram úthlutanir til erlendra útgefenda íslenskra bókmennta á styrkjum til þýðinga sex sinnum á ári og tvisvar til viðbótar er úthlutað þýðingarstyrkjum til útgefenda á hinum Norðurlöndunum.

Með stolti get ég síðan greint frá því að Bókmenntasjóður greiðir að jafnaði 75% af kostnaði við þýðingu íslenskra bókmennta á erlend mál

og er það mun hærra hlutfall en sambærilegir sjóðir veita í nálægum löndum. Miðað er við að umsækjendur séu erlendir útgefendur og allar umsóknir sem fullnægja annars einföldum skilyrðum um dreifingu, gæði þýðingar og samning við rétthafa, fá þennan 75% styrk. Munur á úthlutunum til einstakra verkefna getur þó verið

nokkur, en það helgast af aðstæðum og efnisatriðum umsókna. Hinn erlendi útgefandi er í aðalhlutverki í þessu ferli og umsóknunum um þýðingar frá innlendum aðilum er yfirleitt hafnað á grundvelli þess að dreifingar- og kynningarmálum sé betur fyrir komið hjá heimafólki á hverjum stað. Mikilvægt er að átta sig á að sjóðurinn stendur ekki sjálfur að réttindasölu og ræður ekki hvað gefið er út af íslenskum bókum erlendis, enda er hlutverk bókaútgefenda að stýra því hvað kemur út á þeirra vegum. Bókmenntasjóður vekur hinsvegar athygli erlendra útgefenda á íslenskum rithöfundum og bókmenntum og veitir milligöngu og aðstoð við hvaðeina þegar það á við.

Varðandi Frankfurt 2011 sérstaklega, og þýðingar á næstu árum tengdar þátttöku Íslands þar, þá er það verkefni undir sérstakri verkefnisstjórn og hefur sjálfstæðan 300 milljón króna sjóð. Er það verkefni í góðum farvegi og í góðri samvinnu við Bókmenntasjóð. Að lokum er vert að benda áhugasömum um úthlutanir og starfsemi Bókmenntasjóðs á að skoða heimasíðuna bok.is eða hafa samband við undirritaðan og fá þar svör við spurningum sem kunna að vakna.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs.

Opið málefnaþing um þróunarsamvinnu

í Salnum Kópavogi sunnudaginn 18. maí kl. 10:00

10:00 Setning – ávarp formanns Rauða kross Íslands

10:15 Samhengið í þróunarsamvinnu

Pórdís Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá PSSÍ og stundakennari við HÍ

10:35 Þróunarsamvinna Rauða kross Íslands - yfirlit

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

10:55 Vinadeildasamstarf - samvinna milli deilda

Rúnar Helgason, formaður Suðurnesjudeilda Rauða kross Íslands og Katrín María Andrésdóttir, sjálfboðaliði í Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands

11:15 Samstarf innan Rauða krossins

Fernanda Teixeira, framkvæmdastjóri Rauða krossins í Mósambík

12:00 Hádegishlé

13:00 Samvinna þvert á landamæri

Helga Þórálfsdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands

13:20 Vinadeildasamstarf - áhrif innan deilda

Eigi almenningssamgöngur að virka þarf að fá almenning í þær. En hvernig? Þannig vill til að almenningur á Íslandi, þau Jón og Gunna, eru í ágætri vinnu og hafa það fínt. Sá almenningur mun kannski aldrei stíga upp í „strætó,“ svona gula díselkassa sem allir þekkja – utanfrá. Líf almennings snýst svo sterkt um ímynd og aðrar viðurkenndar birtingarmyndir héggómans, að jafnvel peningar nægja ekki til að draga Jón og Gunnu út úr einsemd sinni í einkabílum. Ókeyps í Strætó er sjálfsagt skref, en dugar ekki.

Jaðarhópasamgöngur

„Strætó“ er ekki kúl. „Feisum“ það. „Strætó“ er jaðarhópasamgöngumáti á Íslandi, ekki almenningssamgöngumáti.

Enginn gerir það sem ekki er kúl nema þeir sem ekki eru kúl. Próflausir (vegna æsku, epli eða lögbrotu) og bíllausir (jaðarfólk þjóðfélagsins) er ekki almenningur, og við skulum bara, jaðarfólk sem peningaspírur, kyngja því.

Almenningssamgöngur þurfa að græja sig upp í að vera kúl. Hefðbundnar almenningssamgöngur verða aldrei það sama og að eiga Golf 2,0 og Cruiser 4,5 við dyrnar. Hinsvegar má nálgast kúlheit gljálakkaðs einkabílsmans án þess að sukka burt milljónum tonna af innfluttri olíu í nafni „þæginda“ eða sjálfsímyndar. Án

þess að tapa meira rými í malbiksaun. Sitja í umferðarteppu. Eða pólitískt sukka í „léttlestir“.

Margvíslegar tilraunir hafa verið gerðar víða um hinn vestræna heim til að gera Jóni og Gunnu kleift að spara tíma og peninga milli staða án þess að tapa andlitinu. Í hnotskurn mætti kalla þetta tilraunir til að láta strætó og leigubíl renna saman. Í kring eru tölvukerfi sem veita almenningi aðgang að fari nánast hvaðan í borginni sem er nánast hvert sem er, í rauntíma. Raunhæft er að ætla að neytandinn hafi að mestu samskipti við kerfið með farsímanum sínum, og tölvulíkan stýrir „bílnum“ á máta sem hámarkar nýtni og þjónustugæði. Þessi kerfi nýta að mestu núverandi samgöngumannvirki og rauntækni dagsins í dag, ekki gærdagsins og ekki morgundagsins.

Samt myndu Jón og Gunna þrjúskast gegn því að nota slíkt kerfi ef það þætti ekki kúl. Næðist Bubbi úr B&L-jeppanum á Miklubrautinni?

Samt myndu Jón og Gunna þrjúskast gegn því að nota slíkt kerfi ef það þætti ekki kúl. Næðist Bubbi úr B&L-jeppanum á Miklubrautinni?

Sömu þægindi og leigubíll

Hér á Íslandi hefur hjá litlu sprotafyrirtæki verið unnið að kerfi á þessum nótum, og sérstaklega hönnun hentugri farartækja en nú fást. Farartækin eru ekki strætóar, ekki gúlir, ekki skröltandi, en veita hverjum einstaklingi privatrými þar sem hægt er að lesa, skoða sjónvarp, net, eða lygna augum.

Þessi tæki veita sömu þægindi

og leigubíll – raunar talsvert meiri – og er markmið þessara áætlaða að ná tímanum frá því einstaklingur vill fara af stað þar til hann er kominn á áfangastað niður um 40-80 prósent miðað við núverandi almenningssamgöngur. Kostnaður við að ná þeim markmiðum er væntanlega meiri en í núverandi kerfi, en notkunin yrði meiri. Kostnaður á farþegakílómetra virðist geta verið svipaður og nú er í Strætókerfinu en þjónustan margfalt betri – og jafnvel kúl að nota hana. Ekkert innflutt eldsneyti þarf á flotann, og útflutningsmöguleikar eru afar spennandi.

Við sæjum kannski fjárhallirnar í Borgartúni fyllast af fólki sem er óþirrað yfir bílastæðum en hefur milli Salahverfis og skrifborðs tekið stöðuna á OMX. Og sparað tíma.

Háskólarnir gætu breytt malbiksökum þöktum stúdentajagúðum í gagnleg hús – eða peninga. Nemar gera heimaverkefnið á leiðinni.

Þessi lausn er ekki eins falleg framtíðarmúsík eins og „léttlestir“ yfir þökum eða neðanjarðarhraðbrautir, en raunhæf. Núna. Framtíðin byrjar í dag. Frestum ekki nauðsynlegri neyðsluhátta-breytingu fyrsta heimsins mörg ár enn fram yfir síðasta sölugdag. Eigi einkabílsmi borgarinnar ekki að mæta kvalafullum dauðdaga innan skamms verður að styðja við hann með öðrum samgöngum fyrir almenning. Já, almenning.

Höfundur starfar við farartækjahönnun.

Hverjir þurfa Mannréttindaskrifstofu?

UMRÆÐAN

Toshiki Toma skrifar um Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur



TOSHIKI TOMA

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt af öllum flokkum í borgarstjórn árið 2006. Í framhaldi af því var mannréttindastjóri ráðinn og Mannréttindaskrifstofa borgarinnar stofnuð til þess að sinna framkvæmd samþykkrar stefnu í mannréttindamálum. Mannréttindastefna borgarinnar snertir fjölmörg málefni þ.á m. jafnréttismál, innflytjendamál, málefni fatlaðra, réttindi samkynhneigðra o.fl. Því má segja að verkefnið sem falla undir umrædda stefnu varði mjög hagsmuni minnihlutahópa borgarbúa.

Það var augljóst frá upphafi að mannréttindastjóri gat ekki einn sinnt öllum verkefnum og síðasta vetur var ákveðið að bæta skyldi þremur starfsmönnum við á skrifstofuna. Skömmu eftir þessa ákvörðun kom núverandi borgarstjóri til starfa. Hann virðist fremur hafa hagræðingu í borgarkerfinu í huga en mikilvægi þess að hafa virka framkvæmd á mannréttindastefnunni, sem hans eigin flokkur samþykkti fyrir tveimur árum, stefnu sem á að tryggja mannréttindi sem flestra borgarbúa. Mér þykir mjög leitt að mannréttindastjóri gafst upp í aðstæðunum og sagði starfi sínu lausu. Tímabundinn mannréttindastjóri var ráðinn löksins 6. maí, en ekki þrjár starfsmenn sem áttu að bætast við.

Það er vissulega mikilvægt að hver borgarstjórnarflokkur ræði þetta mál í sínum hópi og sjálfur er

ég ekki hlutlaus þegar kemur að flokkspólitík. En fyrir utan það langar mig að leggja sérstaka áherslu á eitt í þessu sambandi: „Hagsmunir okkar minnihlutahópa í borginni eru ekki boltinn í leik sem borgarfulltrúarnir spila!“ Það gerist gjarnan að íhaldssinn- aður meirihluti reynir að skera niður fjármagn til

málefna minnihlutahópa, t.d. innflytjenda. Ein af ástæðum þess er kannski sú staðreynd að innflytjendur eða fólk í öðrum minnihlutahópum á enga sterka rödd í borgarstjórn sem stendur vörð um þessi mikilvægu málefni.

En einmitt vegna þeirrar staðreyndar, að minnihlutahópar eiga ekki sterka rödd í Ráðhúsi Reykjavíkur, eiga þá borgarfulltrúarnir ekki að hlusta á rödd okkar sérstaklega og heyrja okkar sjónarmið? Eiga borgarfulltrúar ekki að minnast þess að þeir eru einnig fulltrúar minnihlutahópa?

Mannréttindastefna borgarinnar var samþykkt til þess að tryggja meira jafnrétti meðal allra borgarbúa. Mannréttindaskrifstofan var stofnuð til þess að þessi trygging réttinda væri í hávegum höfð meðal borgarbúa. Það var rétt leið og sú besta, a.m.k. þangað til önnur betri hugmynd móttast og tekur yfir verkefni Mannréttindaskrifstofunnar.

Nú er borgarstjórnin ekki tilbúin að halda áfram á þeirri braut sem áður var samþykkt en hefur heldur ekki sýnt fram á hvað taki við. Slíkt er ekki breyting á stefnu, heldur er það ekkert annað en afturför frá því sem verið hefur.

Höfundur er prestur og stjórn-málafræðingur.

INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR

RÉTTU BÍLARNIR!



Subaru Forester
Ekinn 2 þús. Nýskr. 01/08
2007 Sjálfskiptur Verð: **2.890.000 kr.**



Subaru Legacy
Ekinn 39 þús. Nýskr. 01/05
2005 Sjálfskiptur Verð: **1.990.000 kr.**



Subaru Legacy
Ekinn 154 þús. Nýskr. 07/98
Verð áður: 650.000 kr.
1998 Sjálfskiptur Nú: **450.000 kr.**



Subaru Legacy 2.5
Ekinn 61 þús. Nýskr. 10/04
2004 Sjálfskiptur Verð: **2.190.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Eleg. 38⁶
Ekinn 38 þús. Nýskr. 09/06
2006 Beinskíptur Verð: **6.590.000 kr.**



Subaru Impreza
Ekinn 138 þús. Nýskr. 05/00
2000 Sjálfskiptur Verð: **660.000 kr.**



Subaru Forester
Ekinn 45 þús. Nýskr. 06/04
2004 Sjálfskiptur Verð: **1.750.000 kr.**



Nissan X-Trail 2.0 Sport
Ekinn 81 þús. Nýskr. 09/04
Verð áður: 2.190.000 kr.
2004 Sjálfskiptur Nú: **1.590.000 kr.**



Toyota Rav4
Ekinn 40 þús. Nýskr. 09/04
2004 Sjálfskiptur Verð: **2.560.000 kr.**



Subaru Forester
Ekinn 114 þús. Nýskr. 07/00
Verð áður: 1.090.000 kr.
2000 Sjálfskiptur Nú: **750.000 kr.**

Að sjálfsgöðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is



INGVAR HELGASON

EMILY DICKINSON LJÓÐSKÁLD
LÉST PENNAN DAG 1886.

„Sumir segja að orðið deyi þegar það er sagt. Ég segi að þá hefji orðið líf sitt.“

Emily Dickinson var bandarískt ljóðskáld sem öðlaðist verðskuldaða viðurkenningu eftir lát sitt.



PETTA GERÐIST: 15. MAÍ 1940

McDonalds stofnað

Fyrsti McDonalds-skyndibitastaðurinn var opnaður í San Francisco í Bandaríkjunum árið 1940 og voru það voru þeir Dick og MacDonalds sem stofnuðu skyndibitakeðjuna margfrægu. Fyrstu fimmtán árin opnuðu alls níu aðrir McDonalds-staðir. Uppbyggingin var hröð og hver staðurinn spratt upp á fætur öðrum.

Í dag er nánast ekki til sú borg þar sem McDonalds er ekki sjáanlegur.

McDonalds er að finna í 119 löndum og eru staðirnir orðnir þrjátíu og eitt þúsund talsins. Hjá McDonalds starfa ein og hálf milljón manns og það verður að teljast nokkuð mikill fjöldi.

McDonalds-skyndibitakeðjuna þekkir hvert mannsbarn enda engin furða því daglega leggja leið sína fimmtíu milljón manns á McDonalds.



MERKISATBURÐIR

- 1756 Sjö ára stríð Breta og Frakka hefst.
- 1811 Paragvæ lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.
- 1918 Finnsla borgarastríðinu lýkur.
- 1929 Bruni í Cleveland í Bandaríkjunum verður 123 manns að bana.
- 1932 Forsætisráðherra Japans, Inukí Tsuyoshi, er myrtur.
- 1935 Neðanjarðarlestakerfið í Moskvu er opnað.
- 1958 Sovétmenn skjóta Sputnik númer 3 upp í geim.
- 1987 Ungur þýskur flugmaður að nafni Mathias Rust kom til landsins til að æfa flug til Moskvu sem hann hlaut heimsfrægð fyrir.
- 1991 Edith Cresson verður fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Frakklands.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Móðir okkar,

Stefanía Ruth Björnsdóttir

Smáratúni 32, Reykjanesbæ,

andaðist 28. apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Víðihlíðar fyrir frábæra umönnun.

Björn Einarsson
Oddný Elva Gerstner
Sigurður Stefán Hannesson
og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Ólafur Beinteinsson

síðast til heimilis í Hvassaleiti 58,

andaðist á Droplaugarstöðum föstudaginn 2. maí. Útförin fer fram mánudaginn 19. maí í Fossvogskapellu kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindravinafélag Íslands.

Sigurveig Hjaltsted

Lárus H. Ólafsson Kristín Jónsdóttir
Ólafur B. Ólafsson Dagný Elíasdóttir
Emilía Ólafsdóttir Bjarni Bjarnason
Ingibjörg Ólafsdóttir
Sigríður Beinteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Nanna Magnúsdóttir

Borgabraut 4, Hólmavík,

verður jarðsöngin frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 17. maí kl. 14.00.

Hrólfur Guðmundsson
Magnús Bragason
Elfa Björk Bragadóttir Úlfar Hentze Pálsson
Valdimar Bragi Bragason
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlyg við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, tengdasonar, fýður, tengdafaður, afa og langafa,

Jónasar G. Sigurðssonar,

frá Brekkum, Lækjarbraut 2, Rauðalæk.

Guðný Hammer
Sigríður Jónasdóttir
Ragnheiður Jónasdóttir
Sigurður Jónasson Ásdís Guðrún Jónsdóttir
Herdís R. Þorgeirsdóttir Davíð B. Sigurðsson
Kristjana Sigurðardóttir Gunnlaugur Gunnlaugsson
Herdís Albertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



ÁNÆGJULEG STUND Guðmundur Sigurjónsson, formaður Strætókórsins, hefur starfað með kórnum í aldarfjórðung og hefur alltaf jafn gaman að. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STRÆTÓKÓRINN: HÁLF ÖLD FRÁ STOFNUN KÓRSINS

Syngjandi vagnstjórar hittast og eiga saman ánægjustund

Strætókórinn var stofnaður af nokkrum starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur í maímánuði árið 1958. Þess vegna fagnar kórinn nú fimmtíu ára starfsafmæli sínu.

Kórinn samanstendur af fyrrverandi og núverandi starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur og einn af stofnendunum Frantz Pétursson er enn í dag í kórnum.

„Starfið sem formaður felst í því að koma kórnum á framfæri og vera í sambandi við þá aðila sem eru að skipuleggja tónleika og þess háttar. Einnig þarf að halda vel utan um kórinn og sjá til þess að allt sem kemur að honum sé í lagi,“ segir Guðmundur Sigurjónsson, formaður Strætókórsins, sem hefur verið í kórnum frá árinu 1983 og hefur á því tímabili starfað sem formaður kórsins með hléum.

Saga kórsins nær aftur til ársins 1958 þegar átta starfsmenn Strætisvagna Reykjavíkur stofnuðu kórinn sem var þá tvöfaldur kvartett. Árið 1963 fór kórinn á sitt fyrsta söngmót

í Malmö í Svíþjóð. Árin eftir var kórinn ekki mikið að syngja á tónleikum og var aðallega að syngja fyrir tæki og þess háttar. Kórinn hittist og hélt starfinu gangandi og starfsemi hætti aldrei. Frá árinu 1980 hefur kórinn verið starfræktur að fullu og ekki stoppað.

„Hápunktur kórsins var þegar við höldum kórmót hérna í Reykjavík. Við tókum á móti allt að 250 manns. Við skipulögðum alla dagskrána sjálfir, sungum í Óperunni og svo var víðamikil setning kórmótsins þar sem formenn allra kóranna frá hinum Norðurlöndunum héldu tölu. Eftir setninguna var farið í skruðgöngu frá Óperunni og niður í Ráðhús Reykjavíkur þar sem borgarstjórn bauð til veislu.

Næstu dagana á eftir var mikið um dýrðir sem var skemmtilegt að taka þátt í,“ útskýrir Guðmundur.

Annað sem hefur staðið upp úr á þessum fimmtíu árum er að á haustmánuðum árið 2005 gaf kórinn út geisladisk sem hefur selst nokkuð vel

og er kórinn afar stoltur af því framlagi. „Við vissum að í upphafi fer svona útgáfa alltaf vel af stað og salan er í kringum útgáfudag. En raunin er sú að enn erum við að selja diskinn og það er ekkert nema gott mál,“ segir Guðmundur.

Markmið Strætókórsins er að vinnufélagar hittist og eigi ánægjustundir saman.

Kórinn er mjög fjölskylduvænn en nokkrum sinnum á ári hittast kórmeðlimir ásamt fjölskyldum sínum og verja saman ánægjustundum. Kórinn kemur víða fram, á árhátíðum, jarðarförum og ýmsum kirkjutónleikum.

Í dag, fimmtudaginn 15. maí, mun kórinn halda veigamikla tónleika í Áskirkju þar sem um heila tónleika er að ræða. Þar mun kórinn flytja yfir tuttugu íslensk lög og verður mikið um dýrðir. Aðgangur er ókeypis og eru flestir hvattir til þess að mæta og hlýða á Strætókórinn þenja raddböndin af fullum krafti. Tónleikarnir í Áskirkju hefjast klukkan 20.00.

mikael@frettabladid.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Legsteinar í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík

• 566 7878

• Netfang: rein@rein.is

REIN

AFMÆLISBÖRN



JANET JACKSON
SÖNGKONA
42 ÁRA.



JASPER JOHNS
LISTMÁL-
ARI 78
ÁRA.



CHAZZ PALMINTERI
LEIKARI
56 ÁRA.



DON NELSON
KÖRFU-
BOLTA-
ÞJÁLFA-
RI 68 ÁRA.

NAFNÍÐ MITT: VALA MÖRK JÓHANNESDÓTTIR

Stundum kölluð Valgerður Þórsörk

Vala Mörk Jóhannesdóttir einkapjálfaði ber eftirtektarvert nafn sem hún fékk frá ömmum sínum í báðar ættir.

„Móðuramma mín, Vala Thoroddsen, var með þeim fyrstu á landinu sem var skírð Vala en ekki Valgerður. Þegar ég var skírð fyrir 37 árum var þetta enn fremur sjaldgæft nafn en í dag er það orðið algengara,” segir Vala Mörk.

Seinna nafnið kemur frá föðurömmu hennar sem heitir Lilían Mörk og er færeysk. „Pabbi og bræður hans voru allir skírðir Mörk og þegar ég fermdist ákvað ég að taka nafnið upp. Það er sterkt og

hæfir ágætlega í mínu starfi sem einkapjálfaði í Árbæjarþreki og hjá bardagamanna-klúbbum Mjólni.“

Vala Mörk segir að nafnið hafi helst valdið henni vandræðum í þau skipti sem hún hefur verið skömmuð.

„Þegar á að skamma mig hef ég stundum verið kölluð Valgerður Þórsörk,” segir hún og hlær.

„Sem betur fer gerist það nú ekki oft svo yfirleitt er það bara Vala Mörk,” bætir hún við.

HEITIR EFTIR ÖMMUM SÍNUM þær Vala Thoroddsen og Lilían Mörk, ömmur Völu, gáfu henni nöfn sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



KÁTT Á HJALLA Kársneskórarnir ætla að syngja allan laugardaginn, meðal annars norsk lög í tilefni þjóðhátíðardags Norðmanna þann dag.

Kórmaraþon í Kópavogi

Maráþontónleikar Kársneskóranna verða í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, laugardaginn 17. maí. Þar munu um 300 börn og ungmenni standa fyrir samfelldri og fjölbreyttri söngdagskrá frá kl. 09.00 að morgni til kl. 16.00. Húsið opnar kl. 8.30 og er nýlagð kaffi á könnunni og meðlæti.

Þetta er í sjöunda sinn sem kórarnir efna til Maráþontónleika, en þeir eru haldnir annað hvert ár og hafa notið mikilla vinsælda hjá bæjarbúum og öðrum velunnurum kóranna að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Dagskráin verður sem hér segir: Kl. 08.30 – Húsið opnað, nýlagð kaffi og meðlæti á borðum í anddyri Salarins. Kl. 09.00 – Skólakór Kársness syngur mörg af uppáhaldslögum kórfélaga í gegnum tíðina. Kl. 10.00 – Stóri kór Kársnesskóla með síkátum stelpum úr 5. bekk koma öllum í sumarskap. Kl. 10.40 – Litli kór Kársnesskóla með dásamleg kríli úr 3. bekk syngur uppáhaldslög sín. Kl. 11.20 – Barnakór Kársness syngur meðal annars norsk lög í tilefni af þjóðhátíðardegi Norðmanna. Kl.

12.00 – Drengjakór Kársnesskóla tapar sér í taumlausri söngleði og stjórnsýsi. Kl. 12.40 – Skólakór Kársnesskóla, fjölbreytt efnisskrá hjá efnilegum söngvurum úr 7. bekk. Kl. 13.40 – Stúlkna-kór Kársnesskóla (6. bekk) fer með okkur á suðrænar, rómantískar slóðir. Kl. 14.20 – Miðkór Kársnesskóla með söngfugla (4. bekk) fer á flug í fjörugum vorlögum. Kl. 15.00 – Skólakór Kársness með nýjan hljóm og nýja efnisskrá. Hér hljóma nýtsprungnar bassa- og tenórraddir strákanna úr 8., 9. og 10. bekk í dúndrandi samhljómi við stelpurnar. Öruglega yngsti blandaði kór landsins.

Stjórnandi kóranna er nú sem fyrr Þórunn Björnsdóttir en undirleik annast Martein H. Friðriksson og nokkrir vinir. Verð aðgöngumiða er 1500 kr. og eru kaffiveitingar innifaldar í verðinu. Ókeypis er fyrir börn í fylgd með fullorðnum. Sami aðgöngumiði gildir allan daginn og er fólki frjálst að koma og fara að vild. Ef um hagnað verður að ræða þá rennur hann óskiptur til reksturs kóranna á Kársnesi.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Júlíus Guðlaugsson

Efra Hofi, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 11. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Ellen Einarsdóttir börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Friðþjófur Ísfeld

Gunnlaugsson

skipstjóri, Hamarsstíg 33, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 8. maí sl. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 19. maí kl. 13.30.

Vilhjálmur Friðþjófsson Herdis Eyþórsdóttir
Steinunn Erla Friðþjófsdóttir Björn Ingólfsson
Hallveig Friðþjófsdóttir Tonni Christensen
Jóna Lís Þorsteinsdóttir afabörn og langafabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Friðrik Friðriksson

Bárustíg 7, Sauðárkróki,

andaðist á Hjúkrunarheimili Skagfirðinga laugardaginn 10. maí. Útför hans fer fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 17. maí kl. 14.00.

Stefán Friðriksson Gunnhildur Vilhjálmisdóttir
Sólbrún Friðriksdóttir Jón Árnason
Friðrik Geir Friðriksson Valgerður Einarsdóttir
Guðni Friðriksson Valgarður Jónsson
Erna Flóventsdóttir og öll afabörnin.



Elskuleg móðir okkar, uppeldissystir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Pálsdóttir

áður bóndi að Borgarkoti, Skeiðum, lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli 5. maí. Útför hennar fer fram hinn 17. maí kl. 14 frá Breiðabólstaðarkirkju, Fljótshlíð.

Ásta Sveinsdóttir Jón Sigurðsson Jórunn Helena Jónsdóttir
Kolbrún Valdimarsdóttir Ólafur Þórðarson
Ingibjörg Ólafsdóttir Emil Þór Ásgeirsson
Sigþór Sigmarsson Sólrun Smáradóttir
Kristófer Jónsson
Páll Jónsson
Guðný Halla Jónsdóttir
Elsa Björg Jónsdóttir barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur og bróðir,

Óskar Jónsson

blikkmeistari, Krummahólum 6,

lést á heimili sínu 5. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 16. maí kl. 13.00.

Marteinn Örn Óskarsson Guðlaug Jónsdóttir
Katrín Ýr Óskarsdóttir
Helga Lilja Óskarsdóttir
Jón Bjarni Óskarsson
Jón Óskarsson
Lilja Jónsdóttir
Marteinn Jónsson
Kristján Jónsson
Katrín Marteinsdóttir
Ragnar D. Stefánsson
Þórunn Ásmundardóttir
Kristín Ólóf Jansen og systkinabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ása Ársælsdóttir

kaupsýslukona í Stelli, Bankastræti 3,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Reykjavík, föstudaginn 9. maí. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 16. maí kl. 11.00.

Sverrir Hauksson Betty J. Blankenship
Egill Hauksson Lucile Jones
Edda Hauksdóttir
Herbert Hauksson Ólóf Ragnheiður Einarsdóttir barnabörn og barnabarnabarn.



Föðurbróðir okkar og bróðir,

Dagur Dagsson

kaupmaður, Selfossi,

verður jarðsönginn frá Selfoskirkju laugardaginn 17. maí kl. 13.00.

Hulda Brynjúlfssdóttir
Sigríður Brynjúlfssdóttir
Guðmundur Bjarnason
Þórlaug Bjarnadóttir
Erlingur Dagsson og aðrir aðstandendur.



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlygð við andlát og útför okkar ástkæra

Flosa Ólafssonar,

Jónsgeisla 1, 113 Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær stjórn og starfsfólk Línuhönnunar hf.

Sigríður Steinunn Jónasdóttir
Hólmgeir Elías Flosason Berta Björg Sæmundsdóttir
Valgeir Ólafur Flosason
Valgerður Guðmundsdóttir.



Ástkæra eiginkona mín,
Elsa Kristinsdóttir


lést hinn 17. apríl á Droplaugarstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðmundur H. Indriðason.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

➤ **Allt að 80% fjármögnun**



**Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag**

Allur v skattu

*Opið í dag
frá kl. 9 til 20*

**Í dag
Í dag
Í kvöld**

GG GROUP GREY ALMANNINGSL

Í dag Brimborg
afnemur ígildi vaskisins
af öllum notuðum bílum
til klukkan 20

Virðisauka- rinn burt

**Allt að 80%
fjármögnun**



Brimborg afnemur ígildi virðisauka-
skattsins af öllum notuðum bílum í
dag til kl. 20. Komdu í Brimborg og
kaupu þér nýjan notaðan bíl á
frábæru verði.

Komdu í kaffi og kleinur

*Smelltu á notadir.brimborg.is og
veldu nýjan notaðan bíl - farðu
síðan á bgs.is og sannreyndu
tilboð dagsins í dag.*

Komdu í Brimborg

 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Spark í mark!



Flottur fótbolti

Dunlop max fótbolti í stærð 5. Plasthúðaður, endingargóður og blotnar ekki í rigningunni í sumar. 800 krónur.



Vasalaser

Eiginlega er þetta vasaljós en það er með leysigeisla sem getur komið sér vel. 400 krónur.



Ódýrt árskort

Handknúna lugt í útileguna og þú þarft ekki að kaupa árskort til að pumpa. 400 kr.



Það er bjart yfir þér ...

... ef þú ert með ljósker á enninu. Þetta ennisljós er með LED-peru og kostar 400 krónur.

TIGER

Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkrofu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Enski boltinn fer í frí

MIKAEL MARINÓ RIVERA KVEÐUR ENSKA BOLTANN



Nú er enski boltinn búinn, gleðst þá mikið blessuð frúin. Engin fleiri læti og hróp, og heimilið laust við minn vinahóp. Nú má ekki lengur drekka bjór á virkum dögum, eða bjóða heim tíu félögum.

Hvorki Arsenal eða Liverpool spilandi í sumar, aðeins íslenski boltinn sem á engum töfrum lumar. Íslenski og enski boltinn er ekki það sama, því sá íslenski er mér aðeins til ama. Því þá þarf ég að fara á völlinn, þar sem er engin stemning og einn áhorfandi sér um köllin. Fullir unglingar á trumbur berja, liðin í flestum tilfellum 0-0 jafntefli merja. Alltaf mæta mjög fáar

hræður, lítil óskrandi börn og þeirra mæður. Á Íslandi vantar sigursöngva og gleði, hér er allt fullt af ómurlægum lögum og öðru ógeði. Leikmenn sparka tuðrunni á milli sín, leikskipulagið er að mínu mati eitthvert grín. Við kunnum ekki að sækja og hvað þá skora mörk, leikirnir alltaf eintóm háloftaspörk.

Nú er búið að fjölga í deildinni liðum, og ætlast til að við af spenningsi iðum. Svo er ekki fyrir minn smekk, á fjórðu mínútu á athygli minni ég slekk. Í þokkabót er liði mínu spád lélegu gengi, svartsýnis-spár á herðar mínar ég hengi. Í ágúst hefst enski boltinn að nýju, sú tilhugsun gefur hjarta mínu hlýju. Þar er barist með kjafti og klóm, engin Landsbankadeild innantóm.

Ekta fótbolti með fullt af mörkum, ég og félagarnir heim í stofu örku.

Frúin verður fól í framan, heimilislífinu rústað og ekki lengur gaman. Sófinn þéttskipaður ekta mönnum, gerum lífið leitt hjá okkar grönnum. Ronaldo, Gerrard, Torres og hvað þeir allir heita, fótboltafullnægingu okkur veita.

Í ágústmánuði byrjar ballið aftur, fullkomin deild sem er í nægur kraftur. Aðeins þrjár mánuðir í upphafssparkið, hvaða lið ætli skori fyrsta markið? Bið alla karlmenn og konur vel að lifa, niðurtalsklukkan er að tifa.

Við stöndum saman og erum sam-mála um eitt, að enski boltinn er bestur og því verður ekki breytt.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Gay-mafían tekur völdin á Íslandi

Fyrir þrjátíu árum voru orðin „hommi“ og „lesbía“ helst ekki sögð upphátt og samkynhneigðir hreinlega flúðu land. Í dag er öldin önnur.

Það er óhætt að segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar í réttindabaráttu samkynhneigðra síðan Hörður Torfason hrökklaðist til Danmerkur vegna fordóma samlanda sinna. Nú eru hommar allt í öllu í skemmtanalífinu. Páll Óskar sópar til sín verðlaunum, Friðrik Ómar er kominn til Belgrad, Jónsi í Sigur Rós leiðir frægustu hljómsveit landsins og Beggi og Pacas rótburstuðu hönnunar- og iðnaðarmannakeppnina Hæðina, og fengu yfir helming atkvæða.

„Hvert er þetta þjóðfélag eiginlega að fara?“ spyr Frosti Jónsson, formaður Samtakanna 78. „Það lítur út fyrir að gay-mafían sé að taka yfir þjóðfélagið, sem var einmitt það sem sumir óttuðust hvað mest í gamla daga.“

Frosti er auðvitað að grínast og bætir svo við aðeins alvarlegri: „Þetta er náttúrulega alveg rosa-lega gaman. Samtökin halda upp á þrjátíu ára afmæli sitt á þessu ári og því er upplagt að líta til baka og hugsa um leiðina fram á við. Viðhorfin hafa breyst á stuttum tíma og aðstæður okkar batnað mikið. En viðhorf í þjóðfélaginu geta breyst mjög hratt. Því má ekki láta deigan síga svo ekki komi bakslag.“

Afmælinu verður fagnað með nokkrum atburðum, til dæmis Hinsegin hátíð í Listasafni Reykjavíkur 27. júní. Þá verður Gay Pride-gangan í ágúst og verður hún eflaust mikilfengleg, enda á hún tíu ára afmæli í ár.

gunnarh@frettabladid.is

HVAÐ Á ÞETTA EIGINLEGA AÐ ÞÝÐA?

Beggi og Pacas rótburstuðu Hæðina, Páll Óskar er poppstjarna Íslands og Friðrik Ómar keppir í Eurovision.



Þingvallaurriðinn í sókn

„Mér heyrir þetta vera úr sleppingum sem Landsvirkjun stóð fyrir á árunum 2000 til 2004,“ segir Jóhannes Sturlaugsson líf-fræðingur, sem lengi hefur rannsakað urriðastofninn í Þingvallavatni. Jóhannes segir hann í ágætum vexti, það sýni meðal annars rannsóknir hans á hrygningu í Öxará, þar sem má sjá marktæka aukningu.

Mikil og heit umræða hefur myndast á hinum ýmsu veiðivefjum og sýnist sít hverjum um efni fréttar sem blaðið birti fyrir helgi þar sem sagði frá mönnum sem voru að setja í urriða og beittu makríl á öngul. Blaðamaður rakst á sjö félagi úr Kópavogi sem voru að veiða stórrurriða í kvöldsólinni að kvöldi fimmtudags og sex lágu þar sem þeir voru. Þresti Þórhallssyni smíði leiddist ekki að



MED TÓLF PUNDA URRÍÐA Magnús Birgisson sjómaður setti í tvo bolta, einn tólf punda og annan tíu, í síðustu viku.


FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB

draga að landi tíu punda urriða. Stöngin kengbognaði og hvein í hjólinu við átökin. Þetta er fjórða sumarið sem Þróstur mætir til slíkra veiða og hann segist aldrei hafa orðið var svo grimmar töku. Það kemur Jóhannesi ekki á óvart. „Stofninn er að stækka, bæði veiðistofn og hrygningarstofn. Á vorin er tíminn en þegar líður á sumarið er urriðinn ekki eins strandsækin og núna.“ Jóhannes segir þessa fiska geta verið sjö til átta ára og telur aðspurður Þingvallavatn vel þola veiðar ef varlega er farið. „Þessir fiskar eru mikilvægir hrygningu. En þeir eru með eðlislæga stofnavernd. Það safnast í þeim kvikasilfur við murtuát og óráð að stýfa þá um of úr hnefa.“

- jbg



Mögnuð maítilboð **Mótormax** á ferðavögnum!



- 1** **Camp-let** tjaldvagninn sem hefur verið uppáhaldsferðafélagi Íslendinga um áratuga skeið bjóðum við nú **að auki með yfirbreyðslu og mottu í fortjaldið!**
- 2** **Starcraft** fellihýsi standast þínar ytrustu gæðakröfur. **Í maí bjóðum við skjóltjald með í kaupunum frá Isabella, heimspektum framleiðanda.**
- 3** Öllum hjólhýsum og húsbílum frá **Dethleffs** fylgir nú **60.000 kr. bensínkort**. Þú ferð hringinn tvisvar í sumar með nýja þýzka eðalvagninn þinn og borgar ekki krónu í bensín!

Opið í Kletthálsi 13
alla laugardaga í
sumar kl. 12-16.

MotorMax
- lífið er leikur

www.motormax.is

Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
Mótormax Egilsstöðum - Sími 470-5080
Mótormax Akureyri - Sími 460-6060



Kl. 20

Boðið verður upp á leiðsögn um sýningar þeirra Einars Más Guðvarðssonar, Jónu Guðvarðsdóttur og Hildar Jónsdóttur í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, í kvöld kl. 20. Listamennirnir þrír fást allir við skúlptúr í einhverri mynd, en vinna þó með ólík efni og hafa ólíka nálgun á viðfangsefni sín.

menning

menning@frettabladid.is

Cannes-hátíðin hafin

Kvikmyndahátíðin í Cannes er hafin og streymir þangað margt stórmennið. Íslenska stuttmyndin Smáfuglar (2 Birds) eftir Rúnar Rúnarsson hefur verið valin í aðalkeppni hátíðarinnar og keppir því um Gullpálmann í ár. Þetta er í annað sinn sem íslensk stuttmynd er valin til keppni í Cannes, en árið 1993 keppti stuttmynd Ingu Lísu Middleton, Ævintýri á okkar tímum, um Gullpálmann. Verðlaunaafhendingin fer fram sunnudaginn 25. maí, en þá er lokahóf kvikmyndahátíðarinnar.

Samhliða kvikmyndahátíðinni er í Cannes mjög öflugur kvikmyndamarkaður þar sem kaupendur og seljendur kvikmynda alls staðar að úr heiminum koma saman. Fimm íslenskar kvikmyndir verða sýndar að þessu sinni á markaðssýningum í Cannes en það eru Astrópía (Gunnar B. Guðmundsson), Dugghulufólkið (Ari Kristinsson),

Veðramót (Guðný Halldórsdóttir), The Amazing Truth About Queen Raquela (Ólafur De Fleur Jóhannesson) og Skrapp út (Sólveig Anspach). Tvær síðastnefndu myndirnar hafa enn ekki verið sýndar á Íslandi.

Magnús Viðar Sigurðsson verður fulltrúi Íslendinga í „Producer on the move“, en það er viðburður þar sem framleiðendur alls staðar að úr Evrópu koma saman og kynna sig og myndir sínar, ræða framtiðarverkefni og vinna að því að fá nýja aðila að verkum sínum. Starfsmenn Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru á svæðinu framleiðendum til halds og trausts, en miðstöðin hefur um langt skeið verið þátttakandi í markaðssetningu íslenskra kvikmynda í Cannes.

- pbb

KVIKMYNDIR Rúnar Rúnarsson á mynd í keppni stuttmynda um Gullpálmann í Cannes.



> Ekki missa af...

Sýningu á litríkum útsaumsverkum og teikningum **Guðrúnar Bergsdóttur** á **Kaffi Mokka, Skólavörðustíg 3a**, sem lýkur nú á laugardag. Guðrún á að baki fjölda samsýninga og einkasýninga, en sýningin á Mokka er hluti af listahátíðinni nýafstöðnu List án landamæra.

Þingað um ljósmyndir samtímans

Í flóði þeirra myndlistarviðburða sem fram undan eru er hætt við að ný sýning íslenskrar samtímaljósmyndunar fari lágt en að henni stendur hið nýstofnaða félag samtímaljósmyndara hér á landi. Sýningin sjálf verður opnuð á morgun kl. 17 í Þjóðminjasafni Íslands en þar verður einnig uppi sýning á Íslandsmyndum franska ljósmyndarans Thomas Humery sem hann hefur tekið hér hin síðari ár.

Í tengslum við sýninguna verður haldið málþing um íslenska samtímaljósmyndun á laugardag og hefst það kl. 11 í Þjóðminjasafni. Þar ræða innlendir og erlendir



FRÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI Myndin er úr röð mynda þaðan og er eftir Braga Þór Jósefsson, sem er einn þeirra átta ljósmyndara sem eiga verk á sýningunni Endurkast – íslensk samtímaljósmyndun sem verður opnuð í Þjóðminjasafni á föstudag kl. 17.

MYND/BRAGA ÞÓR JÓSEFSSON/ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

fræðimenn um ýmis efni. Annette Rosengren, safnvörður við Nordiska Museet í Stokkhólm, segir frá EKODOK -90, sænsku verkefni fyrir áhugaljósmyndara, rithöfunda og safnamenn. Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur og safnvörður við Byggðasafn Árnesinga, ber saman ljósmyndabækurnar Íslendingar með ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar og Rætur rúntsins eftir hollenska ljósmyndarann Rob Hornstra. Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur segir af óánægju fréttaljósmyndara, en blaðaljósmyndarar hafa lýst óánægju sinni með stöðu ljósmyndunar á íslenskum fjölmiðlum í dag. Farið verður yfir gagnrýni þeirra og staða fréttaljósmyndunar skoðuð. Þá mun Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og styrkþegi í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárn við Þjóðminjasafn Íslands, spyrja: Hver er staður ljósmynda innan íslenskrar sjónlistasögu? Hjálmar Sveinsson blaðamaður skoðar landið og samfélagið eins og það endurspeglar í ljósmyndabókum. Og loks mun Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, greina frá fyrstu verkefnaráðningu Þjóðminjasafns Íslands í samtímaljósmyndun.

Þingið hefst kl. 11, gert verður hádegishlé en því lýkur um kl. 16.

pbb@frettabladid.is



VEGGVERK Hér má sjá myndskreytingu á vegg í Hafnarhúsinu eftir Matthew Ritchie.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Tilraunir á öllum sviðum

Listahátíð í Reykjavík verður formlega sett í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag. Þar fer einnig fram stærsti viðburður hátíðarinnar, Tilraunamarabonið, sem hefst í fyrramálið kl. 10.

Fjöldi listamanna, fræðimanna og vísindamanna tekur þátt í maraboninu sem stendur allan daginn bæði á morgun og á sunnudag. Hver þátttakandi hefur vissan tímaramma, fimmtán mínútur, til þess að fremja sína tilraun og svo tekur næsti þátttakandi við. Tilraunirnar spanna vítt svið fræða og lista og er því ljóst að fjölbreytileiki verður í fyrirrúmi á þessum yfirgripsmikla viðburði.

Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir Tilraunamarabonið runnið undan rifjum sýningarstjóranna, þeirra Hans Ulrich Obrist, sem jafnframt er safnstjóri Serpentine safnsins í Lundúnum, og myndlistarmannsins Ólafs Elíassonar. „Obrist hefur gríðarlega vítt áhugasvið og sér gjarnan tengsl á milli ólíklegustu viðfangsefna. Þeir Ólafur unnu saman í fyrra þegar Ólafur reisti sérlegan skála við Serpentine safnið. Öll aðferðarfræði Ólafs gengur út á að verk hans reyni á skynfærin og því prufuðu þeir félagar að halda tilraunamarabon í skálanum síðastliðið haust. Leikurinn er svo endurtekinn hér, en þó á veglegri hátt þar sem að hér fylgir maraboninu sýning sem stendur út sumarið.“

Þátttakendur í maraboninu koma víða að; Hafþóri telst til að þeir komi frá tólf löndum og fimm heimsálfum. Sumir þeirra eru vel þekktir innan afmarkaðra kima lista- og menningarheimsins en aðrir eru almenningi vel kunnir, til að mynda tónlistarmaðurinn Brian Eno og kynlífssérfræðingurinn Dr. Ruth. Hafþór segir þátttakendurna hafa tekið vel í það að ferðast til Íslands til þess eins að láta ljós sitt skína í fimmtán mínútur. „Obrist er ótrúlega vel tengdur maður; hann hefur fleiri númer í símanum sínum en nokkur annar sem ég þekki til. Að auki er hann vel þekktur sýningarstjóri bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum og hefur afar sérstakan sýningastíl. Því virðast flestir sem hann hefur samband við vera meira en til í að taka þátt í



HLJÓÐMYND Hluti af verki eftir Brian Eno.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

hverju því sem hann stingur upp á. Honum tekst með sýningum sínum að skapa mögnuð hughrif sem þó er erfitt að henda reiður á og því ekkert undarlegt að fólk vilji gjarnan taka þátt í að skapa slíka upplifun.“

Tilraunamarabonið sjálft fer fram á opnunartíma Listasafnsins á morgun og á sunnudag, en sýning tengd viðburðinum stendur svo til 24. ágúst.

vigd@frettabladid.is

Pappírsverk Magnúsar

Listahátíð breiðir úr sér: Í Hveragerði verður á sunnudag opnuð sýning á pappírsverkum Magnúsar Kjartanssonar myndlistarmanns sem féll frá á besta aldri 2006. Það er Listasafn Árnesinga sem stendur fyrir sýningunni en sýningarstjóri er Jón Proppé. Pappírsverk Magnúsar eru unnin með margbreytilegri tækni og spanna verkin á sýningunni allan feril þessa afkastamikla listamanns. Klippimyndir, málverk og ljósmyndir. Á sýningunni er einnig að finna yfirlit um tilraunir Magnúsar með alls kyns ákast. Hann varpaði hlutum, myndum og jafnvel líkamshlutum á pappír og framkallaði með ýmiss konar tækni ákastið á pappírinn.

Fæst verkanna á þessari sýningu hafa áður komið fyrir almenningssjónir enda er hér um að ræða fyrstu tilraun til að skoða framlag Magnúsar til verka sem unnin eru á pappír. Nokkur verkanna eru úr eigu opinberra safna en önnur úr einkaeign. Sýningarstjórinn segir að leitast verði við á þeim tíma sem sýningin er opin í Hveragerði að tengja vinnu Magnúsar á þessu sviði við strauma í samtíma hans með fyrirlesturum, kynningum, pallborðsumræðum og gjörningum, en á opunardaginn mun verðandi fulltrúi íslenskrar myndlistar á Tvíærningum í Feneyjum, Ragnar Kjartansson, fremja gjörning.

Sýningin í Listasafni Árnesinga í Hveragerði stendur til 20. júlí og er opin daglega frá 12-17. Listasafnið er í eigu sveitarfélaga í Árnessýslu, var stofnað 1975 og var lengi starfrækt á Selfossi en hefur frá 2003 verið í Hveragerði.

- pbb



MYNDLIST Eitt verka Magnúsar Kjartanssonar myndlistarmanns (1949-2006) á pappír sem birtast mörg í fyrsta sinn á sýningu í Hveragerði, sem verður opnuð á sunnudag kl. 18.

20% afsláttur

OPIÐ
til **20**
alla daga

7-23. MAÍ STENDUR YFIR FYRIRTÆKJAKEPPNIN „HJÓLAÐU Í VINNUNA“,

AF ÞVÍ TILFENI BJÓÐUM VIÐ **20% AFSLÁTT** AF ÖLLUM 26" OG 28" REIÐHJÓLUM

ULTRA

Regata Lady/Gentleman

- Stærð: 28"
- Girar: 18 girar, Shimano TY18 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Brettí að aftan og framan, bögglaberi, rafdrifnar luktir að aftan og framan, glitaugu í pedólum, standari

23.999kr
verð áður 29.999kr



RALEIGH

Tibet Man/Tibet Lady

- Stærð: 26"
- Girar: 21 gir, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedólum, standari

23.999kr
verð áður 29.999kr



PROSTYLE

City Cruiser

- Stærð: 26"
- Girar: 8 girar, Shimano Grip Shift
- Bremsur: Handbremsur að framan og aftan
- Gaffall: Með dempara
- Glitaugu í pedólum, gjörðum, rafdrifið ljós með dínamó að framan, lugt að aftan, lás, bjalla, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf

23.999kr
verð áður 29.999kr



RALEIGH

Sydney Cruiser

- Stærð: 26"
- Girar: 3 girar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedólum, standari

22.399kr
verð áður 27.999kr



PROSTYLE

Prostyle - Gentleman

- Stærð: 28"
- Girar: 3 girar, Shimano Grip Shift
- Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan
- Glitaugu í pedólum, gjörðum, rafdrifið ljós með dínamó að framan, lugt að aftan, lás, bjalla, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf

23.999kr
verð áður 29.999kr



PROSTYLE

Infinity

- Stærð: 26"
- Girar: 21 gir
- Bremsur: Diskbremsur að framan og aftan
- Gaffall: Með dempara
- Álstell, glitaugu í pedólum, gjörðum, að aftan og framan, bjalla og lás

31.999kr
verð áður 39.999kr

20% afsláttur
við hessa



PROSTYLE

Puma/Tiger

- Stærð: 26"
- Girar: 21 gir,
- Bremsur: Diskbremsur að framan og aftan
- Gaffall: Með dempara
- Álstell, glitaugu í pedólum, gjörðum, að aftan og framan, bjalla og lás

27.999kr
verð áður 34.999kr

CROSS

Enduro

- Stærð: 26" með dempara
- Girar: 24 gir, Shimano Altus Gripshift
- Bremsur: Promax DSK-400 diskbremsur að framan og aftan
- Gaffall: HL ZHR Magnesium gaffall með dempara
- Álstell, standari, breið grófmynstruð dekk, litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, Svartir Aero teinar

39.999kr
verð áður 49.999kr



CROSS

Arina / Arrow

- Stærð: 28"
- Girar: 21 gir, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL-T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

30.399kr
verð áður 37.999kr

RALEIGH

PROSTYLE

CROSS

ULTRA

Gildir til 18. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt
kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Minnkað viðfang í Galleríi Dvergi

Gallerí Dvergur, Grundarstíg 21, tekur þátt í Listahátíð í Reykjavík líkt og flest önnur sýningarrými borgarinnar. Þar verður opnuð í kvöld kl. 20 sýning Helgu Óskarsdóttur, en hún hefur nokkuð gert af því að draga fram og stækka upp smáatriði og þannig fangað falda fegurð í umhverfi okkar.



UMHVERFI OKKAR Hluti af verki Helgu Óskarsdóttur í Galleríi Dvergi.

Í sýningarýminu Gallerí Dvergur sýnir Helga nýtt staðbundið verk. Í þessari sýningu nálgast hún viðfangsefni sitt frá nokkuð nýju sjónarhorni þar sem hún smækkar viðfangsefni sitt og horfir á það utan frá.


- vþ

Salou

23. og 30. maí

frá kr. 34.990

Terra Nova bíður nú frábær sértíloboð til Salou. Í boði er einstakt tilboð á Cye Holiday Center íbúðahótelinu og Aqua & Golden hótelíbúðunum á Pineda ströndinni. Við bæjarmörkin er Port Aventura skemmtigarðurinn og Aquapolis vatnsrennibrautagarðurinn er í hjarta Pineda örskammt frá Salou. Góðar íbúðir á frábærum kjörum.



örfáar íbúðir í boði!

Kr. 34.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 23. maí. Brottför 30. maí kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000 á mann.

Kr. 44.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í íbúð í viku á Aqua & Golden. Cye Holiday Center kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 14.000 á mann.



Allra síðustu sætin!

Einnig bjóðum við ótrúlegt súpersólar tilboð, þar sem þú bókar og tryggir þér sæti og færð að vita um þinn gististað 4 dögum fyrir brottför. Strönd, sól og skemmtun á frábæru verði.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranoa.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Rými safns endurskapað

Sýningin List mót byggingarlist verður opnuð á morgun í Listasafni Íslands. Eins og titill sýningarinnar gefur til kynna er viðfang hennar tók myndlistar á byggingarlist, en ákveðin togstreita hefur löngum ríkt á milli þessara tveggja greina. Fimm listamenn, erlendir sem innlendir, hafa verið fengnir til þess að vinna verk fyrir sýninguna og gera þeir það hver með sínu nefi.



ANDSTÆÐA KARLLÆGRAR BYGGINGARLISTAR Verk eftir ítölsku listakonuna Monicu Bonvicini.

Listamennirnir eru þau Monica Bonvicini, Finnbogi Pétursson, Elín Hansdóttir, Steina og Franz West, en þau eiga það sameiginlegt að hafa talsvert unnið með rými og rýmisskynjun í verkum sínum.

Sýningarstjóri er Halldór Björn Runólfsson, en hann er jafnframt safnstjóri Listasafns Íslands. „Listamennirnir umbreyta umhverfi safnsins og takast þannig á við sjálfa bygginguna,“ útskýrir Halldór. „Verkin eru þó innbyrðis afar ólík. Elín Hansdóttir setur upp vöfundarhús í einum salnum, Monica Bonvicini ræðst á karllæga byggingarlist með ögrandi verki sínu, Franz West gerir opinbert rými félagslegt og aðgengilegt, Finnbogi Pétursson gerir tilraun með opin eld og Steina býður upp á afar áhrifaríkt myndbandsverk. Rými safnsins verður því undirlagt og

má segja að byggingin þurfi hálfpartinn að hopa fyrir þessum listamönnum.“

Síðasta sýning Listasafns Íslands, Streymið, var samsýning þriggja ungra listakvenna og segir Halldór nýju sýninguna vera rökrétt framhald af þeirri sem á undan fór. „Á sýningunni Streymið var rauði þráðurinn tíminn og því liggur heldur beint við að takast nú á við rýmið. Fleira tengir þessar sýningar; Streymið sýndi verk þriggja kvenna sem tilheyra sömu kynslóð, en nú höfum við leitt saman fimm listamenn sem tilheyra hver sinni kynslóð og eru fæddir yfir fjörutíu ára tímabil. Það verður því afar áhugavert að sjá hvernig þessar

kynslóðir nálgast rými hver á sinn hátt.“

Það hefur vart farið framhjá neinum að byggingarlist og skipulagsmál hafa verið talsvert í umræðunni hérlendis undanfarið. Því má með sanni segja að Listasafni Íslands hafi puttan á púlsinum. „Byggingarlist, hönnun og myndlist hafa runnið dálítið saman á undanförunum árum og að mörgu leyti er orðið erfitt að draga skýr mörk á milli þessara greina. Þessi samruni hefur leitt til mikillar grósku og því er tímabært að efna til stórrar sýningar á þessari þróun,“ segir Halldór.

List mót byggingarlist er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Sýningin stendur til 29. júní.

vigdís@frettabladid.is

Hrjúf og fínleg náttúran

Sýning sem heitir hinu hressilega og frakka nafni „Hvaða Eldfjöll?“ verður opnuð í Listasafni ASÍ á morgun kl. 17, en á henni má sjá verk eftir listamennina Halldór Ásgeirsson og Paul Armand Gette. Varla þarf að taka það fram að sýningin er hluti af dagskrá hinnar yfirgripsmiklu Listahátíðar í Reykjavík.

Verkin á sýningunni eru innblásin af hinum fjölmörgu eldfjöllum Íslands. Í verkum sínum notar Halldór logsuðutæki til að umbreyta grófgerðu hrauni í undursamlega fingerða glerflugla, en Gette leitar að hinu kvenlega í náttúrunni.

Listamennirnir hafa báðir unnið talsvert áður með eldfjöll og frumkraft þeirra og það er því nokkuð snjöll hugmynd að leiða þá saman á sýningu sem þessari. Paul Armand Gette er fæddur í Lyon í Frakklandi 13. maí árið 1927 og hefur haft áhuga á eldfjöllum frá því að hann gekk upp á Vesúvíus tólf ára gamall. Síðan þá hefur hann starfað markvisst að listsköpun sinni og unnið talsvert með minni úr náttúrunni. Halldór Ásgeirsson er fæddur í Reykjavík árið 1956. Hann hóf tilraunir með



HRAUN OG BLÓM Verk eftir Halldór Ásgeirsson.

hraunbræðslu snemma á tíunda áratug síðustu aldar og hefur síðan þá skapað ótrúlega fínleg verk úr þessum grófa og hrjúfa efnivið.

Listasafni ASÍ er opið alla daga nema mánudaga og er aðgangur að því ókeypis. Sýningin „Hvaða Eldfjöll?“ stendur til 15. júní. - vþ

Vinsæl og tónelsk mús


Færri komust að en vildu síðast þegar tónlistarmúsinn Maxímús Músíkús tróð upp með Sinfóníuhljómsveit Íslands. En nú gefst annað tækifæri; Maxímús snýr aftur ásamt hljómsveitinni nú á laugardag og enn eru fánlegir miðar á tónleikana.


Bókin Maxímús Músíkús heimækir hljómsveitina hefur selst eins og heitar lummur undanfarna vikur. Í henni segir af kynnum Maxímúsar af heimi tónlistarinnar og hljóðfæranna, en höfundar bókarinnar eru tveir meðlimir Sinfóníunnar, þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari. Tónleikarnir á laugardag byggja á söguþræði bókarinnar og fá áhorfendur að upplifa ævintýri Maxímúsar bæði í leik og tónum.

Leikarinn Valur Freyr Einarsson flytur söguna og hljómsveitin sér um að búa til viðeigandi leikhljóð. Trúðurinn Barbara lítur við í heimsókn, sem og sjálfur heiðursgesturinn Maxímús. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 14 á laugardag. - vþ

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS Mætir til leiks í Háskólabíói, hress og kátur, á laugardag.





NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI

Kringlunni

Smáralind

Laugavegi

Leifsstöð



FIMMTUDAGUR 15. MAÍ KL. 20
FJÖLUTÓNLEIKAR - LHÍ
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR

FÖSTUDAGUR 16. MAÍ
KL. 19 OG KL. 21
LAUGARDAGUR 17. MAÍ
KL. 19 OG KL. 21

HVERS VIRÐI ER ÉG?
NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMÍÐJU
BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS!

LAUGARDAGUR 17. MAÍ
KL. 8:30-16
MARAPONTÓNLEIKAR
KÁRSNESKÓRANNA VOR 2008
KAFFIHLAÐBORBÐ ALLAN DAGINN

ÞRIÐJUDAGUR 20. MAÍ
KL. 17 PÍANÓTÓNLEIKAR - LHÍ
GUNNAR GUÐJÓNSSON
KL. 20 FJÖLUTÓNLEIKAR - LHÍ
HULDA JÓNSDÓTTIR



VIVALDI Eitt þeirra tónskálda sem eiga verk á útskriftartónleikum kvöldsins.

Fiðluleikari útskrifast

Nú eru aðeins fjórir tónleikar eftir í útskriftartónleikaröð Listaháskóla Íslands. Í kvöld kl. 20 kemur fiðluleikarinn Greta Salóme Stefánsdóttir fram á slíkum tónleikum í Salnum í Kópavogi og leikur tónlist eftir tónskáldin F. Kreisel, Arvo Pärt, Vivaldi og Ravel. Meðleikari Gretu á tónleikunum er enginn annar en Richard Simm. Eins og tíðkast með útskriftartónleika er aðgangur ókeypis og öllum opin. Það er því tilvalið að njóta fagurra tóna á vægast sagt viðráðanlegu verði í kvöld og láta áhyggjur af stöðu krónunnar lönd og leið rétt á meðan.



DANSLIST Systur fjalla sumpart um samband við karlkyrn, en einnig um margt fleira. Þorfinnur Ómarsson, Lára og Ástrós á sviðinu í Iðnó.

MYND/ALDA JÓNSDÓTTIR/PARS PRO TOTO.

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Örfáar aukasýningar

Fjórða leikarið í röð bjóðum við uppá sýningar á þessu vinsælasta leikriti áratugarins!

Rúmlega 30.000 áhorfendur komu á 160 sýningar í Borgarleikhúsinu og um allt land.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Lau. 17 maí
Sun 18 maí
Fim 22 maí
Fös 23 maí

LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Fim. 29. maí kl. 20
Fös 30. maí kl. 19
(aðh. breyttan sýningartíma)
Lau 31. maí kl. 19
(aðh. breyttan sýningartíma)
Sun 1. júní kl. 20

ÞETTA ERU LOKASÝNINGAR VERKSINS!

alveg BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur

EKKI MISSA AF ÞESSARI BRILLJANT LEIKSÝNINGU!!!!

Þjóðleikhúsið um hel(l)gina

MIÐASALA Í SÍMA 551 1200 OG Á WWW.LEIKHUSID.IS

Ástin er diskó, lífið er pönk
e. Hallgrím Helgason
sýn. fim. 15/5 uppselt, fös. 16/5 uppselt, lau. 17/5 örfá sæti laus

Sá ljóti
e. Marius von Mayenburg
sýn. fös. 16/5 örfá sæti laus
lau. 17/5 ATH. síðasta sýning

Skoppa og Skríttla
e. Hrefnu Hallgrímsdóttur
sýningar lau. 17/5 uppselt
sýningar sun. 18/5 örfá sæti laus

Systradans í Iðnó

Í fyrri viku frumsýndi gamalt fyrirtæki Lára Stefánsdóttur, Pars pro toto, nýtt dansverk þeirra Ástrósar Gunnarsdóttur, Systur, í Iðnó. Því miður gafst ekki tækifæri til að sjá sýninguna fyrir en á föstudagskvöldið en það er á fjölunum í gamla Iðnó til maíloka.

Það var í Iðnó sem tvær nýlátningar heidurskonur, Rigmor Hanson og Sif Þórz, báðar úr hópi frumherja danslistarinnar hér á landi, stóðu fyrir sínum danssýningum, bæði sóló-sýningum með samsettu efnisskrám og nemendasýningum. Það var dálítið sérstök tilfinning að setjast niður í Iðnó og sjá tvo ágæta danslistamenn koma saman í sýningu sem byggði á þematískri yfirskrift en var í raun röð stuttra dansa. Dansinn hefur þrátt fyrir allt mjakast áfram og er víðtæk hreyfing þótt enn leiti dansarar í smásmíðar í sköpun sinni, rétt eins og elstu frumkvöðlar í íslensku danssögu.

Nú eru þær Ástrós og Lára komnar vel yfir kjöraldur dansara. Þær komu báðar fram í fyrsta sinn snemma á níunda áratug síðustu aldar. Hafa dansað víða en hin síðari ár einkum unnið við dansstjórn og danssamningu. Þær eru báðar lifandi sönnun þess að dansinn getur elst með

listamönnum, þótt þrek láti oft undan til stóratáka og líkamlega förlist dönsurum með aldri. Raunar mælir ekkert gegn því að eldri dansarar geti átt lengri feril en tíðkast hefur. Dansinn hefur fært svið sitt út á síðustu áratugum og rétt eins og yngri dansarar og danshöfundar leita óhræddir inn á önnur svið tjáningar ætti dansinum að vera mögulegt að halda fólki lengur að starfi en til þessa hefur verið viðurkennt.

Reyndar er engan bug að finna á þeim Lára og Ástrós. Þær eru í fantaformi sem dansarar og vila ekki fyrir sér að takast á við erfiðar þrautir í þeirri dansaröð sem þær slá saman: systrabæmað hverfur frá hinu veraldlega í upphafi til hins andlega þá langt er liðið á dansinn og hverfur þá aftur til upphafsins. Sýningin er öll framkvæmd af mikilli smekkvísi, ljós og litir, að ógleymdu stefasafni úr ýmsum áttum sem falla að efninu á hverjum tíma og skapa vissulega nokkuð tvístraðan hljóðheim. Textar Hrafnhildar Hagalín sem koma reglulega fyrir í framgangi dansanna og rekja stöðu kvenraddar, einnar eða fleiri, í misjöfnum aðstæðum, að því heyra mátti. Orð og dans tókust ekki á en studdu hvort annað.

LISTDANS

Systur

eftir Ástrós Gunnarsdóttur og Lára Stefánsdóttur.

Texti: Hrafnhildur Hagalín
Umsjón með tónlist: Guðni Franzson
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

★★★

Falleg en brotakernd sýning tveggja fagaðra dansara.

Lára og Ástrós eru ólíkir dansarar, áferð þeirra er ekki söm: Ástrós hefur alla tíð verið strangur dansari, næstum hörkuleg. Lára leikur á fleiri strengi í túlkun sinni: hér leita þær inn í margbreytilega stíla hiklaust og af sterkri innlifu sem bar hæst í kyrrstæðum mjúkum dansi þar sem þær eru báðar naktar. Stúdíó í ljósi og þröngt mörkuðum hreyfingum var fullkomin í afar viðeigandi lýsingu Björns Bergsteins.

Þær stóllur eiga báðar hrós skilið fyrir framtakið og í þeim flaumum atburða sem dynja nú á áhorfendum er sá vís sem setur sýningu þeirra í forgangs röð.


Páll Baldvín Baldvínsson

Upplýsingar standa sjálfstætt

Minni sýningarrými Reykjavíkur taka af fullum krafti þátt í Listahátíð í Reykjavík. Framlag gallerísins Kling og Bang er sýningin Óvissulög málið eftir myndlistarkonuna Sirru Sigrúnu. Á sýningunni má sjá verk unnin með margvíslegri tækni, til að mynda ljósmyndir, skúlptúr og myndbandsverk, en rauði þráðurinn sem tengir þau er sjónræn framsetning upplýsingakerfa.

„Hugmyndin að þessari sýningu kviknaði í raun þegar ég rakst á ljósmynd sem tekin var með Hubble-sjónaukanum. Myndin var tekin yfir ellefu sólarhringa og gaf möguleika á að sjá milljónir ljósára aftur í tímann, aftur til hinna myrku miðalda alheimsins. Út frá þessari mynd fékk ég mikinn áhuga á því að skoða betur hvaða aðferðir við höfum notað í gegn um tíðina til að skoða heiminn og afla okkur upplýsinga um hann, og einnig því hvernig við höfum svo sett þessar upplýsingar fram,“ segir Sirra.

Sirra bendir á að upplýsingar séu oftar en ekki settar fram á sjónrænan hátt, en séu aftur á móti ekki alltaf öllum aðgengilegar. „Upplýsingar í ýmsum fræðigreinum, til að mynda stærðfræði og eðlisfræði, eru gjarnan settar fram sem einhvers konar línurit, töflur eða eitthvað á móta. Það er þó ljóst að maður þarf að hafa vissa þekkingu á þessum fræðigreinum til þess að geta skilið þessa



SJÓNÆNAR UPPLÝSINGAR Frá sýningu Sirru Sigrúnar.

framsetningu. Mig langaði til þess að kanna hvort sjónræn framsetning af þessu tagi gæti staðið sjálfstætt og óháð þeim upplýsingum sem hún á að miðla.“

Óvissulög málið verður opnað á föstudag í Kling og Bang galleríi, Hverfisgötu 42. Sýningin stendur til 22. júní og er aðgangur ókeypis og öllum opin.

- vþ

**30%
afsláttur**



GODI

398 kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar - 2x 175 gr.

**40%
afsláttur**



GODI

659 kr/kg áður 1.099 kr/kg.
Goða blandað hakk

**30%
afsláttur**



GODI

1.749 kr/kg. áður 2.498 kr/kg.
Goða grísalund meistarans

**50%
afsláttur**



99 kr/pk. áður 198 kr/pk.
Pykkvabæjar franskar - Tilboð 700 gr.

**45%
afsláttur**



98 kr/stk. áður 179 kr/stk.
Toppur 2 ltr. - 3 tegundir

**50%
afsláttur**



99 kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nettó samlökubrauð - gróft

**35%
afsláttur**



77 kr/stk. áður 119 kr/pk.
Brazzi 1 ltr. - 4 tegundir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 15. maí til 18. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Viltu fá Sælureitinn sendan heim?

Hringdu þá í 525 3000 eða pantaðu af www.husa.is

Sælureiturinn
heimur hugmynda

Þú getur fundið verð á vörum
Sælureitsins á www.husa.is



Ný sending

Soldis
Silkitré & silkiblóm

ALLT Í GARÐINN

í Húsasmiðjunni og Blómavali



Stjúpur
10 stk.
699



Tóbakshorn
399



Hengilóbelía
499



Snædrífa
699



499

Rabarbaraplanta





Pallaefni

Gagnvarin fura

21 x 95 mm, 0,9 - 4,5 m **139** kr/m
621601

28 x 95 mm **199** kr/m
628601


98 x 98mm **499** kr/m
698600

48 x 98 mm **264** kr/m
648600

Allt fyrir pallinn og meira til




Skandik




90 x 120 sm
603200

7.300




180 x 180 sm
603150

13.900



180 x 180 sm
603205

13.900



180 x 190/180 sm
603185

13.900

PALLAOLÍA

Oliubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn. Veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu- og grámamyndun. Er sérstaklega hentug á hverskyns palla, verandir og skjólveggi. Fæst í viðargrænum og gullbrúnum staðallitum og hægt að laga í fjölda annarra lita. Purrefnisinnihald 30%.

Jotun Treolje
Pallaolía 3 ltr.
7049123-37

1.799
~~2.629~~



PALLAOLÍA

Vatnsþynnanleg alkýð/oliubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn. Veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu- og grámamyndun. Er mjög fljótþornandi ca. 4 klst. og er auðveldur í notkun. Inniheldur ljósfilter sem varnar niðurbroti vegna sólarljóss. Er sérstaklega hentug á hverskyns palla, verandir og skjólveggi. Fæst í 12 litum. Efnisnotkun 6-10m². Aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár.

Trebitt Terrassbeis

Pallaolía 3 ltr..
7049308

4.499
~~5.695~~



Stigi/Trappa
5.30m/2.9m.
5079874

13.999



3 rafhlöður

Hleðsluborvél Hitachi
14.4V, 3 rafhlöður, 13 mm patróna.
5247254

16.995



54.950

weber Q300

Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur
Postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli, tvískipt
Hitamælir í loki
2 ryðfríir brennarar, hentar vel fyrir óbeina grillun
Brennari: 6,35 kW/h-21.700 BTU
Heildar utanmál með lok opið:
140,9x140,3x76,2 sm
Grillflötur: 63x45 sm
Grillvagn er úr glerstyrktri nælon umgjörð, með niðurfellanlegum hliðarborðum
Slanga og tengi fyrir gaskút
Þrýsti-uppkveikjurofi
Álbakki fyrir fitu
Gaskútur fylgir ekki
Litur: Titanium
3000253



x blómaval

Frábær saman

> BRAD PITT SEM ÞÓR

Samkvæmt erlendum vefmiðlum virðist Brad Pitt vera hrifinn af því að leika Þór, enn eina myndasöguhetjuna frá Marvel. Hann ku hafa heillast af velgengni Iron Man sem hefur skotið Robert Downey Jr. hátt upp á stjörnuhimininn.



bió

bio@frettabladid.is

Stone setur þjóð sína á hvolf

Ameríska þjóðin á vafalítið eftir að fara á hvolf þann 17. október á þessu ári. Oliver Stone, aldrei þessu vant, á hlut að máli. Kvikmyndin W verður frumsýnd þennan dag en hún fjallar um uppgang George W. Bush og afrek hans í Hvíta húsinu. Stone og Bush eiga það kannski sameiginlegt að vera ekki allra, en langt er síðan stórveldinu í vestri hefur verið stjórnað af jafn umdeildum og hötuðum manni. Varla þarf að taka fram að Bush gaf myndinni ekki blessun sína.

Forsetinn getur þó huggað sig við það að

hann er leikinn af hjartaknúsarannum Josh Brolin sem er eitt skýrasta dæmið um föðurbetrun (hann er sonur James Brolin sem er giftur Barbra Streisand). En þar með eru gleðitíðindin fyrir hann upptalin, New York Post greindi frá því fyrir skömmu að blaðið hefði handritið að

kvikmyndinni undir höndum og miðað við brotin úr henni má ætla að hægri menn í Bandaríkjunum geri allt sem í þeirra valdi stendur til að kasta rýrð á myndina og reyni jafnvel að koma í veg

FORSETARNIR

Josh Brolin og James Cromwell leika forsetaferðgana George og George í kvikmyndinni W eftir Oliver Stone.

fyrir að hún verði sýnd í Ameríku. „Áður en þú talar, komdu þá til mín. Ég skal upplýsa þig um hvað þú átt að segja,“ segir spunameistarinn Karl Rove við George í einu atriðanna. Á öðrum stað úthúðar Bush forvera sínum í starfi, Bill Clinton, með fremur grófum hætti.

Miðað við leikhópinn sem Stone ræður yfir þá er eitt ljóst, myndin verður seint illa leikin. James Cromwell er George eldri og Scott Glenn fær að leika Donald Rumsfeld. Elisabeth Banks er í hlutverki Lauru Bush og Thandie Newton verður Condoleezza Rice.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

Nim's Island

Nim er lítill telpa sem lifir á einangraðri eyju með föður sínum. Þegar hann hverfur neyðist Nim til að nýta sér alla þá þekkingu sem hún hefur fengið í gegnum lestur ævintýrabóka.

Leikstjóri: Jennifer Flackett og Mark Levin

Aðalhlutverk: Jodie Foster, Gerard Butler og Abigail Breslin

Dómur IMDB: 6,2/10

Never Back Down

Nýi strákurinn í skólanum er plataður inn í slagsmálafélagsskap en þegar vinum hans og félögum er hótað líkamsmeiðingum ákveður hann að heyja einvígi við meistaran.

Leikstjóri: Jeff Wadlow

Aðalhlutverk: Sean Faris og Djimon Hounsou

Dómur IMDB: 5,1/10

Prom Night

Lokadansleikur í skólanum á að verða besta kvöldið í lífi ungrar stúlku. Sadista-morðingi hefur hins vegar aðrar hugmyndir.

Leikstjóri: Nelson McCormick

Aðalhlutverk: Brittany Snow og Scott Porter

Dómur IMDB: 4,0/10

Harold and Kumar

Harold og Kumar eru komnir aftur. Að þessu sinni eru þeir grunaðir um að vera hryðjuverkamenn.

Leikstjóri: Jon Hurwitz

Aðalhlutverk: John Cho og Kal Penn

Dómur IMDB: 7,6/10



Traustar hjálparhellur Indy

Eftir tæpa viku verður fjórða kvikmyndin um Indiana Jones frumsýnd hér á landi. Aðdáendur fornleifafraeðingsins halda niðri í sér andanum, en gullkálarnir og mennirnir á bak við ævintýrið, Steven Spielberg og George Lucas, hafa tryggt sig í bak og fyrir.

Harrison Ford réð vel við hlutverkið og hvíta tjaldið í fyrstu kvikmyndunum. Og þurfti enga utanaðkomandi aðstoð. Í þriðju myndinni, Indiana Jones and the Last Crusade (sem eins og nafnið gefur til kynna átti að vera sú síðasta), höfðu menn áhyggjur af því að aðeins væri farið að slá í Ford-nafnið sem hingað til hafði fært mönnum gull og græna skóga. Sean Connery var því fenginn til að leika pabba Jones og ekki var að sökum að spyrja; Skotinn og Harrison mynduðu eitt af skemmtilegustu tvíeykjum sumarsmellanna.

Ungstirnir fyrir nýja aðdáendur

Fjórða myndin ber þess augljós merki að ekki eigi eingöngu að herja á tryggja og trúa aðdáendur Indy. Menn virðast heldur ekki fyllilega treysta á Harrison Ford til að ná himinháum upphæðum í miðasölu sem gætu réttlætt endurkomu þessarar elskuðu hetju.

Lucas og Spielberg hafa því komið fyrir alls konar leikurum sem gætu haft mikil áhrif á áhorfendur. Þar ber fyrstan að nefna Shiu LaBeouf, risandi stjórnun í gullkálfaheiminum eftir að myndinni Transformers eða Umbreytingum tókst að sigra heiminn. LaBeouf leikur Mutt Williams, ungan lærling fornleifafraeðingsins Jones, sem kemst á snöðri um að kennarinn hans á sér æði skrautlega fortíð og að nálægðin við hann er ávísun á ævintýri. LaBeouf er augljóslega hugsadur til að trekkja að yngri kvikmyndahúsagesti sem eru fæddir eftir 1989 þegar síðasta Indiana Jones-myndin var frumsýnd.

Cate Blanchett er annar gullmoli sem nánast örugglega er hægt að reida sig á. Ástralska leikkonan er í hlutverki hinnar rússnesku Irinu Spalko sem vilar ekki fyrir sér að koma Indy fyrir kattarnef svo hún nái takmarki sínu. Blanchett er fyrir löngu orðin ein virtasta leikkona draumaverksmiðjunnar og hefur þegar fengið Óskarsverðlaun, en það var fyrir leik sinn sem Katherine Hepburn í The Aviator. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Indiana Jones þarf að kljást við kvenkyns andstæðing en þetta er alveg pottþétt í fyrsta skipti sem Harrison Ford fær alvöru leikkonu á móti sér.

Traustir vinir

Varla þarf að fara mörgum orðum um John Hurt sem er fremstur meðal jafningja í fjórðu myndinni.



ANDSTÆÐINGAR OG VINIR

Cate Blanchett, Ray Winstone, Shia LaBeouf og John Hurt er leikarahópur sem einn og sér ætti að nægja til að trekkja að. Harrison Ford hefur sjaldan eða aldrei verið jafn dyggilega studdur á hvíta tjaldinu.

Hurt er í hlutverk prófessors Oxley í kvikmyndinni og fáir valda því jafn vel að vera í litlum en bitastæðum hlutverkum. Og það kæmi fáum á óvart þótt Oxley ætti sér leyndarmál, reykt jafnvel pípu og hefði allt á hornum sér.

Landi Hurts, hinn þéttvaxni Ray Winstone, er síðan meðhjálpari Indiana Jones. Winstone ætti að vera farinn að þekkja það hlutverk nokkuð vel því hann var frábær sem Mr. French, handbendi Jacks Nicholson í Óskarsverðlaunamynd Scorsese, The Departed.

Spielberg og Lucas eru ekki að gera metsölu-mynd í fyrsta skipti og væntanlega ekki í það síðasta. Reynsla þeirra og gott auga fyrir smellum ætti að nægja hverri mynd til að raka inn seðlum í peningamaskinu sína. Ákvörðun þeirra um að styðja vel við bakið á Harrison Ford sannar það kannski hvað best.

- fgg

Rafsuðuvélar

HELVI MIG rafsuðuvélar.
Eins og þriggja fasa.
Hagstætt verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.

Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakkilættisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bió.

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

póst húsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

Cage fetar í fótspor Keitel's

Þýski leikstjórinn Werner Herzog og hyggst endurgera kvikmynd Abel Ferrara, Bad Lieutenant, frá árinu 1992 og hefur fengið Nicholas Cage til að leika lögreglumanninn ofurspillta.

Kvikmynd Ferrara vakti gríðarlega athygli á sínum tíma og mörgum þótti hreinlega nóg um ofbeldið. Og ætlaði allt um koll að keyra þegar áhorfendur horfðu upp á hinn virta leikara fróa sér

VONDI LÖGREGLU-MADURINN

Nicholas Cage ætlar að taka áhættu og bregða sér í hlutverk sem Harvey Keitel gerði nánast ódauðlegt. Fyrir margar sakir.

fyrir framan táningsstúlkur í bíl.

Myndin lýsir fremur núturlægri tilveru lögregluþingja sem nýtir hvert tækifæri til að dópa, drekka og stunda hópknúlf með vændiskonum milli þess sem hann neytir kókaíns í morgunmat. Myndin fékk hinn mjög svo stranga NC-17 stimpil og hana sá varla nokkur maður án þess að kúgast með reglulegu millibili.

Samkvæmt Variety hyggst Herzog þó tóna aðeins niður grimmdina og ekki þykir líklegt að Cage verði látinn framkvæma öll voðaverk Keitel's á hvíta tjaldinu.




EFTIRMINNILEGUR Keitel fór hreinlega á kostum sem lögregluþingji þótt mörgum hafi þótt nóg um ofbeldið og grimmdina í kvikmyndinni.



DAY
BIRGER *et* MIKKELSEN
WWW.DAY.DK

Vorútsala
50-70% afsláttur
af útsöluvöru

DAY | Kringlunni | 5173190



Vorútsala

50-70%
afsláttur af
útsöluvöru

All Saints Kringlunni | Sími 517 3890



WAREHOUSE

Vorútsala

50-70% afsláttur
af útsöluvörum

WAREHOUSE | Kringlunni, Smáralind og Debenhams

> Prófaðu ...

... japanskar soba-núðlur. Þær eru gerðar úr bókheiti, og annaðhvort notaðar í heitar súpur eða bornar fram kaldar. Í Japan eru þær oftast en ekki borðaðar með sósu til að dýfa þeim í, en þær má líka nota í köld salöt með góðum árangri.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN ANDREA RÓBERTSDÓTTIR FJÖLMÍÐLAKONA

Lumar á góðum eldhúsráðum

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Það er eitthvað við ristað brauð með osti sem klikkar aldrei, aldrei, aldrei ...

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Kjötsúpan sem mamma eldaði og beið með þegar ég og vinkona mín komum þægilega dauðþreyttar niður eftir að hafa gengið hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Sulta og rabarbaragautur er eitthvað sem mér hefur ekki enn tekist að filja.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Leyniuppskriftirnar væru ekki leyndar ef ég færi að gefa þær upp, er það? Ég get samt deilt nokkrum eldhústríxum sem ég nota óspart. Ég frysti til dæmis rjóma í klakapokum til að nota í matargerð, nota eggjaskera til að saxa sveppi og skræli engifer með teskeið.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Ég verð agalega pirruð þegar ég er svöng og finnst sykursjökkið harður yfirmaður. Þá á ég það til að háma í mig óhollustu og ekki er það til að bæta líðan né limi.

Léttur, hollur matur er málið og það vitum við öll. Svo er afar mikilvægt að elda af ástríðu.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Vatn, fæðubótarefni eða eitt-hvað meðfærilegt, næringarríkt með gott geymsluþol – það er nokkuð ljóst.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Grillaðar pöddur, krókódill og sviðahaus.



Úr svörtu í hvítt

Margir hafa skipt svarta teinu í tehillunni út fyrir heilsusamlegra te á síðustu árum. Úr mörgu er að velja, en græn te hafa til að mynda verið geysivinsæl og rauðrunnate hafa einnig átt upp á pallborðið hjá mörgum. Hvít te eru hins vegar í mikilli sókn núna, en þau eru einnig fánleg í mörgum mismunandi bragðtegundum.

Í hvítu tei eru yfirleitt yngri telaufr en í öðrum tegundum, en þau munu innihalda aðeins minna koffín en eldri lauf sem notuð eru í aðrar gerðir. Hvíta teið þykir bera af öðrum tegundum og vera enn hollara en grænt te. Það er dýrara en önnur te og er oft nýtt í matargerð vegna bragðsins, sem er sætt en með mildum kryddkeim. Hvítt te hefur fengist hjá Kaffitári, Te og kaffi og í hinum ýmsu heilsuverslunum landsins. Það er um að gera að skipta úr svörtu yfir í hvítt og prófa einhverja af hinum mörgu tegundum sem í boði eru.



MEINHOLLT Hvít te er talið vera enn hollara en grænt te, sem hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár. NORDICPHOTOS/AP

Mynta með mat

Mynta er með ferskari kryddjurtum sem völ er á og hefur því oft á tíðum ratað í svalandi drykki. Hana má þó nota í margt annað, eins og þetta myntu-kóriandermauk. Uppskrift að því er að finna á síðunni myrecipes.com, en þar kallast það myntu-mojó. Mojóið er hefðbundin suður-amerísk blanda, sem bæði er notuð til marineringar og sem sósa með mat. Mojó er til í fjölmörgum útfærslum en sítróna og hvítlaukur eru þó alltaf á meðal innihaldsefna. Í þessari útgáfu fær myntan einnig að leika lausum hala.



MYNTU-MOJÓ Ferskt mauk úr myntu, kóriander, sítrónu og hvítlauk setur nánast hvaða rétt sem er í sumarþúning. NORDICPHOTOS/GETTY

Myntu-mojó

½ bolli fersk kórianderlauf
½ bolli fersk myntulauf
3 msk. vatn
1 msk. ólífuolia
1 msk. nýkreistur sítrónusafi
1 hvítlauksgeiri

Blandið öllu saman í matvinnsluvé, þar til blandan er orðin slétt og sviðuð áferðar og pestó. Berið fram með því sem hugurinn girnist til að ljá matnum ferskan og sumarlegan blæ.

Sumarlegt svepparisotto

Jóhanna Pálsdóttir, markaðsstjóri Íslenska dansflokksins, er mikill matgæðingur og finnst fátt skemmtilegra en að fá fólk í mat.

Jóhanna býður lesendum Fréttablaðsins upp á uppskrift að risotto með villisveppum og kampavíni, sem hún segir henta bæði sem forrétt og aðalrétt. „Þessi uppskrift er svolítið sumarleg og alveg tilvalin í stelupartí, þar sem maður þarf að opna eina flösku af hvoru, hvítvíni og kampavíni,“ segir hún og hlær við. „Hún er bæði mjög einföld og mjög góð,“ bætir Jóhanna við, en henni þykir að eigin sögn ekkert skemmtilegra en að halda matarboð. „Ég er reyndar með eina níu mánaða gamla núna, svo það hefur verið smá pásá á því, en ég fer að taka upp þráðinn svona með sumrinu,“ segir hún.

Matarhefð Miðjarðarhafslöndanna höfðar einna helst til Jóhönnu og þá sérstaklega þar sem uppskriftir þaðan ættaðar leyfa hráefninu yfirleitt að njóta sín. „Ég er ekki fyrir mikið af sósum eða majónesi, þá vil ég frekar ferskan fisk með ólífuolíu og lime. Ég er hrifin af ferskum, hreinum mat,“ segir Jóhanna. Þegar minnst er á ítalska matarhefð flýgur hugur margra beint í pastarétti, en ítalska eldhúsið hefur upp á töluvert meira að bjóða. „Þeir eiga til dæmis mikið af góðum kálfaréttum. Og Grikkirnir elda heldur ekki bara moussaka, þeir eru



MÍÐJARÐARHAFSMATUR Í UPPÁHALDI Jóhanna Pálsdóttir, markaðsstjóri iD, er sérstaklega hrifin af matarhefð Miðjarðarhafslöndanna. Hana dreymir um að heimsækja veitingastaðinn víðfræga, El Bulli, utan við Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

mjög klárir í að grilla og baka fisk,“ bendir Jóhanna á og kímir.

Helsti matardraumur Jóhönnu er hins vegar heimsókn á veitingastaðinn El Bulli, fyrir utan Barcelona, þar sem stjórnukokkurinn Ferran Adria ræður ríkjum. „Það segja allir sem þangað hafa farið að það sé ekki hægt að gefa þessu stjórnur, staðurinn er alveg út úr stjórnukortinu. Það er draumur sem ég ætla að láta rætast,“ segir hún. Jóhanna hefur annars í nógu að snúast með Íslenska dansfloknum, sem frumsýnir dansverkið Ambra ásamt nútímadansfloknum Carte Blanche frá Bergen í Noregi á Listahátíð. „Þetta er mikill menningarviðburður og stór danssýning. Það eru yfir tuttugu dansarar á sviðinu og svo beinagrind af heilum hval. Það má segja að hann sé stærsta stjarnan á Listahátíð, enda tólf metra langur,“ segir Jóhanna og hlær við. Ambra verður einungis sýnt þrisvar sinnum, 23., 24. og 25. maí næstkomandi. sunna@frettabladid.is

VILLISVEPPA- OG KAMPAVÍNSRISOTTO

2-3 skalottlaukar
2 hvítlauksrif
200 g góð risottogrjón
1 dl hvítvín
7½ dl kjúklingasoð
3-4 msk. parmesanostur
50 g smjör
1 dl kampavín eða gott freyðivín
Blandaðir villisveppir (2 þokar þurrkaðir eða 3 box ferskir)
Fersk kryddjurt s.s. kerfill eða graslaukur

Skerið laukinn og hvítlaukinn smátt og steikið í ólífuolíu í potti. Bætið hrísgrjónum út í og steikið í smástund. Hellið hvítvíni út í, sjóðið niður í nokkrar mínútur og bætið svo soðinu við smám saman. Hrærið stanslaust á meðan grjónum sjóða.

Þegar hrísgrjónum eru hálfelduð, bætið þá smjörü og parmesanosti (2-3 msk.) út í og látið sjóða í nokkrar mínútur. Hellið að lokum kampavíni út í, hrærið vel og látið malla í smástund.

Sveppir skornir niður og steiktir á pönnu í smjörü. Risotto sett á disk og sveppum dreift yfir. Að lokum er skreytt með ferski kryddjurt og smá parmesanosti. Svo má auðvitað drekka afganginn af kampavíninu með.

KOMIN Í KILJU



„Sjaldgæf nautn að lesa þessa bók“
- Þráinn Bertelsson, Fréttablaðið

„Við eigum öll að lesa þessa bók.“
- Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varðingmaður

„Fantaskemmtileg“
- Sigurður G. Tómasson, Útvarp Saga



Grillið gefur út uppskriftabók

Matreiðslubókin Cooking With Style – The Icelandic Way verður fánleg á Grillinu á Hótel Sögu, en þar hefur yfirmatreiðslumaður Grillsins, Bjarni Gunnar Kristinsson, tekið saman nokkrar uppskriftir sem gestir á staðnum hafa fengið að smakka á liðnum árum. „Þetta hefur lengi verið draumur okkar í Grillinu. Við höfum ferðast út um allan heim og á finni stöðum er oft svona bók sem gefur hugmynd um hver list hússins er, sem er gaman fyrir fólk að geta blaðað í,“ útskýrir Bjarni, sem kveðst hafa notið dyggjar aðstoðar annarra starfsmanna eldhússins við gerð bókarinnar.

Cooking With Style er þó gefin út á heldur óhefðbundinn hátt því það er í gegnum heimasíðuna blurb.com. „Til að fara í bókaútgáfu hér þarf maður að hafa lágmark tvö, þrjú þúsund eintök til að skila hagnaði, svo við ákváðum að nýta okkur þessa síðu. Þar getur maður búið til bók og pantað eitt eintak, eða mörg hundruð,“ útskýrir Bjarni. Bókin er í yfirlestri sem stendur, en verður fánleg í takmörkuðu upplagi á Grillinu í byrjun júní eða svo. „Svo verður hún líka í sölu á síðunni og þá getur fólk ráðið því í hvernig formi það vill hafa hana,“ útskýrir Bjarni.

Hann segir áherslu Grillsins vera á ferskt bragð og íslenskt hráefni, í bland við þá straua og stefnur



GAMALL DRAUMUR Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, segir það gamlan draum hjá starfsfólki staðarins að gefa út bók sem lýsir matargerðarlist hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem í gangi eru í heiminum. „Okkur langar að fræða fólk um okkar matargerðarlist,“ segir Bjarni, en í bókinni, sem nær yfir þrjátíu síður, er að finna jafn fjölbreytta rétti og kengurucarpaccio og túnfisk með mangósalsa.

Sýnishorn af bókinni verður hægt að sjá á Blurb.com í lok maí, undir „bookstore“ og þá „cooking“. - sun



LIVE BRILLIANTLY DEMI MOORE
fyrir Helena Rubinstein

HR
HELENA RUBINSTEIN

FANGAÐU ATHYGLINA



NÝTT
GLORIOUS
MASKARI

ÞÉTT OG FALLEGA SVEIGÐ
AUGNHÁR ALLAN DAGINN

Fyrsti HR maskarinn sem hjúpar augnhárin einstökum þéttleika og endingargóðri sveigju. Formúlan inniheldur vax sem þenst út svo umfang augnháranna eykst til muna. Curl-Up system burstinn er með 6 einkaleyfi.

www.helenarubinstein.com

HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI OG HOLTAGÖRÐUM

DAGANA 15. – 21. MAÍ

Sérfræðingar frá HR veita faglega ráðgjöf og sýna einfalda og fallega sumarförðun.

Meðal nýjunga sem verða kynntar eru:

- Glorious maskarinn sem þéttir og sveigir augnhárin.
- Collagenist með Pro-Xfill sem eykur fjaðurmagn og fyllir upp í línur.
- Golden Beauty Defense sólvarnarkremin sem varðveita æsku og fegurð húðarinnar.

Glæsilegir kaupaukar (sjá mynd) þegar keyptar eru Helena Rubinstein vörur fyrir 6.800 krónur eða meira meðan á kynningunni stendur.* Fleiri gerðir kaupauka í boði.

Allir sem koma á kynninguna fá 2ml Glorious maskara*.



*gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> BEYONCÉ MEÐ BARNI?

Þær sögur ganga nú fjöllum hærra að Beyoncé Knowles gangi með fyrsta barn sitt og eiginmanns síns, Jay-Z, undir belt, og hafa tveir vinir söngkonunnar staðfest þann orðróm. Hún sást á ferli í New York í vikunni og þótti þá grunsamlega sver um sig miðja, sem hefur ekki orðið til þess að draga úr sögusögnum.



Svindlaði á lyfjaprófum

Pete Doherty viðurkenndi nýlega í viðtali við tímaritið NME að hann hefði svindlað á eiturlyfjaprófum á meðan hann sat í fangelsi. Söngvaranum var nýlega sleppt úr haldi í Wormwood Scrubs-fangelsinu í London, þar sem hann hafði setið inni í nokkrar vikur, og segir að eina ástæðan fyrir því að próf hans hafi alltaf sýnt að hann neytti engra eiturlyfja væri sú að hann hefði notað þvag úr öðrum fanga.

Doherty talaði einnig um hversu erfitt lífið í fangelsinu reyndist honum. „Þetta var nokkuð erfitt. Stöðugt verið að öskra, „Pete, er gott að sofa hjá Kate Moss? Syngdu fyrir okkur. Ég vaknaði við það að einhver sagði: „Bíddu bara, ég ætla að finna þig úti og stinga þig á hol“,“ segir söngvarinn.

Þó að hann stæri sig af því að hafa svindlað á eiturlyfjaprófum í fangelsi

segist hann hafa áttað sig á því að neysla hans væri komin út yfir öll velsæmismörk þegar hann réðst á einn katta sinna undir áhrifum eiturlyfja. „Ég var kominn með skóflu og ætlaði að drepa einn af köttunum. Það var svolítið skrýttinn tími,“ segir Doherty, sem einbeittir sér nú að nýrri plötu Babyshambles. „Það heldur mér uppteknum og, vonandi, frá vandræðum,“ segir hann.



FÉKK ÞVAG ÚR ÖÐRUM FANGA

Pete Doherty fékk þvag úr öðrum fanga þegar eiturlyfjapróf voru framkvæmd í Wormwood Scrubs-fangelsinu í London.

fólk

folk@frettabladid.is

Madonna fær forræði

Nú lítur loks út fyrir að popp-drottningin Madonna og eiginmaður hennar Guy Ritchie fái fullt forræði yfir malavíska drengnum David Banda. Hjónin fengu aðeins átján mánaða tímabundið forræði í upphafi vegna skorts á alþjóðlegum ættleiðingarlögum í Malaví, sem er eitt fátækasta ríki Afríku, en samkvæmt heimildum vefritaritsins Femalefirst mun ættleiðingun ganga í gegn að fullu í vikulok.

Faðir drengsins segir ættleiðinguna vera honum fyrir bestu og bjarga honum frá fátækt og sjúkdómum, en þegar móðir drengsins lést af barnsförum kom hann drengnum fyrir á munaðarleysingjahæli.



LANGT FERLI Á ENDA Madonna og eiginmaður hennar munu loks fá forræði yfir David Banda.

Dallasdömur hjá Dior

Tískuhúsið Christian Dior varð fyrst til að sýna „cruise“ eða „resort“ línu sína fyrir árið 2008 í New York á mánudag. Þær tískulínur sem sýndar eru með slíkum formerkjum stíla aðallega inn á hlýtt veður og minna á tímarn þegar vellauðugar konur héldu í hressingardvöl á heitum eyjum þegar kalt veður fór að setja mark sitt á heimahagana. John Galliano, aðalhönnuður Dior, virtist hafa leitað innblásturs hjá dömunum í Dallas fyrir sýninguna, sem einkenndist af mikilli litagleði, stórum skartgripum og enn stærri sombrero-höttum.



NORDICPHOTOS/GETTY

LITAGLEÐI FYRIR HEITA DAGA

Litagleðin hjá Galliano virtist falla vel í kramið hjá áhorfendum í New York í vikunni, en í hópi þeirra voru meðal annars ofurstjórnum Jennifer Lopez, eiginmaður hennar, Marc Anthony, og leikkonan Charlize Theron. Stórir skartgripir voru áberandi, og eins og við má búast hjá tískuhúsi á borð við Dior var lógó þess ekki heldur langt undan, eins og sjá má á ljósu töskunni.



Stutt plata frá Beck



BECK Tónlistarmaðurinn Beck sendir í sumar frá sér stuttiskífuna Modern Guilt.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Beck gefur í sumar út EP-plötuna Modern Guilt. Aðeins fjögur lög verða á plötnu og verður Cat Power gestasöngkona í því síðasta, sem nefnist Walls.

Modern Guilt verður síðasta platan sem Beck gefur út hjá plötufyrirtækinu Interscope. Hann segist ekki vera búinn að ákveða hvað taki við hjá sér. „Ég hef engin sérstök áform. Það veit enginn hvernig þessi tónlistarbansi er að þróast.“ Eitt og hálf ár er liðið síðan síðasta plata Beck's, The Information, kom út.

Vinnugar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klubb. 98 kr. skiptið.

14

Frumnýnd 14. maí

Frumnýnd 7. maí

FÓRBEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM

PROM NIGHT

NÓTT DAUDANS

9. HVER VINNUR!

Sendu SMS JA PNV á númerið 1900 Þú gætir unnið bíomiði!

Vinningar eru Bíomiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRALIÐ BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

SMS LEIKUR

BÍOMI

Stefnir í svaka sjóv

Keppendur 43 þjóða eru nú mættir til Belgrad og hamast við æfingar í Beogradska-höllinni. Miðað við það sem sést hefur á æfingum má ætla að keppnin verði fjörug og skemmtileg. Í okkar riðli eru nokkur atriði sem þykja koma sterkt út. Letnesku sjóræningjarnir hafa lagst yfir sjóid og bjóða upp á sverðabardaga og sjóræningjastelpur sem veifa hauskúpufánnum. Króatíska lagið er meðal annars flutt af hinum 75 ára Ladislav Demeterffy (sem kallar sig 75 cent) og stýðst hann við göngustaf. Ung stelpa dansar á sviðinu og sýnir sá gamli henni ótvíræðan áhuga. Búlgarar eru með nútímalegt danslag og bjóða upp á svaka sjó, breikandi dansara, plötusnúða sem kveikja í plötum og kynþokkafulla söngkonu sem lætur skína í sokkaböndin auk þess að spila á hátækni-lega leysigeislahörpu. Hin malneska Morena sem syngur um vodka er með fjóra fílhrausta dansara með sér á sviði sem minna helst á lífverði. Þeir dansa um með vasaljós og speglasóglæraugu. En það eru ekki allir sem treysta á sjóid. Hin blindi Diana Gurtskaya frá Georgíu undirstrikar friðarboðskap sinn með því að láta dansara veifa hvítum fána í lok laga og Daninn Simon Mathew er mjög jarðbundinn í sínu sjóid og syngur bara lagið sitt og hanaanú.



KRÓATÍSKA LEYNIÞOPPIÐ Hinn 75 ára 75 cent með stafinn.

EUROVISION

SJÖ DAGAR TIL STEFNU



alain
mikli®

Alain Mikli sýning í Linsunni

Einstök sýning á nýjustu gleraugum og sólgleraugum frá
Alain Mikli og Philippe Starck 15.- 17. maí

Frábær, falleg og flott hönnun

Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055



STEFÁN HILMARSSON Stefán Hilmarsson og félagar í Sálinni spila í fyrsta sinn í þrjú ár á Suðurlandi um helgina.

Mjúklegir söngvar

Tríóið Delizie Italiane hefur útgáfutónleika á Hótel Borg í kvöld til að fagna samnefndri plötu sem er nýkomin út. Lögín á plötunni koma frá mismunandi héraðum Ítalíu. Í upphafi voru flest þeirra alþýðusöngvar en eru nú orðin sígild sönglög. Síðasta plata Delizie Italiane, *Passione*, kom út fyrir tveimur árum og fékk hún mjög góðar viðtökur. „Þær voru báðar teknar upp í stofunni heima hjá Jóni Elvari [Hafsteinssyni],“ segir kontrabassaleikarinn Jón Rafnsson um plöturnar tvær. „Þetta er gert eins gamaldags og hægt er, með góðum míkrofón. Með því finnst okkur við fá þennan mjúklega hljóm sem við viljum.“



DELIZIE ITALIANE Hljómsveitina skipa Leone Tinganelli, Jón Elvar Hafsteinsson og Jón Rafnsson.

Tónleikarnir á Hótel Borg hefjast klukkan 20.

Prydz í góðu formi

„Hann er í hrikalega góðu formi og er búinn að slá í gegn á Ibiza og þessum stöðum,“ segir Kiddi í Flex Music, sem flytur plötusnúðinn Eric Prydz til landsins.

Prydz spilar tvívegis á Broadway á laugardaginn og má búast við góðri stemningu enda er hann með vinsælustu plötusnúðum heims. Hann sló í gegn með laginu Call on Me og er jafnframt sá eini sem hefur fengið að endurhljóðblanda lag eftir Pink Floyd, en lag hans, Proper Education, er byggt á Another Brick in the Wall.

„Hann kemur hingað með kærustunni á föstudaginn og þau verða fram á mánudag. Hann fer upp á jökla og í Bláa lónið,“ segir Kiddi um skjólstæðing sinn. Ásamt



ERIC PRYDZ Prydz, sem nýtur mikilla vinsælda um heim allan, spilar tvívegis á Broadway næstkomandi laugardag.

Prydz spila á Broadway hinir íslensku Sean Danke og Scheizer Goodman, sem eru koma fram héraendis í fyrsta sinn. Einnig mun Ghozt þeyta skífum.

Með nýjan hljóðnema

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns stígur í fyrsta sinn á svið á Suðurlandi í þrjú ár þegar hún spilar í Ölfushöll á laugardag. Söngvarinn Stefán Hilmarsson, nýkjörinn heiðurslistamaður Kópavogs, hyggst á tónleikunum vígja glænýjan hljóðnema sem Sálverjar færðu honum að gjöf í tilefni útnefningarinnar.

Sálin, sem ætlar að spila víðs vegar um landið í sumar, fagnar um þessar mundir tuttugu ára afmæli. Skemmst er að minnst glæsilegra afmælistónleika sem hún hélt í Laugardalshöllinni 14. mars síðastliðinn.



COCOROSIE Bandaríski dúettinn Cocorosie spilar á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

Fjölgar á Hróarskeldu

Hljómsveitirnar Bullet for My Valentine og Cocorosie, ásamt tónlistarmönnum Solomon Burke og Lupe Fiasco, hafa boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina sem verður haldin í Danmörku í byrjun júlí.

Breska hljómsveitin The Cult hefur aftur á móti aflýst tónleikaferð sinni um Evrópu í sumar, þar á meðal fyrirhuguðum tónleikum á Hróarskeldu. Söngvarinn Ian Astbury slasaðist á fæti á tónleikum í Kanada fyrir stuttu og þarf að fara í aðgerð í lok mánaðarins. Áður hafði breska söngkonan Adele hætt við að koma fram á Hróarskeldu.



4 *fyrir* 2

LOKAHELGI Útsölu­markaður í Skeifunni 17!

Óþrassa flíkm fjágr með.

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17



Engin óskastaða í Grindavík

Þrír erlendir leikmenn hafa á vordögum hætt við á síðustu stundu að ganga í raðir Grindvíkinga eftir að frágengið var að þeir kæmu. „Þetta er engin óskastaða,” sagði Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildarinnar, við Fréttablaðið í gær. Nú er mál þess fjórða komið inn á borð FIFA eins og Vísir.is greindi frá í gær. Félag hans er gjaldþrota og skiptastjóri þess neitar að sleppa leikmanninum. Ingvar bjóst reyndar við að vinna málið en sagðist vera með önnur járn í eldinum hvað aðra erlenda leikmenn varðar. Félagaskiptaglugganum verður lokað á miðnætti í kvöld.



sport
sport@frettabladid.is

HEIMIR ÖRN ÁRNASON: HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ SKIPTA YFIR Í VAL EFTIR TÍMABIL VONBRIGÐA MED STJÖRNUNNI

Leikmenn og þjálfarar klikkuðu þegar upp er staðið

Handknattleikskappinn Heimir Örn Árnason hefur ákveðið að yfirgefa Stjörnuna og ganga í raðir Valsmanna og mun hann skrifa undir árs samning við Hlíðarendafélagið með möguleika um að framlengja um annað ár. Heimir Örn fór á kostum á nýafstöðnu tímabili í N1-deildinni; var markakóngur deildarinnar með 169 mörk og var svo valinn handknattleikmaður ársins á lokahófi HSI auk þess að fá háttvísverðlaunin. Heimir Örn var vissulega ánægður með verðlaunin en kvað tímabilið þó hafa valdið sér vonbrigðum.

„Val mitt á lokahófinu breytir í raun engu um það að þetta tímabil með Stjörnunni var vonbrigði. Ég tel að við höfum verið með nógu sterkan hóp til þess að vera með í baráttunni um titilinn en því miður mistum við dampinn einhvern veginn allt of fljótt. Auðvitað lentum við í meidslavandræðum eins og gengur og gerist en það breytir því ekki að leikmenn og þjálfarar klikkuðu einfaldlega þegar upp er staðið,” sagði Heimir Örn, sem



var mjög eftirsóttur á leikmannamarkaðnum eftir að í ljós kom að hann vildi yfirgefa Stjörnuna eftir nýafstaðið tímabil. Það var þó einkum FH sem veitti Val harða samkeppni um að fá Heimir Örn, sem viðurkennir að valið hafi ekki verið auðvelt.

„Ég verð að jata að þetta var mjög erfitt val fyrir mig því bæði Valur og FH voru í mínum huga spennandi dæmi. Ég hef aftur á móti átt við ákveðin meidsla að stríða undanfarið og ég held að ég muni nýttast betur í liði með sterkari breidd þar sem ég þarf ekki að spila í sextíu mínútur í hverjum leik eins og ég hef gert undanfarin ár. Ég hugsa að það sem hafi hjálpað mér líka á endanum að taka þessa ákvörðun er að ég kannast betur við aðstæður hjá Val og þekki þar bæði þjálfara og leikmenn,” sagði Heimir Örn, sem væntir mikils af komandi veru sinni hjá Val.

„Valur er með mjög sterkan leikmannahóp og það væri gaman að taka þátt í því að endurheimta titilinn á Hlíðarenda,” sagði Heimir Örn að lokum.

HSÍ eflir markmannspjálfun: Einn sá besti í heimi á leiðinni

HANDBOLTI Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, lýsti í gær yfir mikilli ánægju með að Claes Hellgren skyldi vera á leið til landsins. Fyrsta markmannspjálfunarnámskeið þessa reynslubolta verður í Digranesi um næstu helgi og þrjú önnur verða á þessu ári. HSÍ fékk um 1,5 milljónir í styrk til námskeiðishaldsins en Einar lýsir Hellgren sem einum besta markmannspjálfa í heimi. - hph



STEINLÁGU Eysteinn Lárusson og félagar í Þrótti byrjuðu ekki vel gegn Fjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Próttur í umferðum 1 og 2:

Er án sigurs síðustu 28 ár

FÓTBOLTI Þróttarar hafa ekki unnið leik í fyrstu tveimur umferðum efstu deildar karla í 28 ár, eða síðan þeir unnu 1-0 sigur á KR í fyrstu umferð sumarið 1980 en sigurmark liðsins í þeim leik skoraði Þorvaldur Þorvaldsson úr vítaspyrnu.

Þróttarar steinlágðu 0-3 fyrir Fjölni á heimavelli í fyrstu umferð en heimsækja Blika í Smárann klukkan 19.15 í kvöld. Þróttur tapaði báðum leikjum sínum í fyrstu umferðunum sumurin 2003 og 2005 en gerði tvö jafntefli 1998.

Þróttur hefur aðeins fengið 5 stig af 34 mögulegum í fyrstu tveimur umferðunum á þeim tímabilum sem liðið hefur spilað í efstu deild undanfarin 28 ár, en hefur gert fimm jafntefli og tapað átta leikjum.

Markatalan er 17-24 Þrótturum í óhag, sem er ekki alsæmt, en þeir hafa þrisvar skorað þrjú mörk í þessum umferðum án þess að vinna. - óó

Landsbankadeild karla:

KR og Fram fá liðsstyrk

FÓTBOLTI Félagaskiptagluggin á Íslandi lokast á miðnætti í kvöld og hafa KR og Fram bæði fengið leikheimildir fyrir nýja menn. KR samdi við Portúgalann Jordao Diogo sem er vinstri bakvörður og Fram við kantmanninn Joe Tillen. Bróðir hans, Sam Tillen, leikur nú með félaginu. Vísir.is greindi frá. - hph

Fínpússar liðið á Spáni

Guðmundur Guðmundsson leggur áherslu á að landsliðsmenn kunni leikkerfi sín út og inn. Fram undan eru tvö risaverkefni og var landsliðið valið í gær.

Leiknir verða tveir æfingaleikir gegn Spáni þar sem leikkerfin verða fínpússuð.

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson hefur ekki setið auðum höndum frá því hann var með landsliðið í æfingabúðum á Íslandi um páskana. Hann hefur unnið ótullega að því að nálgast upplýsingar um mótherja liðsins í undankeppni Ólympíuleikana og undankeppni heimsmeistarameistarótsins sem eru fram undan.

Ísland mætir Pólverjum, Svíum og Argentínunöfnum í lok maí þar sem tvö lið komast áfram á ÓL. Síðan eru tveir leikir við Makedóníu um laust sæti á HM.

Guðmundur greinir andstæðingana, og leik íslenska liðsins, og hleður inn í hið alíslenska hugvitsforrit Sideline sem hann hrósar í hástert.

Þeim skjölum og skráum sem Guðmundur býr til hefur hann svo komið fyrir á miðlægum gagnabanka sem leikmenn geta nálgast hvaðan sem er í heiminum. Bæði texti og myndband fylgir hverju leikkerfi, en þau heita eftir borgum í Evrópu að ósk leikmanna. Meðan leikkerfa sem Guðmundur getur flogið á milli eru Minsk, Berlín og Köben.

„Ég get síðan fylgst með hverjir eru að fara inn á hvað og hvernær,” sagði Guðmundur og viður-

FRAM UNÐAN HJÁ LIÐINU

19.-21. maí: Æfingar á Íslandi
24. og 25. maí: Æfingaleikir við Spán
26. maí: Æfingabúðir í Magdeburg
30. maí: Argentína í undankeppni ÓL
31. maí: Pólland í undankeppni ÓL
1. júní: Svíþjóð í undankeppni ÓL
8. júní: Makedónía í undankeppni HM
15. júní: Makedónía, síðari leikur heima.



SVONA VIRKAR ÞETTA Guðmundur sýndi blaðamönnum hvernig Sideline-kerfið virkar. Í því getur hann greint leikaðferðir bæði Íslands og andstæðinga þess. Þetta getur hann svo spilað á auðveldan máta fyrir leikmenn sína, sem ættu þannig að læra að þekkja andstæðinga sína vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kenni að menn væru misduglegir að fara inn, hverju sem það sætti.

Guðmundur leggur mikla áherslu á að með þessu kunni leikmenn liðsins öll leikkerfin sem spiluð verða og þekki andstæðinga sína út og inn. „Ég vil ekki þurfa að kenna mönnum hvert þeir eiga að hlaupta. Við fáum aðeins fáa daga til undirbúnings og það er mikilvægt að nýta tímann vel. Með þessu fáum við hnitmiðaðri æfingar,” sagði landsliðspjálfarinn.

Um aðra helgi verða leiknir

tveir æfingaleikir gegn sterku liði Spánverja en liðið kemur fyrst saman á Íslandi á mánudag. „Við munum útfæra okkar leik gegn þeim. Það er ákveðin próf-raun fyrir verkefni fram undan. Leikmenn eiga að vera búnir að undirbúa sig og þarna fínpússum við leik okkar. Þarna veljum við líka endanlega leikaðferðir okkar og hvað við ætlum að leggja áherslu á,” sagði Guðmundur.

Frá Spáni fer liðið svo í æfingabúðir við toppaðstæður í Magdeburg áður en haldið verður til Póllands. hjalti@frettabladid.is

Mjög stór dagur fyrir Gunnar Már Guðmundsson, lykilleikmann Fjölnis og vallarstjóra Fjölnisvallar:

Hefur trú á Káramönnum gegn Miðjunni

FÓTBOLTI Gunnar Már Guðmundsson, sem ber gælunafnið „Herra Fjölnir“ meðal margra í Grafarvoginum, hefur haft í nógu að snúast síðustu daga. Gunnar Már er ekki bara lykilmáður í Fjölnisliðinu því hann er einnig vallarstjóri og stendur því í ströngu fyrir leikinn.

„Það mæðir mikið á manni núna. Þetta er stóra prófið fyrir Fjölni, þegar KR-ingar koma í heimsókn, bæði fyrir liðið og fyrir umgjörðina. Það eru fá lið með jafnmarga áhorfendur og KR,” sagði Gunnar Már, sem skoraði tvö mörk í fyrsta leiknum á móti Þrótti.

„Þetta verður gríðarlega skemmtileg stund og maður er búinn að bíða eftir því lengi að fá Landsbankadeildarleik í Grafarvoginum.“

Fjölnismenn hafa unnið á fullu til þess að gera völinn sinn kláran fyrir kvöldið og búast má við góðri mætingu frá báðum félögum eftir tvo flotta sigra þeirra í fyrstu



ÞRjú STIG Í FYRSTA LEIK Gunnar Már Guðmundsson og félagar í Fjölni fagna sigrinum á Þrótti á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

umferðinni. „Þetta lítur vel út, stúkan er komin upp og við erum bara að bíða eftir síðustu sætunum. Það má búast við hörku mætingu. Það eru fimm hundruð sæti og svo held ég bara að fólki verði raðað út um allt.“

Fjölnir varð aðeins þriðja liðið frá 1977 til að vinna sinn fyrsta

leik í efstu deild þegar liðið vann öruggan þriggja marka sigur á Þrótti í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar á laugardaginn. Hin tvö eru Stjarnan (vann 2-0 útsigur á Þór 1990) og Skallagrímur (vann 3-0 heimasigur á Leiftri 1997), sem náðu hins vegar hvorugt að fylgja eftir glæsilegum



HÓPURINN TIL Landsliðs var kynnt á Loftleifum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenski landsliðshópurinn:

Garcia gaf ekki kost á sér

HANDBOLTI Hvorki Jaliesky Garcia Padron né Roland Valur Eradze gáfu kost á sér í landsliðið vegna meidsla. Sögðust þeir einfaldlega ekki treysta sér í leikina. Guðmundur valdi 23 leikmenn, þar af fjóra markmenn. Þá á Sverre Jakobsson von á barni og þrír leikmenn, Snorri, Ásgeir og Arnór, koma líklega beint til Spánar þar sem dönsku deildinni er enn ekki lokið. Guðmundur útilokaði hvorki að fækka í hópnum né bæta við. - hph

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ

Birkir Ivar Guðmundsson (Lübecke)
Björgvin Páll Gústavsson (Bittenfeld)
Hreiðar Levý Guðmundsson (Savehof)
Ólafur Haukur Gíslason (Valur)

Útileikmenn

Alexander Petersson (Flensburg)
Andri Stefan (Haukar)
Arnór Atlason (FC København)
Ásgeir Örn Hallgrímsson (GOG)
Bjarni Fritson (St. Raphael)
Einar Hólmgeirsson (Flensburg)
Guðjón V. Sigurðsson (Gummersbach)
Guðlaugur Arnarson (Malmö)
Hannes Jón Jónsson (Fredericia HK)
Ingimundur Ingimundarson (Elverum)
Logi Geirsson (Lemgo)
Ólafur Stefánsson (Ciudad Real)
Róbert Gunnarsson (Gummersbach)
Rúnar Káráson (Fram)
Sigfús Sigurðsson (Ademar Leon)
Snorri Steinn Guðjónsson (GOG)
Sturla Ásgeirsson (Aarhus GF)
Sverre Jakobsson (Gummersbach)
Vignir Svavarsson (Skjern)

sigrir í frumraun sinni; töpuðu bæði næstu tveimur leikjum. Því eru menn spennir að sjá hvernig Fjölnisliðinu vegnar í næstu leikjum.

„Við vissum alveg að fyrsti leikurinn yrði alveg eins og 1. deildarleikur. Við erum vanir því að spila við Þrótt þannig að það var enginn munur á því. Spurningin er hvernig þetta verður þegar við mætum stórveldinu úr Vesturbænum. Ef við spilum svipað og síðast, erum þéttir og skipulagðir, þá eignum við alveg möguleika,” segir Gunnar Már, sem vonar að Fjölnir vinni leikinn bæði innan og utan vallar.

„Það verður líka gaman að sjá baráttu Káramanna og Miðjunnar í stúkunni. Ég hef trú á Káramönnum því þeir voru stórkostlegir í Laugardalnum á laugardaginn og þeir lofa alveg eins frammistöðu í þessum leik,” segir Gunnar Már en leikur liðanna hefst klukkan 19.15 í kvöld.

SUMMAR TILBOÐ

MP302 MARGMIÐLUNARSPILARI

BEINT Í SJÓNVARP

Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr frínu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu



ÖRUGG VINNSLA

IcyBox margmiðlunarspilarinn er í hæsta gæðaflokki og hentar vel á heimilið sem sumarbústaðinn



BEINT Í GRÆJUR

Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr spilaranum án tölvu eða sjónvarps



EINNIG 3.5" HÝSING

Spilarinn virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari fyrir öll gögnin þín



***FRÁ
679
KR
MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI**

VERÐ 13.900

WESTERN DIGITAL

5 ÁBYRGÐ
ÁR

**TAKMARKAÐ MAGN
1 STK Á MANN**

500GB

500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er með 7200RPM, 16MB buffer og Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar mun hljóðlátari og endingabetri hörðum diskum. Western Digital eru mest seldu hörðu diskarnir í dag

VERÐ 9.990

22" ACER SKJÁR

22"

**BREIÐTJALDSSKJÁR
Á FRÁBÆRU VERÐI**

- 22" Acer 2216WBD LCD
- Breiðtjaldsskjár með 1680x1050dpi
- 700:1 í skerpu
- 5ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi

VERÐ 26.900

MSI N9600GT

MSI

512MB 1900MHz GDDR3 minni, 700MHz core, 2x DVI tengi og TV-út, tengt með PCI-Express 16x 2.0, DirectX 10

VERÐ 17.900

Canon

**TAKMARKAÐ MAGN
1 STK Á MANN**

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með Cromalife 100 tækni og 9600x2400 punkta upplausn

VERÐ 10.990

4GB XMS MINNI

CORSAIR

4GB - Þöruð 2 stk 2GB DDR2, 800MHz 240pin Corsair XMS2 minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 12.900

4GB MINNISLYKILL

CORSAIR

4GB Corsair Flash Voyager minnislykill sem auðveldar þér að taka gögnin þín með þér. USB 2.0

VERÐ 3.990

Samsung

Samsung 20x DVD SATA skrifari, svartur

VERÐ 3.490

CREATIVE

Creative Fatal1ty heyrnartól með hljóðnema

VERÐ 5.990

Microsoft

Microsoft Comfort sveigt lykklaborð, USB 2.0

VERÐ 3.990

MS Keyboard

MS Keyboard Redusa Gaming lykklaborð, USB

VERÐ 9.990

Razer

Razer Copperhead Tempest Blue leikjamús

VERÐ 8.990

Ikari

Ikari, keppnis leikjamús frá Steelseries

VERÐ 9.990

SteelSeries

SteelSeries 4D, 290mm x 267mm, plast músamotta

VERÐ 2.990

SteelSeries

SteelSeries S&S, 320mm x 270mm hörð músamotta

VERÐ 3.990

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðuð við 48 mánaðarlegar jafnar atvörðunir. 3% stimpil og læmiskjöldur ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,5% breyttilegir.

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFÖSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMÍÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765



FYRSTI TITILLINN Leikmenn Zenit fögnuðu vel í leikslök. NORDICPHOTOS/GETTY

Evrópukeppni félagsliða:

Rússarnir unnu

FÓTBOLTI Rússneska félagið Zenit St. Pétursborg varð í gær Evrópumeistari félagsliða eftir 2-0 sigur á skoska liðinu Rangers í úrslitaleik á Borgarvellingum í Manchester.

Bæði mörkin komu í seinni hálfleik, Igor Denisov skoraði fyrra markið á 72. mínútu og Konstantin Zyrianov gerði síðan út um leikinn í uppbótartíma.

Þetta er í fyrsta sinn sem Zenit verður Evrópumeistari en CSKA Moskva vann þennan bikar árið 2005. Rússarnir voru sterkari aðilinn og sköpuðu sér fleiri færi og áttu Rangers-menn ekki svör við sterku rússnesku liði þrátt fyrir frábæran stuðning á pöllumum. Þetta var annað stórlíðið sem féll út fyrir Zenit sem sló út Bayern München í undanúrslitunum.

Þjálfari Zenit er Hollendingurinn Dick Advocaat sem þjálfaði meðal annars Rangers á árunum 1998-02 en Zenit kom í gær í veg fyrir að Rangers gæti unnið fjórfalt á þessu tímabili. - óó

Vodafone-völlurinn:

Vígsluleikur hinn 25. maí

FÓTBOLTI Bæði karla- og kvennalið Vals í Landsbankadeildunum hafa þurft að spila heimaleiki sína fjarri Hlíðarenda í sumar. Kvennaliðið hefur leikið í Egilshöll og karlaliðið á Laugardalsvelli.

Á því verður breyting hinn 25. maí þegar vígsluleikurinn fer fram, að sögn Bórkis Edvardssonar, formanns knattspyrnudeildar Vals. „Það er á afmæli séra Friðriks Friðrikssonar, stofnanda Vals,“ sagði Bórkur en karlalið Vals tekur þá á móti Fjölni. - hph

Prenna Pálma sá um Grindavík

Pálmi Rafn Pálmason skoraði þrennu gegn Grindvíkingum í öruggum 3-0 sigri Íslandsmeistaranna í gær. Þjálfari Vals segir ánægjulegt að mótið sé byrjað hjá liðinu.

FÓTBOLTI Valsmenn settu í fluggirinn eftir tap í fyrstu umferð og unnu öruggan 3-0 sigur á bitlitlum Grindvíkingum í gær. Pálmi Rafn Pálmason stal senunni í sólinni í Laugardalnum með sinni fyrstu þrennu í efstu deild.

Fyrri hálfleikur var leiðinlegur fram að 42. mínútu þegar Pálmi Rafn skoraði úr teignum eftir sendingu Bjarna Ólafsson frá endalínunni. Markið var einmitt það sem leikurinn þurfti en mikið var um aukaspurnur og flæði leiksins því lítið. Alls var dæmd 41 aukaspurnar í leiknum auk níu rangstöðudóma.

Valsmenn gerðu sitt besta og náðu upp lipru og skemmtilegu spili sem skilaði þó engu þegar komið var að teignum. Grindavík-urvörnin var þétt en sóknarleikur liðsins var slakur. Andri Steinn mátti sín lítils einn í framlínunni og fékk litla sem enga aðstoð.

Pálmi gerði út um leikinn eftir tólf mínútna leik í síðari hálfleik. Hann tók þá við sendingu sem Helgi Sigurðsson skallaði fyrir fætur hans, lék á varnarmann og setti knöttinn snryttilega í markið.

Vældu í dómaraum

Á meðan gekk enn ekkert í sóknarleik Grindvíkinga sem eyddu óþarflega löngum tíma í að væla í dómaraum. Auk þess voru þeir ótt og títt rangstæðir og þeir sköpuðu sér afar fá færi í leiknum. Pálmi Rafn innsiglaði þrennu sína með skalla í tómt markið eftir glæsilega fyrirgjöf Baldurs Þórólfsssonar og slakt úthlaup Magnúsar. Glæsileg þrenna hjá Pálma.

Valsmenn gerðu það sem þeir þurftu en ekki mikið meira. Þeir geta mun betur og þurfa að finna fjölinn almennilega í sóknarleiknum. Pálmi var góður og Bjarni Ólafur átti fína spretti. Grindvíkingar verða aftur á móti að spýta í lófana. Sóknarleikur þeirra var ekki upp á marga fiska og þeir hafa nú fengið á sig sex mörk í tveimur leikjum.

Pálmi skælbrosandi eftir leik

„Það er alltaf sérstakt að skora þrennu, það er varla hægt að biðja um það betra,“ sagði Pálmi Rafn skælbrosandi eftir leik og hafði



MARKAHÆSTUR Pálmi Rafn Pálmason skoraði þrjú mörk fyrir Val í gær en hér er hann að reyna að vinna boltann af Orra Frey Hjaltafni í Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

yfir nákvæmlega engu að kvarta yfir fyrstu þrennunni í efstu deild. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, hrósaði fyrst og fremst liðsheildinni.

„Ég skal ekki segja til um það hvort meistarabragur hafi verið á okkur en það var kærkomið að byrja mótið og ná í stig, það þarf að hafa fyrir þeim öllum. Ég var fyrst og fremst ánægður með vinnuframlagið í liðinu. Þeir komu mjög samstilltir inn í leikinn og ákveðnir í að landa sigri. Það er

svo bónus þegar einn leikmaður springur út en það gerist venjulega í góðri liðsheild,“ sagði Willum.

Báru of mikla virðingu

„Við bárum alltof mikla virðingu fyrir Valsliðinu. Það er ekki spurning að þeir voru betri og við komumst lítt áfram. Okkur skorti sjálfstraust og betri nýtingu á síðasta þriðjungi vallarins,“ sagði Milan Stefan Jankovic, þjálfari Grindavíkur. - hph

| | | |
|-------------------------------|------------|------------------|
| | 3-0 | |
| Valur | | Grindavík |
| Laugardalsvöllur, áhorf.: 845 | | |

1-0 Pálmi Rafn Pálmason (42.)

2-0 Pálmi Rafn Pálmason (57.)

3-0 Pálmi Rafn Pálmason (90.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|----------------------|
| Skot (á mark) | 10-7 (7-2) |
| Varin skot | Kjartan 2 – Magnús 4 |
| Horn | 4-2 |
| Aukaspurnur fengnar | 16-23 |
| Rangstöður | 1-8 |

VALUR 4-4-2 **GRINDAVÍK** 4-5-1

| | | | |
|--------------------------|----------|------------------------|----|
| Kjartan Sturluson | 6 | Magnús Þormar | 4 |
| Birkir Már Sævarsson | 6 | Sveinn Steingrímsson | 3 |
| Gunnar Einarsson | 6 | (46.. Michael Jónsson | 4) |
| Atli Sveinn Þórarinnss. | 7 | Zoran Stamenic | 6 |
| Rene Carlsen | 5 | (78. Páll Guðmunds. →) | |
| Sigurbjörn Hreiðars. | 5 | Marinko Skaricic | 6 |
| (89. Baldur Þórólfs. →) | | Ray Anthony Jónsson | 4 |
| Baldur Bett | 4 | Scott Ramsay | 6 |
| *Pálmi Rafn Pálm. | 9 | Orri Freyr Hjaltafni | 4 |
| Bjarni Ólafur Firkss. | 7 | Jóhann Helgason | 4 |
| Guðmundur Ben. | 6 | Eysteinn Hauksson | 4 |
| (85.. Rasmus Hansen →) | | (63. Alexander Veigar | 4) |
| Helgi Sigurðsson | 6 | Tomasz Stolpa | 5 |
| (81. Albert Ingason →) | | Andri Steinn Birgisson | 3 |

*Maður leiksins



LÉTTIR Willum Þór Þórsson og aðrir Valsmenn fögnuðu því að fá fyrstu stigin í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Heiðar Helguson einbeittir sér að því að ná sér heilum og vill ekki fara frá Bolton:

Frá í allt að fjóra mánuði

FÓTBOLTI Enskeir fjölmiðlar fullyrða að Gary Megson, knattspyrnustjóri Bolton, ætli að losa sig við í það minnsta tíu leikmenn í sumar og er Heiðar Helguson nefndur í því samhengi. Dalvíkingurinn blés aftur á móti á sögusagnirnar þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum í gær og sagðist einbeita sér að því að ná sér heilum heilsu eftir að hafa gengist undir enn eina aðgerðina á ökkla á mánudaginn.

„Ég hef ekki heyrt neitt í sambandi við hverjir fari og hverjir ekki og hef minnstar áhyggjur af því. Ég skrifaði undir þriggja ára

samning við Bolton í júlí í fyrra og það er enginn fararhugur í mér,“ sagði Heiðar, sem hefur átt erfitt uppráttar á þessu tímabili vegna þráláttra meiðsla í ökkla.

„Ég var náttúrulega meiddur þegar Megson kom til félagsins og hef ekkert náð mér almennilega á strik síðan, þar sem meiðslin voru alltaf að taka sig aftur og aftur upp. Ég fór hins vegar í enn eina aðgerðina á ökklanum á mánudaginn síðasta, þar sem lækarnir tjáðu mér að þeir hefðu loksins komist að því almennilega hvað var að angra mig og einhver beinflís var fjarlægð úr ökklanum,“ sagði Heiðar, sem er ekki viss um hvenær hann verður klár í slaginn að nýju.

„Ég hef heyrt að maður geti verið allt að því fjóra mánuði að ná sér eftir þessa aðgerð sem ég fór í en ég hef nú trú á því að ég geti verið kominn á ról talsvert fyrr. Ég stefni í það minnsta að því að ná seinni helm-ingnum af búningstíma-þannig að ég verði leikfær strax í upphafi næsta tímabils. Ég fæ annars ekki miklar upplýsingar um stöðu mála á meiðslum mínum í augnablikinu þar sem biúdi er að

segja upp sjúkrahjálfa- og lækna-ateyminu hjá Bolton. Ætli endi ekki bara með því að maður verði að sjá um þetta sjálfur, en ég er nú orðinn ansi reyndur í þessum meiðslamálum,“ sagði Heiðar á léttum nótum. - óp



FÓR Í AÐGERÐ Heiðar Helguson verður í nokkra mánuði að jafna sig eftir aðgerð á ökkla sem hann fór í á mánudaginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÞEIR ERU MÆTTIR AFTUR Í SPRENGHLÆGILEGRI GAMANMYND!

9. HVER VINNUR!

JOHN CHO KAL PENN HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GUANTANAMO BAY

SENDU SMS JA HKV Á NÚMERIÐ 1900

Vinningar eru Biómiðar fyrir tvo, DVD myndir og margt fleira!

FRUMSÝND 14. MAÍ

SMIS LEIÐUR

Toppskór á botnverði

30% afsláttur
af merkjavöru

TjTj herrasandali
SPR8A0277

Verð: **3.496 kr.-**



Stærðir: 41-54
■■■

TjTj herrasandali
SPR8A291

Verð: **3.496 kr.-**



Stærðir: 40-45
■■■

Bottisini herraskór
SPR3695001

Verð: **4.196 kr.-**



Stærðir: 40-46
■■■

Bottisini herraskór
SPR3330101

Verð: **4.196 kr.-**



Stærðir: 40-46
■■■

X-sports strigaskór
SPR501914

Verð: **3.995 kr.-**



Stærðir: 36-46
■■■

SMS UK strigaskór

Verð: **1.995 kr.-**



Stærðir: 36-41
■■■

X-sports bamaskór
SPR1271

Verð: **2.995 kr.-**



Stærðir: 24-35
■■■

Girl Sports bamaskór
SPR08/115

Verð: **2.995 kr.-**



Stærðir: 24-35
■■■

Fully Slippers
SPRNP40FCR

Verð: **795 kr.-**



Stærðir: 36-41
■■■



Stærðir: 36-46
■■■

Útvistarskór á frábæru verði

Landhiker útvistarskór

SPRWP1521
Verð: **3.997 kr.-**

LLOYD

ecco®

ara
SHOES

PETER KAISER

S
SKECHERS
FOOTWEAR

VAGABOND

LOGO
59

adidas

PUMA

TjTj
Imac

PRIMIGI
Xtreme Sports
Bottesini

Frábærar vörur úr eftirtöldum verslunum:

Kaupfélagið
DÁLDIÐ FLOTTIR SKÓR...

ecco®

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KIRKJUN - SMÁRÁLIND

Valmiki

skór.is
KIRKJUN - SMÁRÁLIND
WWW.SKOR.IS

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
Outlet

> Christian Bale

Árið 1995 kom til greina að ráða Christian Bale í hlutverk loftfímlíkadrengsins Robin, sem var hjálparhella Leðurblökumannsins í kvikmyndinni Batman Forever. Hann fékk ekki hlutverkið þá heldur Chris O'Donnell. Tíu árum seinn fékk Bale aftur á móti hlutverk Leðurblökumannsins í kvikmyndinni Batman Begins. Sú mynd er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SÉR ÍSLENSKTÓNLISTARLÍF MEÐ AUGUM ANNARRA Skyggst inn í íslenskt tónlistarlíf

Það er alltaf gaman að fá að sjá Ísland með augum annarra – svona svipað og þegar maður sér túristana krossa sig og stynja af hrifningu yfir Almagnagjá, sem er svo auðvelt að gleyma að er í rauninni ansi hreint mikilfengleg. Sænska ríkissjónvarpið sýndi á dögunum heimildarþátt um íslenskt tónlistarlíf, íbúum þar í landi til uppfærslu og mér til ánægju, þar sem ég var einmitt stödd þar í landi.

Þátturinn, sem ber nafnið Musikbyrá, lofaði áhorfendum að kynna fyrir þeim eitthvað aðeins annað og meira en hina venjulegu heilögu þrenningu: Björk, Sigur Rós og múm. Það gerði hann líka, þar sem viðtölum við reynslubolta eins og Einar Örn Benediktsson var blandað saman við spjall við nýrri andlit á borð við Seabear, Rökkurró og Lay Low léku listir sínar og Valgeir Sigurðsson og Reykjavík! voru ekki heldur langt undan.

Þrátt fyrir að lofa því að skyggast lengra inn í reykviska tónlistarheiminn en oft áður varð umfjöllunin, eins og venjan er með slíka þætti, frekar yfirborðskennnd, enda segir það sig sjálf að þegar níu



bönd eru kynnt til leiks á hálf tíma er lítið pláss fyrir ítarefni. Enn fremur stóð ég sjálfa mig að því að stynja dálítið, þegar hinn hefðbundni svanasöngur hófst um hversu ótrúlegt það sé að hér sé svo mikil gróska í tónlistarlífi miðað við mannfjölda, að allir í þessu samfélagi þekki alla og séu helst í minnst sautján hljómsveitum. Ég veit að það þykir merkilegt, og átta mig á því að það er það svo sem, en mér finnst líka alveg mega tala um íslenskar menningarafurðir, sama hvort um ræðir tónlist, bækur, myndlist eða hvað það nú er, án þess að mannfjöldi þurfi endilega að koma því við. Bók er alveg

afnám góð óháð því hvort höfundurinn var fæddur á Kópaskeri eða í Caracas, og tónlist er jafn góð óháð því hvort hljómsveitarmedlimir búa í Reykjavík eða London. Fyrir mína parta mætti alveg búa til eins og einn heimildarþátt eða greinaflokk um eitthvað sem á rætur sínar að rekja til Íslands án þess að það þurfi endilega að vera myndskreytt með hraunbreiðum og hinu vanabundna skoti af Geysi, auk myndatexta um næturlíf Reykjavíkur.

EKKI MISSA AF



► **18.00 Skífulistinn**
STÖÐ 2 EXTRA



► **20.20 Hæðin, lokapáttur**
STÖÐ 2



► **20.30 The Office** SKJÁREINN



► **21.30 Trúður** SJÓNVARPIÐ



► **22.50 World's Strongest Man**
STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknáfréttir
17.30 Börnin í Mandarínuskólanum (1:3) (Börnene på Mandarinskolan)
18.00 Listahátíð í Reykjavík Bein útsending frá setningu hátíðarinnar í Listasafni Reykjavíkur.

18.30 EM 2008 (6:8) Upphitunarþáttur fyrir EM í fótbolta í Sviss og Austurríki, sem hefst 7. júní.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Skyndiréttir Nigellu (2:13) (Nigella Express) Nigella Lawson matreiðir gimnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.

20.45 Hvað um Brian? (4:5) (What About Brian?) Bandarísk þáttaröð.

► **21.30 Trúður** (4:10) (Klovn III) Dönsk gamanþáttaröð um uppstandarann Frank Hvam og líf hans.

22.00 Tíufréttir

22.25 Fé og freistingar (8:10) (Dirty Sexy Money) Bandarísk þáttaröð um lögmann auðugrar fjölskyldu í New York.

23.10 Draugasveitin (2:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. (e)

00.00 Íslandsmótið í fótbolta Sýnt frá leikjum í 2. umferð efstu deildar karla í fótbolta.

00.15 EM 2008 (6:8) (e)

00.45 Kastljós (e)

01.15 Dagskrárlök

BÍÓ

06.00 Batman Begins

08.15 Lotta flytur að heiman

10.00 Fun With Dick and Jane

12.00 I'm With Lucy

14.00 Lotta flytur að heiman

16.00 Fun With Dick and Jane

18.00 I'm With Lucy

20.00 Batman Begins Mynd um leðurblökumanninn frá 2005 sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og þegar hann varð að ofurhetju.

22.15 Damien: Omen II

00.00 Spartan

02.00 Take the Lead

04.00 Damien: Omen II

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.05 Oprah

08.45 Í finu formi

09.00 Bold and the Beautiful

09.20 La Fea Más Bella

10.05 Homefront

11.05 Standoff

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Wings of Love

13.55 Wings of Love

14.40 Amazing Race

15.25 Eldsnögg með Jóa Fel

15.55 Barnatími stöðvar 2

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag og íþróttir

19.30 The Simpsons

19.55 Friends

► **20.20 Hæðin** Í þessum lokapætti af Hæðinni er ekki úr vegi að rífa upp gang mála og hvernig þörin þrjú fóru að því að umbreyta húsunum þremur í Árakri í glæsilegar íbúðir. Sýnd verða atriði sem ekki rötudu í þættina.

21.10 The New Adventures of Old Christine Önnur þáttaröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juli Louis-Dreyfus úr Seinfeld. Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri Christine sem gamla Christine á í stöðugri samkeppni við.

21.35 Notes From the Underbelly Gamanþáttaröð um spaugilegu hliðarnar á bameignum.

22.00 Bones

22.45 ReGenesis

23.35 The Tesseract

01.10 The Battle of Shaker Heights

02.25 La Vie Nouvelle

04.05 Saved

04.50 Friends (e)

05.15 The Simpsons

05.40 Fréttir og Ísland í dag

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT

besta sætið

07.00 UEFA Cup

16.15 UEFA Cup

17.55 PGA Tour 2008

18.50 Inside the PGA

19.15 FA Cup - Preview Show 2008

19.45 Landsbankadeildin 2008 (FH - ÍA) Bein útsending frá leik FH og ÍA í Landsbankadeild karla.

22.00 Landsbankamörkin 2008

► **22.50 World's Strongest Man** Kraftajötnar reyna með sér í ýmsum þrautum. Það er ekki nóg að vera rammur að afli til að sigra í keppni sem þessari. Góð tækni og útsjónarsemi er líka undirstaða þess að vera í fremstu röð kraftajötna. Íslendingar eiga skemmtilegar minningar frá þessari árlegu keppni en bæði Jón Páll heitinn Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon hrósðu sigri margoft. Í þætti kveldsins er fjallað um keppnina árið 1984 en þá fór Jón Páll á kostum.

23.50 World Series of Poker 2007

00.40 Landsbankadeildin 2008 (FH - ÍA)

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Enska 1. deildin Hull - Watford. Útsending frá leik í umspili ensku 1. deildarinnar.

15.30 Enska úrvalsdeildin Birmingham - Blackburn. Útsending frá leik í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.

17.15 Enska 1. deildin Hull - Watford.

19.00 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd.

20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

20.30 EM 2008 Tyrkland - Tékkland. Liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt.

21.00 EM 2008 Upphitun Portugal - Sviss.

21.30 PL Classic Matches Bestu leikir úrvalsdeildarinnar. Liverpool - Newcastle, 96/97.

22.00 PL Classic Matches Nottingham Forest - Man. Utd, 98/99.

22.30 4 4 2

23.50 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.45 Vörutorg

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

18.30 Innlit / útlit (e)

19.30 Game tívi (18:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

20.00 Everybody Hates Chris (13:22) Bandarísk gamanseria þar sem Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris kemst að því að Tasha ætlar í flöskustúts-partí og reynir að komast í klíkuna svo hann fái að upplifa fyrsta kossinn.

► **20.30 The Office** (21:25) Bandarísk gamanseria. Endurkalla þarf stóra sendingu af pappír vegna dónaskaps starfsmanns í pappírverksmiðjunni. Michael heldur blaðamannafund í von um að stýra fjölmiðlaumfjölluninni.

21.00 Jekyll (2:6) Ný þáttaröð frá BBC þar sem klassísk saga um doktor Jekyll og herra Hyde er sett í nútímabúning. Hyde er farnir að færa sig upp á skaftið og Tom á í mestu vandræðum með að halda honum í skefjum. Skemmtiferð með synina í dýragarðinn tekur óvænta stefnu.

21.50 Law & Order: Criminal Intent (4:22) Bandarísk sakamálaseria þar sem fylgst er með stómálasveit lögreglunnar í New York. Slökkviliðsmaður er stunginn til bana. Logan og Wheeler rannsaka málið en nærgöngular spurningar þeirra vekja reiði annarra slökkviliðsmanna. Þau reyna að þúsla saman fortíð fórnarlambins og komast að því að kynhneigð hans kunni að hafa kostað hann lífið.

22.50 Jay Leno

23.40 America's Next Top Model (e)

00.30 Cane (e)

01.20 C.S.I.

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun



Ævintýraheimur
Begga og Pacasar
Gera allt fyrir ástina

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hvergi þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL 21.35

Notes from the Underbelly

Frá framleiðendum Two and a Half Men og Barry Sonnenfeld, leikstjóra Pushing Daisies-páttanna og bíómyndanna Get Shorty, Men in Black og Adams Family kemur ný gamanþáttaröð um spaugilegu hliðarnar á barneignum. Andrew og Lauren eru par og komin á það stig að velta fyrir sér hvort tími sé kominn til að fjölga mannkyninu. Vandinn reynist vera sá að þau geta ekki ákveðið sig og lítill hjálp er frá þeirra nánustu, enda skrautlegur hópur þar á ferð með ansi skiptar og á stundum undarlegar skoðanir á fjölskyldu og því sem gefur lífinu gildi. Þau láta síðan til skarar skrifa, stíga stóra skrefið og þá fyrst byrjar ballið. Hver sagði að barneignir væru barnaleikur?



VIÐ MÆLUM MED FH-ÍÁ

Stöð 2 Sport kl 19.45

FH-ingar fá Skagamenn í heimsókn í fyrsta heimaleik sínum í Landsbankadeild karla í sumar. Báðum liðum er spáð góðu gengi í ár og það má segja að þetta sé fyrsti stórleikur sumarsins því FH-ingum var spáð 2. sæti í árlegri spá forráðamanna, fyrirlíða og þjálfara á sama tíma og Skagamönnum var spáð 4. sætinu. FH-ingar unnu öruggan sigur á HK í fyrstu umferðinni á sama tíma og Skagamenn gerðu jafntefli við Blika en þegar liðin mætust í Kaplakrika í fyrra gerðu þau 1-1 jafntefli.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregni
- 06.50 Bæn
- 8.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.03 Útlarpssagan: Lesarinn
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupánótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Í tilefni dagsins
- 19.27 Sífoníutónleikar
- 22.00 Listahátíð í Reykjavík 2008
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Seinfeld
- 17.30 Talk Show With Spike Feresten
- 18.00 Skifulistinn X-Factor-stjarnan Rake! Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Seinfeld
- 20.30 Talk Show With Spike Feresten (gestur: Jordin Sparks) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum.

- 21.00 Skifulistinn
- 22.00 Grey's Anatomy (12:16) Fjórdá seríu þessa vinsælasta dramapáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.

- 22.45 Medium (8:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.

- 23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

- 20.00 Hrafnaping Ingví Hrafn Jónsson skoðar pólitískt landslag líðandi stundar ásamt heimastjórn stöðvarinnar.

- 21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.

- 21.30 Af lífi og sál Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spjallar við áhorfendur INN eins og honum einum er lagið.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Penge
- 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del
- 11.25 Fugle i natten 11.50 Hvad er det værd?
- 12.20 Verdens vildeste varvid 12.50 Nyheder på tegnsprog
- 13.00 DR Update - nyheder og vejr
- 13.10 Dawson's Creek 14.00 Boogie Lørdag 14.30 Bernard
- 14.35 Svampebob Firkant 15.00 Gepetto News
- 15.29 Fandango 16.00 Aftenshowet
- 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret
- 17.30 Rabatten 18.00 Hammerslag
- 18.30 Elsker dig for evigt? 19.00 TV Avisen 19.25 Ærlig talt
- 19.50 SportNyt 20.00 Et tårn af løfter
- 21.00 Anklaget 21.40 Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix
- 22.25 Naruto

NK1

- 7.30 Forbrukerinspektøren 7.55 Frokost-tv
- 10.00 NRK nyheter 10.10 Migrapolis: Folk i farta
- 10.40 Velferdsmysteriet 11.35 'Allo, 'Allo! 12.05 Landsbylegane
- 13.00 Giro d'Italia direkte: 6. etappe
- 15.25 Oddasat - Nyheter på samisk 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Bjørnen i det blå huset 16.25 Dykk Olli, dykk!
- 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen
- 17.30 Schrödingers katt 18.25 Redaksjon EN
- 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Höök
- 20.30 Omid Djallilí-show 21.00 Kveldsnytt
- 21.15 Unix 21.45 Spooks 22.35 P3tv live 23.35 Norsk på norsk jukeboks
- 1.00 Sport Jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Sista terminen 10.35 Lantz i P4
- 11.05 Váfan ármitt band? 12.35 Big Love 13.30 Morgonsoffan
- 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.05 Eurovision Countdown 2008
- 15.30 Karamelli 16.00 Bolibompa 16.20 Dagens visa
- 16.25 Simskola 16.30 Mamma Spindels alla små kryp
- 17.00 Bobster 17.15 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi
- 18.00 Niklas mat 18.30 Mitt i naturen
- 19.00 Brottet 20.00 Debatt 21.00 Rapport
- 21.10 Kulturmýheterna 21.25 Uppdrag Granskning
- 22.25 Sändningar från SVT24

„MEGUM EKKI VIÐ STOPPI“

„Ölgerðin starfar í afar hörðu samkeppnisumhverfi og við megum alls ekki við því að bílarnir okkar stoppi. Við reukum bílafloata upp á á annað hundruð bíla, sem spannar allt frá sölumanna- og sendibílum og upp í stærstu flutningabíla. Ef upp kemur tjón þá þurfum við að fá sambærilegan bíl undireins í staðinn. B&L Atvinnubílar eru með allar þær lausnir sem við þurfum. Reksturinn á bílafloatanum verður mun einfaldari og hagkvæmari með því að hafa öll okkar viðskipti hjá einum stórum aðila. Þeir sem staðið hafa í rekstri vita hversu mikilvægt er að hlutirnir standist. Við gerum kröfu um fyrsta flokks þjónustu og áreiðanlega og sparneytna bíla. Við getum hiklaust mælt með atvinnubíladeild B&L.“

Gunnlaugur Einar Briem
Vörustjóri Ölgerðarinnar

Ölgerðin
BÍLUMANNVERMI

ATVINNUBÍLAR B&L - TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRARADIR

B&L Atvinnubílar er elsta starfandi atvinnubíladeild landsins. Starfsmenn deildarinnar hafa áralanga reynslu af þjónustu við fyrirtæki. Forsvarsmenn fyrirtækja vita að þegar kemur að atvinnubílum þá skiptir stöðugleiki og þekking miklu máli. Að leggja mikla alúð og rækt við viðskiptasambönd og sýna sveigjanleika gagnvart aðstæðum fyrirtækjanna gerir gæfumuinninn. B&L er með afar lága starfsmannaveltu og er samkvæmt mælingum VR með ánægðustu starfsmennina af bílaumboðunum. Það skiptir líka máli að vera með réttu vörur. Sendibílar frá Renault hafa verið feikilega vinsælir hjá íslenskum atvinnurekendum og hafa reynst vel. Þegar við bætast öflugir framleiðendur eins og Hyundai og Irisbus þá er ekki skrytið að B&L hafi hlotið náð fyrir augum atvinnubílstjóra, allt frá leigubílstjórum að Strætó. **Lítið við hjá sérfræðingum okkar og fáið ráðgjöf og verðtilboð. Sama hvort fyrirtækið þitt er stórt eða lítið, þá er atvinnubíladeild B&L með hagkvæmstu lausnirnar.**



MORGUNMATURINN



„Ég borða yfirleitt hafragraut og það fer eftir skapi hvort ég set rúsinur út á, en um helgar er það oftast ristað braud eða beygla með rjómaosti og kóka-mjólk.“

Klara Ósk Elíasdóttir söngkona

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. bifa 6. hæð 8. efni 9. tækifæri 11. númer 12. tíðindi 14. rusl 16. ætíð 17. gerast 18. umhyggja 20. tveir 21. land í Asíu.

LÓÐRÉTT

1. helminguð 3. pot 4. máski 5. for 7. fiskur 10. sægur 13. loft 15. stefna 16. þörungur 19. nafnorð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. hálf, 3. orð, 4. kannski, 5. aur, 7. sardína, 10. ger, 13. gas, 15. leidd, 16. söl, 19. no. LÁRÉTT: 2. þoka, 6. ás, 8. tau, 9. lag, 11. nr, 12. fregr, 14. drasl, 16. sí, 17. ske, 18. önn, 20. íl, 21. laos.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Fjórir naglar.
- 2 31. maí.
- 3 Medemborg.

Loksins alvöru
Vespa
á Íslandi!

www.vespur.is
Saltfélaginu, Grandagarði 2

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fegurðardrottning verður flugumferðarstjóri

„Ég er búin með turnréttindin og ef allt gengur eftir klára ég aðflugsréttindin í júní,“ segir Sif Aradóttir, sem er yngsti starfandi flugumferðarstjóri landsins um þessar mundir. Sif er þó landsmönnum kunn af öðrum vettvangi því hún var kjörin ungfrú Ísland árið 2006. „Það var góð reynsla í reynslubankann en þessi heimur heillaði mig ekki. Ég vissi alveg hvað ég var að fara út í þegar ég tók þátt en mig langaði alltaf að starfa við eitthvað sem tengdist flugi,“ segir Sif, en eftir að hún útskrifaðist frá MH sótti hún um inngöngu í flugumferðarstjórnarnám og var ein af fjórum sem hlutu inngöngu. „Við þurfum að fara í mörg próf, bæði verkleg og sálfræðileg, enda mjög

ábyrgðarfullt starf,“ segir Sif og útskýrir að starfið krefjist þess að hún sé alltaf í góðu dagsformi.

Sif er í sambúð með Jóni Nordal Hafsteinssyni, en barneignir eru ekki á dagskránni að svo stöddu. „Ég stefni á að taka nokkra áfanga í viðskiptafræði við HÍ í haust, því það er alltaf gott að hafa eitthvað í bakhöndinni, en annars stefni ég á að vinna áfram í Keflavík. Starfið er mjög skemmtilegt, enda mikil umferð á Keflavíkurflugvelli og stórar vélar,“ segir Sif að lokum.

- ag

YNGSTI STARFANDI FLUGUMFERÐARSTJÓRINN Á ÍSLANDI Í DAG Sif var kjörin ungfrú Ísland 2006 og starfar nú á Keflavíkurflugvelli.



JÓN GNARR: LEIKUR GALILEO GALILEI Í NÝRRI AUGLÝSINGU

Hilmir Snær dæmir Jón Gnarr fyrir trúvillu og fávísi

Jón Gnarr leikur frumkvöðulinn Galileo Galilei í nýrri sjónvarpsauglýsingu Símans sem frumsýnd verður í kvöld. Þar verður Jón leiddur fyrir Rannsóknarréttinn í Róm þar sem Hilmir Snær Guðnason, í hlutverki heitruáðs dómara, dæmir hann fyrir trúvillu og fávísi. Meðal annarra íslenskra leikara sem gera aðsúg að Jóni er Þorsteinn Bachmann en hann þykir fara á kostum sem sanntrúaður og blóðheitur munkur við réttarhöldin. Jón Gnarr er höfundur auglýsingarinnar en leikstjórar hennar voru Gunni og Sammi. Tökur fóru fram í Portúgal.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sögulegir atburðir eru Jóni hugleiknir í auglýsingu en þjóðfélagið fór nánast á annan endann þegar hann notaðist við svik Júdasar þegar 3-G tækni fyrirtækisins var sett á markað. Þótt ekki sé víst að örlög Galileos eigi eftir að vekja upp jafn hörð viðbrögð og þá gætu trúbræður Jóns í kaþólsku kirkjunni haft eitthvað um þetta að segja.

Fréttablaðið rétt náði í skottið á grínistanum en hann var önnur kafinn við tökur á Dagvaktinni í Reykhólahreppi. „Jú, jú, þetta er rétt, hún verður frumsýnd í kvöld,“ staðfesti Jón. „Ég held mig í sögulegum aðstæðum,“ bætir hann við. Spænski rannsóknarrétturinn var notaður nokkuð oft af breska grínflokknum Monty Python en Jón segir auglýsingu ekki vera skírskotun í það. „Nei, maður verður nú að finna eitthvað nýtt,“ útskýrir Jón og var þar með rokinn af stað í tökur.

Galileo var kaþólsku kirkjunni þyrnir í augum enda taldi hann sig hafa sannað að jörðin snerist um sólina en ekki öfugt. Hann var á gamalsaldri leiddur fyrir Rannsóknarréttinn í Róm árið 1633 og dæmdur til langrar fangelsisvistar en sökum tengsla sinna við Úrban páfa áttunda fékk hann að vera í stofufangelsi hjá vini sínum í Síena. Galileo andaðist níu árum síðar en þá hafði honum tekist að klekkja á kaþólsku kirkjunni með því að gefa út rit sín í Hollandi.

freyrgjia@frettabladid.is



HEITRÚAÐUR DÓMARI Hilmir Snær réttar yfir Jóni Gnarr fyrir trúvillu í nýrri auglýsingu Símans fyrir 3G. Þorsteinn Bachmann leikur líka í auglýsingu.

FRÁ JESÚ TIL GALILEO Jón Gnarr leikur Galileo Galilei í nýrri auglýsingu. Skemmt er að minnst þess þegar hann lék Júdas í auglýsingu Símans sem byggð var á síðustu kvöldmáltíðinni. Jón er höfundur beggja auglýsinganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTIR AF FÓLKI



Fjölmíðlar hafa keppt við að segja af flutningum **Bubba Mortens** og hans heitelskuðu **Hrafnildar Hafsteinsdóttur** og þá ekki síður fyrir-

huguðu brúðkaupi þeirra tveggja. Enda um kóng og drottningu að ræða. Nú heyrast að þau séu farin að sækja dansskóla og dansæfingar stíft með það fyrir augum að æfa brúðarvalsinn sem vitanlega verður stígn þegar stóra stundin rennur upp.



Svo virðist sem nektin verði allsráðandi á umslagi nýjustu plötu **Jónsa** og félagi í **Sigur Rós** sem er væntanleg í næsta mánuði. Ef marka má myndbandsbrot á heimasíðu sveitarinnar þrýða ljósmyndir af nokkuð ungu fólki umslagið og má telja líklegt að upptækið eigi eftir að vekja mikið umtal. Sjálfir eru meðlimir Sigur Rósa þögglir sem gröfin og vilja hvorki tjá sig um umslagið né titil plötunnar.

Leikstjórnin **Rúnar Rúnarsson** frumsýnir stuttmynd sína Smáfluglar, eða 2 Birds, á kvikmyndahátíðinni í Cannes 24. maí, degi áður en hátíðinni lýkur. Myndin er tilnefnd til Gullpálmans og verður gaman að sjá hvort Rúnar ber sigur úr þýtum eftir að hafa orðið af sjálfum Óskarnum fyrir tveimur árum, þá fyrir myndina Síðasti bærinn. Rúnar ferðast ekki til Cannes fyrr en í næstu viku enda hefur hann ýmsum öðrum hnöppum að hneppa, eins og að mæta nýjan smóking sem framleiðslufyrirtækið Zik Zak hefur látið sauma á hann.

- jbg / fb

Stefán Karl og Steinunn eignast strák

Hjónakornin Stefán Karl Stefánsson og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir eignuðust heilbrigðan strák á laugardaginn. Hefur honum verið gefið nafnið Þorsteinn Stefánsson. Strákurinn fæðist inn í mikið kvennaveldi því hann á þrjár eldri systur: þær Bríeti Ólínu, Elínu og Júlíu sem kom í heiminn fyrir rúmu ári. Væntanlega er pabbinn því feginn að fá karlkyns-stuðningsmann á heimilið.

Stefán og Steinunn hafa búið í borginni San Diego í Kaliforníu um árabil þar sem leikarinn hefur verið að koma sér á framfæri í kvikmyndaheiminum. Steinunn hefur hins vegar setið við skriftir og sendi meðal annars frá sér skáldsögu í fylgd

með fullorðnum fyrir þremur árum. Stefán er auðvitað fyrir löngu orðinn „heimsfrægur“ sem Glanni glæpur eða Robby Rotten í Latabæjarþáttunum en hann talaði einnig inn á stórmyndina Night at the Museum. Þá liggur fyrir að hann bregði sér í hlutverk The Grinch á Broadway þegar fram líða stundir. Samkvæmt Facebook-síðu Steinunnar ríkir mikil gleði á heimilinu og hefur drengurinn verið kallaður Steini Stef.

HAMINGJUSAMIR FORELDRAR Steinunn Ólína og Stefán Karl eignuðust son á laugardaginn sem hefur verið skírður Þorsteinn Stefánsson.



OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

TJALDMARKAÐUR

Rýmum fyrir nýjum vörum

Barnafatnaður,
dömufatnaður og
herrafatnaður í
ótrúlegu úrvali.

Buxur í öllum stærðum
og gerðum og bolir.
Mikið úrval af stígvélum,
skóm, nærfatnaði og
sokkum!

**Aðeins tvö
Verð!**

99,-

499,-

**Nýtt
korta-
tímabil**

FAXAFENI 10

S. 534 4450



BAKPANKAR
Dr. Gunnar

Við vinnum Eurovision

Það lyftist brúin á mörgum þegar Eurobandið komst upp úr undankeppninni. Nei sko, hugsaði fólk. Eurovision-partíin voru fjölmenn úti um allan bæ á laugardegnum, enda í fyrsta sinn síðan 2004 sem við vorum með í aðalkeppninni. Iss, þetta er ömurleg keppni, sögðu allir en gláptu undir drep.

OKKAR fólk stóð sig vel og eftir tvo tíma af rjóma evrópskrar alþýðutónlistar hófst stigagjöfin. Við fengum tólf stig frá Finnum í fyrstu atrennu og svo fjölgaði stigunum látlaust. Sænska plastbomban Charlotte fylgdi þó fast á hæla okkar og á tímabili leit út fyrir að hún myndi vinna þetta. Landsmenn nóguðu neglur á sætisbrúnum þegar síðustu stigin frá Portúgal voru lesin upp. Sænska vélmennið fékk bara fimm stig... og bíddu við, Ísland douze pointe!


Í hverju húsi var gargað af fögnuði þegar Friðrik og Regina stigu aftur á svið í glimmerregni og tóku sigurlagið This Is My Life. Þjóðin söng með – loksins, loksins! – fjandmenn féllust í faðma, tárin flóðu. Seinna um kvöldið var miðbærinn útlítandi eins og þrjú gamlárskvöld hefðu runnið saman í eitt. Logar brunnu enn í gömlu Morgunblaðshöllinni undir morgun, fjórir verðir í klukkubúðum lágu illa haldnir á slysadeild og sjöhundruð voru sektaðir fyrir að míga á vegg. Viku síðar fékk löggan rafbyssur. Og tvo skriðdreka.

EKKI var talað um annað en sigurinn næstu vikurnar. Þjóðin var í skýjunum, allir nema karlinn í sjónvarpsbúðinni sem þurfti að gefa átta flatskjái. Svartnættið sem hafði hangið yfir þjóðarsálinni síðan kreppan kom um páskana gufaði snarlega upp.

SVAKALEG uppsveifla einkenndi sumarið. Fljótlega fóru húsbílar aftur að seljast og yfirflæðandi bílaplanið í Sundahöfn tæmdist. Krónan hækkaði og hækkaði, Elton John kom aftur og aftur og spilaði í afmælum auðkýfinga. Enginn minntist á evru og Evrópusamband. Bankarnir fengu sjálfstraust á ný, slógu lán í útlöndum og fóru að dæla út peningum. Allt varð æðislegt á ný.

GEIR Ólafsson keppti fyrir okkar hönd í Egilshöll 2009, en laut naumlega í gras fyrir fótalausú stúlku frá Aserbaídsjan. Það var samt einróma álit allra að aldrei hefði tekist eins vel upp við að halda Eurovisionkeppni.

EF þessi draumsýn klikkar má svo náttúrulega bara byggja enn eitt álverið.



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 15. maí,
137 dagar ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|-----------|-------------|--------|----------|
| Reykjavík | 4.12 | 13.24 | 22.38 |
| Akureyri | 3.37 | 13.09 | 22.43 |

Heimild: Almanak Háskólans



„Ekki sætta þig við neitt minna“

Ein af fjölmörgum ástæðum til að velja Vodafone er að við erum öflugasta farsímafélag í heimi.

„Þetta er ekkert flókið. Ef þú vilt fá almennilega þjónustu í útlöndum – í Danmörku og Ástralíu og Færeyjum og öllum þessum löndum, þá kemurðu bara til Vodafone. Við sjáum um þig.“

Við erum að tala um öflugasta farsímafélag í heimi. Ef það er ekki góð ástæða til að velja Vodafone, þá veit ég ekki hvað góð ástæða er.

Hringdu í 1414 og við græjum þetta saman í hveli.“

Lifðu núna

